**allt**

**GUÐRÚN GUÐBJÖRNSDÓTTIR**

*Á vakt á fæðingar-deildinni*

Jólin koma

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**KRISTJÁN, MARÍA OG JESÚS**

*Jólafjölskylda Íslands*

Er bara spænskukennari en ekki kraftaverkamaður

**FÓLK 62**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. desember 2005 — 349. tölublað — 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


### Kristni, dulspeki og talandi dýr



Breski rithöfundurinn C.S. Lewis og ævintýraheimurinn Narnía.

**SÍÐA 30**

### Jólin koma ekki til allra

Hvernig skyldi standa á því að stór hópur fólks, jafnvel fólk sem á allt til alls, kvíðir beinlínis jólunum, spyr Ellert B. Schram.

**UPP ÚR EINS MANNS HLJÓÐI 12**

### Sálusorgarar á jólum



Einmanakenndin verður aldrei sterkari en einmitt á jólanótt. Fréttablaðið lítur inn til þriggja presta sem allir þekkja vel til hlutskiptis þeirra sem eru fjarri ástvinum sínum þegar jólin ganga í garð.

**VIÐTAL 42**

### Fæ mér ábót



Knattspyrnukappinn Hermann Hreiðarsson, sem leikur með Charlton, ætlar að taka vel á jólamatnum þótt það sé spilað þétt á Englandi yfir hátíðirnar.

**ÍÞRÓTTIR 50**




**KETKRÓKUR Í KLIPPINGU** Fleiri freistingar bíða Ketkróks í bæjarferðunum en að næla sér í kjötlæri. Nútíma Ketkróki þykir það afar spennandi að koma við hjá Torfa Geirmundssyni rakara og láta hann taka sig í gegn enda eru krakkar farnir að gera mun meiri kröfur um að útlitið á þeim bræðrum sé í lagi. Eins og sjá má væsir ekki um sveinka í höndum Torfa. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## VEÐRIÐ Í DAG




**SUÐAUSTAN STREKKINGUR VÍÐA** vestanlands en mun hægari austanlands. Rigning sunnan- og vestanlands í dag en úrkomulítið annars. Hiti allt að 7 stig en frost í innsveitum og á Austurlandi fram undir kvöld.

**VEÐUR 4**




# Hungraðir Pólverjar áttu ekki jólamat

**Sex Pólverjar sem höfðu starfað hér á landi í þrjá mánuði og aðeins fengið nokkra þúsundkalla borgaða af og til áttu ekki fyrir jólamat. Alþýðusamband Íslands vinnur í að fá grunnlaun mannanna greidd.**

**VINNUMARKAÐUR** Sex Pólverjar leituðu til Alþýðusambands Íslands í fyrradag. Þeir höfðu starfað hér í þrjá mánuði og aldrei fengið full mánaðarlaun greidd, aðeins hafði verið rétt að þeim peningar af og til. Þeir áttu ekki fyrir jólamat.

Þeir vildu fá kjör sín leiðrétt, en þeir áttu inni laun fyrir október og nóvember að hluta og það sem af er desembermánuði.

„Þeir höfðu fengið eitthvað smotterí greitt, það hafði verið hent í þá þúsund köllum, fimm þúsund köllum og tíu þúsund köllum. Þeir áttu ekki einu sinni fyrir jólasteikinni,“ segir Sigurður Magnússon, starfsmaður átaksverkefnis ASÍ.

Pólverjarnir leituðu til Alþýðusambandsins síðdegis á fimmtudag og stóðu starfsmenn ASÍ í ströngu við að safna upplýsingum fram eftir degi í gær, hafa samband við vinnuveitandann og gera grunnlaunakröfu samkvæmt tímaskýrslum. Atvinnurekandinn, sem er úti á landi og fékk



**ERLENDIR VERKAMENN** Enn eitt dæmið er komið upp um að erlendir verkamenn séu hlunnfarnir. Myndin er úr safni.

Pólverjana sex upphaflega til landsins, hafði ráðið þá til undirverktaka sem síðan stóð ekki við launagreiðslur.

Upphaflegi vinnuveitandinn hafði atvinnuleyfi mannanna í sínum höndum og bar því ábyrgð á þeim. Hann hjó á hnútinn og greiddi mönnunum hluta af skuldinni svo þeir gætu sent peninga heim til Póllands og haldið jól.

Gengið verður frá málinu milli jóla og nýárs eða í byrjun næsta árs.

Mennirnir skiptu um húsnæði í gær að eigin ósk. Þeir bjuggu tveir í herbergi í heimahúsi á höfuðborgarsvæðinu og höfðu ekki aðstöðu til að elda mat eða halda jólin hátíðleg. „Okkur þótti rétt úr því mennirnir fengu ekki laun eða uppgjör sinna mála að þeir færu þaðan að eigin ósk,“ sagði Sigurður. **- ghs**

Stjórnarandstaðan:

## Vill að þing komi saman

**STJÓRNMÁL** Formenn stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi vilja að þing komi saman milli jóla og nýárs til að ræða nýgenginn úrskurð Kjaradóms. Bréf þess efnis var sent forsætisráðherra í gær.

Forsætisráðherra hefur boðað forsvarmenn aðila vinnumarkaðarins á sinn fund eftir jól til að ræða úrskurð dómsins. **- bþs**





## SPURNING DAGSINS

*Kertasníkir, gekk vel að gefa í skóinn í nótt?*

Já já, alveg ljómandi vel. Langflest börnin voru góð og hlýðin í gær svo þetta var afskaplega skemmtilegt. Gleðileg jól, börnin mín.

Kertasníkir kom til byggða í nótt.

Ekki þarf að gera sérstakar ráðstafanir á bráðadeild fyrir jólin:

# Jóladagur er oft erfiðastur

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki þarf að gera sérstakar ráðstafanir þrátt fyrir annríki á bráðamóttöku Landspítala-háskólasjúkrahúss fyrir jólin að sögn Gyðu Baldursdóttur deildarstjóra.

„Desember er annasamur mánuður en hvort það er fylgifiskur jólahalds get ég ekki sagt til um,“ segir Gyða, sem segir hátíðisdaga á borð við jóladag og nýársdag þó oft erfiða. „Við verðum vör við aukið álag þegar hjartasjúklingar borða mat sem ekki er hollur fyrir þá, svo sem hamborgarhrygg og hangikjöt.“ Hún telur þó ekki þörf á að grípa til sérstakra aðgerða vegna þessa en vaktir séu þó vel mannaðar. Gyða segist ekki verða vör við að streita í aðdraganda jólanna leiði til hjartasjúkdóma. Þvert á móti sé þetta ánægjulegur tími á sjúkrahúsinu. „Ég verð vör við mikla gleði og eftirvæntingu hjá fólki,“ segir Gyða. „Hins vegar er auðvitað alltaf dapurlegt þegar fólk veikist alvarlega rétt fyrir jól.“ **- ht**



**STARFSMENN BRÁÐAMÓTTÖKUNNAR** Álagið eykst þegar hjartasjúklingar borða mat sem ekki er hollur fyrir þá, en ekki þarf að grípa til sérstakra aðgerða þess vegna.

Afhenti trúnaðarbréf hjá ESB:

## Lýsti vonbrigðum vegna síldveiða

**UTANRÍKISMÁL** Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra kom á framfæri vonbrigðum stjórnvalda með samning um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum um leið og hann afhenti José Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra síðasta þriðjudag.

Stefán Haukur og Barroso ræddu almennt um samskipti Íslands og ESB, þar með talinn hinn nýgerða tvíhliða samning. Stefán lýsti vonbrigðum stjórnvalda með að Evrópusambandið og Noregur hafi horfið frá frekari tilraunum til að ná strandríkjasamkomulagi um veiðarnar. **- óká**



**VATN BORIÐ HEIM** Íbúar rússnesku borgarinnar Khabarovsk ná í vatn í menguðu ána.

Mengun barst í ána Amur:

## Mega drekka mengað vatn

**KHABAROVSK, AP** Íbúar borgarinnar Khabarovsk í austurhluta Rússlands hafa verið fullvissaðir um að vatnið í borginni sé öruggt til drykkjar.

Sprenging í efnaverksmiðju í norðausturhluta Kína varð til þess að mengun barst út í ána Amur, sem einnig rennur í gegnum Khabarovsk. Íbúum var í upphafi ráðlagt frá því að drekka vatnið, en nú hafa embættismenn lýst yfir að drekka megi vatnið án vandkvæða.

Kínversk stjórnvöld hafa beðist afsökunar á atvikinu. ■

Útgáfa Fréttablaðsins:

## Kemur næst út á þriðjudag

Fréttablaðið kemur næst út þriðjudaginn 27. desember. Afgreiðsla blaðsins er lokuð í dag og á morgun, jóladag. Smáauglýsingadeildin er lokuð á öðrum degi jóla, en verður opnuð aftur á þriðjudaginn klukkan átta. ■

# Skjóta friðaða fugla og stela eggjum

**Í Þingeyjarsýslu hafa friðaðir fuglar verið drepnir, jafnvel að tilefnislausu. Egg friðaðra fugla hafa verið tekin úr hreiðrum með þeim afleiðingum að þeir hafa ekki komið upp ungum. Hnúðsvanur var skotinn og skilinn eftir á víðavangi.**

**FUGLAVERND** Ólafur Karl Nielsen, hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, segir að hnúðsvanur hafi verið skotinn í Kelduhverfi í Norður-Þingeyjarsýslu í fyrra. Svanurinn var sá þriðji eða fjórði sem hefur sést hér við land. Fuglinn hafði vanið komur sínar á svæðið um nokkurra ára skeið, að sögn Ólafs Karls. Svanurinn fannst dauður á víðavangi með sundurtættan væng og bringu eftir haglabyssuskot.

Í haust fann lögreglan á Húsavík dauða fálka, smyrla og uglur í frystikistu. Kistan fannst við eftirlit í atvinnuhúsnæði meindýraeyðis. Húseigandinn, sem hvorki hefur verið staðfest að hafi átt fuglana né drepið þá að sögn lögreglu, hefur haldið því fram samkvæmt heimildum blaðsins, að hann hafi fundið kistuna á ruslahaugi og fuglarnir hafi verið í kistunni.

Fuglar eru oftast frystir áður en þeir eru uppstoppaðir. Kunnáttumenn, sem Fréttablaðið hafði samband við, sögðust ekki hafa orðið varir við að friðaðir fuglar væru til sölu á Íslandi til uppstoppunnar, en þó komi það fyrir. Þeir sögðu uppstoppara ekki taka við hræjum friðaðra fugla enda sé það ólöglegt.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur hræin til rannsóknar. Ljóst er að fálkarnir og uglurnar höfðu verið skotin en smyrlarnir höfðu drepist með öðrum hætti.

Viðmælendur blaðsins segja nokkur dæmi þess að fálkar, uglur og aðrir friðaðir fuglar í Þingeyjarsýslu séu skotnir án þess að þeir sem það geri hirði hræin. Þá hefur eggjum friðaðra fugla verið stolið úr hreiðrum, þar á meðal himbrimaeggjum. Hreiðrið var skammt frá Húsavík og eggjaþjófnaðurinn olli meðal annars því að fuglinn kom ekki upp ungum við eitt sæból sumarið 2004. Himbriminn er afar sjaldgæfur, hann er friðaður og er Ísland eina land Evrópu þar sem hann sést. Himbrimaegg eru, samkvæmt heimildum blaðsins, mjög eftirsótt hjá eggjasöfnurum.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að byssusafnið, sem fannst á Vatnsleysuströnd á dögunum, hafi verið í eigu þess sama og átti frystikistuna á Húsavík.

Fálkinn, sem sleppt var í vikunni á Húsavík eftir aðhlynningu í Húsdýragarðinum, fannst með sundurskotinn væng á sama svæði nú í nóvember.

Sigurður Brynjólfsson, varðstjóri í lögreglunni á Húsavík, segir að embættinu hafi ekki borist tilkynningar um það sem heimildarmenn blaðsins segja, en hvetur alla sem hafa vitneskju um mál af þessu tagi að hafa samband við lögregluna. **aegir@frettabladid.is**



**ÍSLENSKUR FÁLKI** Mörg dæmi eru um að veiðimenn virði ekki friðun fugla.



**MÁLIN KYNNT** Rumsfeld ræddi stöðu og horfur í Írak ásamt George Casey, yfirmanni herafla Bandaríkjanna í landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjaher í Írak:

## Brottflutningur á næsta ári

**ÍRAK** George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur fallist á það að hermönnum verði fækkað í Írak á næsta ári.

Þetta sagði Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, þegar hann ávarpaði hermenn í Fallujah í Írak í gær. Hann tilgreindi þó ekki nákvæmlega hversu margir hermenn yrðu kallaðir heim en sagði að fækkað yrði um að minnsta kosti tvö stórfylki á árinu, en í því eru um fjögur til fimm þúsund hermenn.

Um 138 þúsund bandarískir hermenn hafa verið í Írak mestan hluta ársins. ■

Ólympíuleikarnir 2012:

## Lundúnir voru óvart valdar

**ÓLYMPÍULEIKAR** Alex Gilady, félagi í Alþjóðaólympíunefndinni, upplýsti í viðtali við BBC að fyrir mistök greiddi ónafngreindur nefndarmaður París atkvæði sitt í stað Madrídar þegar staðsetning Ólympíuleikanna 2012 var ákveðin í sumar.

Kosið var á milli Lundúna og Parísar í síðari umferð kjörsins í sumar og lyktaði það með sigri fyrrnefndu borgarinnar. Einu atkvæði munaði á Madríd og París í fyrri umferðinni og segir Gilady öruggt að Madríd hefði sigrað hefði viðkomandi valið á hennar og Lundúna þar sem Parísarfylgið hefði fallið nánast allt til hennar. ■



**FÖGNUÐUR Á TRAFALGAR TORGI** Lundúnabúar glöddust ákaft þegar tilkynnt var um valið í sumar. Ólympíuleikar fóru síðast fram í borginni árið 1948. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## BRETLAND

**Ákærður fyrir hryðjuverk** 23 ára karlmaður hefur verið ákærður fyrir aðild að tilraun til hryðjuverka í Lundúnum 21. júlí í sumar. Maðurinn var handtekinn á Gatwick-flugvelli á þriðjudaginn er hann kom frá Addis Ababa í Eþíópíu. Tíu aðrir hafa verið ákærðir í tengslum við málið sem verður tekið fyrir í september.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

Flugumferðarstjórar óánægðir með nýtt vaktafyrirkomulag:

# Mæti sextíu dögum oftar á ári

**KJARAMÁL** Flugumferðarstjórar í flugturni og flugumferðarmiðstöð á Reykjavíkurflugvelli eru óánægðir og reiðir vegna nýs vaktafyrirkomulags sem taka á gildi á nýju ári. Þeir telja brotið á rétti sínum því ekkert samráð hafi verið haft við þá áður en breytingarnar voru kynntar. Starfsmenn segja þær ekki gerðar í hagræðingarskyni. Launin breytist ekki. Hins vegar mæti þeir um fimm sinnum oftar í vinnuna á mánuði. Sextíu sinnum oftar á ári.

Hlín Hólm, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, segir ákvörðun framkvæmdastjóra flugumferðarsviðs um nýja fyrirkomulagið ekki standast kjarasamninga. Stjórnin íhugi því að fara með málið fyrir Félagsdóm. Málið sé skoðað í samráði við lögfræðing.

Hlín segir flugumferðarstjóra horfa til aðgerða hjúkrunarfræðinga á blóðskilunardeild Landspítalans. „Þær voru að hugsa um að segja upp vegna vaktabreytinga.“ Hún geti þó ekki sagt til um hvort eins verði með flugumferðarstjóra. „Svona róttækar vaktabreytingar hafa gífurleg áhrif á líf fólks; vinnu, fjölskyldu- og einkalíf.“

Hlín segir aðspurð að hún heyri að fólk sjái fyrir sér að veikindadögum fjölgi komi til þess að vöktum fjölgi. „Gerðar eru mjög strangar heilbrigðiskröfur til okkar. Flugumferðarstjórar mega ekki mæta í vinnuna með hausverk eða illa sofnir. Ef við skoðum málið í því samhengi má búast við fleiri veikindadögum. Það er hins vegar ekki eitthvað sem stjórnin mun standa fyrir.“ Ásgeir Pálsson, framkvæmdastjóri flugumferðarsviðs hjá Flugmálastjórn gat ekki tjáð sig um málið vegna veikinda. **- gag**



**FLUGUMFERÐARSTJÓRAR VIÐ VINNU** Vaktabreytingarnar á nýju ári eru ekki í samráði við starfsmenn og í óþökk þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

www.toyota.is



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30514 12/2005

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Starfsfólk Toyota

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fossnesi 14
SELFOSS
Sími: 480-8000

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 23.12.2005

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,49 | 63,79 |
| Sterlingspund | 110,26 | 110,8 |
| Evra | 75,36 | 75,78 |
| Dönsk króna | 10,101 | 10,161 |
| Norsk króna | 9,356 | 9,412 |
| Sænsk króna | 7,974 | 8,02 |
| Japanskt jen | 0,5444 | 0,5476 |
| SDR | 90,98 | 91,52 |

*Gengisvísitala krónunnar*
106,0225

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sameinuðu þjóðirnar neita að rannsaka ásakanir um kosningasvik í írösku kosningunum:

# Tugþúsundir mótmæltu kosningunum

**BAGDAD, AP** Fjölmenn mótmæli brutust út víða um Írak í gær vegna óánægju með þingkosningarnar í landinu fyrir rúmri viku. Lögmaður Saddams Hussein kveðst hafa séð áverka á líkama einræðisherrans fyrrverandi.

Flokkum heittrúaðra sjía vegnaði mjög vel í kosningunum 15. desember og telja súnníar og veraldlega þenkjandi sjíar að brögð hafi verið í tafli. Fyrr í vikunni hótuðu þeir að sniðganga hið nýkjörna þing ef ekki færi fram óháð rannsókn á framkvæmd kjörfundarins. Í gær sagði Robert Sullivan, einn talsmanna Sameinuðu þjóðanna, að samtökin myndu ekki ráðast í slíkt verk.

Í fátækrahverfum Suður-Bagdads komu tugþúsundir manna saman til að lýsa frati á kosningarnar: „Við höfnum þeim svikum og prettum sem höfð voru í frammi í kosningunum,“ stóð á einum mótmælaborðanna. Einnig mótmæltu nokkur þúsund manns í Mosul og Tikrit, heimaborg Saddams Hussein.

Khalil al-Dulaimi, lögmaður Saddams, kvaðst í gær hafa séð áverka á líkama hans sem bentu til að hann hefði sætt barsmíðum. Hefur al-Dulaimi komið formlegri kvörtun til réttarins vegna þessa. **- shg**



**FÓLKSFJÖLDI Í BAGDAD** Fjölmennir þjóðfélagshópar telja að á sér hafi verið brotið í þingkosningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ALLIR VILDU KJÓSA** Kongómenn hafa ekki fengið að kjósa í 35 ár og því ríkti mikil eftirvænting á kjörstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Kongó:

## Stjórnarskráin var samþykkt

**AUSTUR-KONGÓ, AP** Þegar þriðjungur atkvæða hafði verið talinn eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna í Austur-Kongó virtist allt benda til að fjórir af hverjum fimm Kongómanna hefðu veitt plagginu samþykki sitt.

Atkvæði voru greidd á sunnudag og mánudag en þetta eru fyrstu kosningar í landinu síðan 1970 þegar Mobutu Sese Seko var einn um hituna í forsetakosningum. Af þeim sökum er hún talin gegna lykilhlutverki í friðarferli landsins.

Verði stjórnarskráin samþykkt fá héruð sem auðug eru af góðmálmum aukið sjálfstæði. ■

### BELGÍA

**Líkið var af ráðherra** Lík sem fannst í síki í Brussel fyrir viku er af Juvenal Uwilingmana, fyrrverandi ráðherra í Rúanda. Alþjóðlegur glæpadómstóll Sameinuðu þjóðanna vegna Rúanda ákærði í sumar ráðherrann fyrir þjóðarmorð árið 1994 en hann var þá yfirmaður þjóðgarða í landinu.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ók of hratt með eiturlyfin** Tæp fjögur grömm af marijúana fundust í bíl manns sem lögreglan í Keflavík stöðvaði fyrir of hraðan akstur á aðfaranótt miðvikudags. Við leit á manninum sjálfum fannst um eitt gramm af kókaíni. framhaldinu var gerð húsleit heima hjá manninum, en þar fundust munir tengdir sölu og neyslu fíkniefna. Eftir yfirheyrslu var maðurinn látinn laus.

# Falsaði niðurstöður rannsókna sinna

**Nefnd við Háskóla Suður-Kóreu hefur komist að þeirri niðurstöðu að einn virtasti vísindamaður landsins hafi falsað niðurstöður stofnfrumurannsókna. Vafi leikur á því hvort aðrar heimsfrægar uppgötvanir hans eiga við rök að styðjast.**

**SEÚL, AP** Einn virtasti vísindamaður Suður-Kóreu, Hwan Woo-suk, sagði í gær af sér sem prófessor við Háskóla Suður-Kóreu. Nefnd á vegum skólans komst fyrr um daginn að þeirri niðurstöðu að Hwan hefði falsað niðurstöður stofnfrumurannsókna sem gefið höfðu vonir um lækningu við illviðráðanlegum sjúkdómum.

„Ég biðst innilegrar afsökunar á að valda fjölda fólks áfalli og miklum vonbrigðum,“ sagði Hwan er hann yfirgaf skrifstofu sína í gær.

Nefndin, sem samanstóð af hópi sérfræðinga við skólann, komst snemma í gærdag að þeirri niðurstöðu að Hwan hefði falsað niðurstöður í að minnsta kosti níu af ellefu stofnfrumulínum sem hann kvaðst hafa búið til.

Nefndin tók jafnframt ákvörðun um að fara gaumgæfilega yfir niðurstöður annarra rannsókna Hwans, en þær stærstu gefa til kynna að hann hafi orðið fyrstur til þess að klóna mannsfóstur og nú síðast hund. Skuggi hefur einnig fallið á þær niðurstöður og sérfræðingar hafa haft uppi efasemdir um að Hwan hafi raunverulega klónað hund.

„Fræðasamfélaginu þótti merkilegt að tekist hefði að klóna hund, og hundurinn var auk þess afskaplega yndislegur,“ sagði ástralskur prófessor í gær. „Hins vegar hef ég ekki lengur trú á því að þetta hafi í raun verið klónaður hundur.“

Sérfræðinganefndin sakaði Hwan um að grafa undan fræðasamfélaginu með svikum sínum, og kvað ómögulegt að einfaldlega hefði verið um mistök að ræða. „Við getum ómögulega annað séð en að rangfærslurnar hafi orðið til með vitund og vilja Hwans,“ segir í áliti nefndarinnar.

Suður-kóresk stjórnvöld lýstu því yfir að vel gæti farið svo að fjárframlög til rannsókna Hwans yrðu slegin af. Andvirði rúmlega tveggja og hálfs milljarðs íslenskra króna hafa runnið til rannsókna Hwans síðan árið 1998 en ráðuneyti vísinda- og tæknimála játaði í gær mistök við úrvinnslu styrkbeiðna Hwans.

Staða Hwans verður nú endurskoðuð og heiðursnafnbót hans hugsanlega dregin til baka. Stjórnvöld sögðust þó opin fyrir því að styðja við aðrar svipaðar rannsóknir. **helgat@frettabladid.is**



**STÚDENTARNIR KVADDIR** Vísindamaðurinn Hwan Woo-suk yfirgefur Háskólann í Suður-Kóreu eftir afsögn sína sem prófessor við skólann. Hwan er sagður hafa falsað niðurstöður rannsókna á stofnfrumum.

Laun embættismanna:

## Flosi einn gegn öllum

**KJARAMÁL** Tillögu Flosa Eríkssonar, bæjarfulltrúa í Kópavogi, um að launahækkanir kjaradóms hefðu áhrif á laun bæjarfulltrúa þar í bæ var frestað á fundi bæjarráðs í gær.

Tillöguna lagði Flosi fram í framhaldi af nýgengnum kjaradómi um hækkun launa æðstu embættismanna.

Í tillögunni kom líka fram að laun bæjarfulltrúa yrðu óbreytt frá því sem nú er út árið 2006. Aðrir bæjarráðsfulltrúar treystu sér ekki til að taka afstöðu til tillögunnar og var henni frestað til fundar bæjarráðs í næstu viku. **- sk**



**FLOSI EIRÍKSSON** Flosi vill ekki að launahækkanir Kjaradóms nái til bæjarfulltrúa Kópavogs.

Ölvunarakstur á Suðurlandi:

## Þrjú dæmd til fangelsisvistar

**DÓMSMÁL** Tveir menn og ein kona voru í Héraðsdómi Suðurlands á miðvikudag dæmd í mánaðarfangelsi og svipt ökuréttindum ævilangt vegna ölvunaraksturs á Suðurlandi í sumar og haust.

Í öllum tilvikum var um að ræða ítrekuð brot á umferðarlögum. Konan, 37 ára, hefur einnig á bakinu dóma fyrir þjófnað. Hún var tekin full í bíl skammt austan við Ölfusborgir.

Í miðið er 28 ára maður sem gripinn var til móts við Alviðru. Honum var líka gerð 60.000 króna sekt. Sá yngsti, tvítugur, var gripinn við gatnamót Þjórsárdalsvegar og Skeiða- og Hrunamannavegar. Auk þess að vera undir áhrifum ók hann yfir hámarkshraða. Hann var einnig sektaður um 20.000 krónur. **- óká**




## VEÐURSPÁ



Guðríður Arnardóttir
Náttúrufræðingur

**Hlýnar!**
Það er að hlýna, fyrst vestanlands og svo fyrir austan. Það verður viðvarandi úrkoma sunnan- og vestanlands í dag og bætir heldur í til morguns. Það verður víða strekkingur eða allhvasst í dag og jafnvel hvassviðri um tíma í nótt og í fyrramálið. Austanlands verður vindur skaplegur og úrkomulítið.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Rigning og nokkur vindur. Hvessir í kvöld og í nótt. Hiti 5 stig.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C skýjað | París | 5°C sk.m.köflum | Alicante | 16°C heiðskírt |
| Osló | -2°C sk.m.köflum | Berlín | 8°C skýjað | Mílano | 12°C sk.m.köflum |
| Stokkhólmur | 4°C sk.m.köflum | Frankfurt | 7°C skýjað | New York | 10°C léttskýjað |
| Helsinki | 0°C léttskýjað | Madríd | 7°C heiðskírt | San Francisco | 15°C léttskýjað |
| London | 9°C léttskýjað | Barcelona | 10°C sk.m.köflum | Orlando/Flórída | 22°C heiðskírt |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



*Gleðileg hvít jól*

MJÓLKURVÖRUR
Í SÉRFLOKKI

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



## KJÖRKASSI

*Eyðir þú meira en 50 þúsund krónum í jólagjafir?*

| | |
|---|---|
| Já | 40% |
| Nei | 60% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu með meira en kvartmilljón í yfirdrátt?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Erlendir starfsmenn á byggingasvæðum um allt land:

# Farnir heim til sín í jólafrí

**VINNUMARKAÐUR** Erlendir starfsmenn hafa fjölmennt úr landi fyrir jólin. Vinna mun því að mestu leyti liggja niðri á framkvæmda- og byggingasvæðum um allt land fram yfir áramót, sérstaklega þó á höfuðborgarsvæðinu og við Kárahnjúka.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar í Hafnarfirði, segir að hátt í hundrað erlendir starfsmenn á sínu félagssvæði hafi átt flug til útlanda 16. til 20. desember og Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segist hafa heyrt að töluvert margir hafi farið úr landi. „Við erum komnir í jólaskapið og ætlum að taka því rólega fram yfir áramót,“ segir hann.

Pólverjar, Þjóðverjar og Danir eru fjölmennir hjá Ístaki og segir Loftur Árnason framkvæmdastjóri að málið sé einfalt, fyrirtækið standi ekki fyrir neinum „jólatrésskemmtunum“ um jólin því útlendingarnir séu flest allir að hverfa brott.

„Vinnan hefur verið skipulögð þannig að það fara allir í jólafrí. Þetta eru karlar sem hafa verið lengi að heiman. Þeir eru frelsinu fegnir og vilja gjarnan hitta fjölskylduna. Þeir koma aftur fyrstu dagana í janúar og þá hefst vinna á ný,“ segir hann. **- ghs**



**ERLENDIR VERKAMENN** Útlendingarnir sem fjölmenna heim um jólin eru frelsinu fegnir, segir forstjóri Ístaks, um útlendingana sem fjölmenna heim til sín um jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tilkynnt var um þrjá þjófnaði:

## Einn gripinn við innbrot

**LÖGREGLA** Brotist var inn í Borgarholtsskóla, hús í byggingu og inn á heimili í gær.

Snemma morguns barst tilkynning um innbrot í hús í austurbænum, sem verið er að gera upp, og fjölda rafmagnsverkfæra stolið. Stuttu síðar var tilkynnt um þjófnað í Borgarholtsskóla þar sem skjám, tölvum og öðrum raftækjum var stolið. Farið var inn um ólæsta hurð. Á sama tíma var brotist inn í hús í miðbænum.

Húsráðendur komu að þjófunum. Þeir voru enn á staðnum þegar lögreglan mætti. Annar þeirra náðist en hinn komst undan á hlaupum. Allt þýfi var þó endurheimt. **- dac**

Húsleit á Suðurnesjum:

## Stolin skotvopn og fíkniefni

**LÖGREGLA** Lögreglan í Keflavík og á Húsavík stóð fyrir umfangsmikilli húsleit í atvinnuhúsnæði á Vatnsleysuströnd og í fimm íbúðarhúsum í Vogum og Njarðvík í fyrrakvöld. Fimm voru handteknir. Aðgerðin var liður í rannsókn á stórfelldum skotvopnaþjófnaði sem átti sér stað í nóvemberlok á Húsavík og fundust stolnu vopnin við leitina.

Í aðgerðinni fundust einnig fimmtíu grömm af amfetamíni, tíu grömm af hassi og 62 kannabisplöntur.

Tuttugu lögreglumenn tóku þátt í aðgerðinni þar á meðal nokkrir sérsveitarmenn frá Ríkislögreglustjóra. **- æþe**





**ARNA ÖSP OG ÓLAFUR PÁLL MEÐ LÖGMÖNNUM SÍNUM** Dæmt var í skyrslettumálinu svokallaða í lok október. Fólkið var dæmt fyrir stórfelld eignaspjöll. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Umhverfissinnar áfrýja skyrslettudómi

**Líklegt er að fangelsisdómi yfir fólki sem sletti grænu skyri á gesti álráðstefnu í sumar verði áfrýjað til Hæstaréttar. Breti var áður dæmdur fyrir sama brot. Fólkið var að mótmæla meintum umhverfisglæpum álfyrirtækja.**

**DÓMSMÁL** Ólafur Páll Sigurðsson, sem ásamt Örnu Ösp Magnúsardóttur hefur verið dæmdur fyrir að sletta grænlituðu skyri á ráðstefnugesti á Hótel Nordica í sumar, segir líklegt að dómnum verði áfrýjað. „Frestur til þess er ekki liðinn þar sem enn á eftir að birta okkur dóminn,“ segir hann.

Dómurinn var kveðinn upp 31. október í Héraðsdómi Reykjavíkur, en frá því að dómar eru birti hefur fólk þrjár vikur til að áfrýja. Hvorki Ólafur Páll né Arna Ösp voru viðstödd uppkvaðninguna og því þarf stefnuvottur að birta þeim dóminn.

Ólafur Páll og Arna Ösp fengu samhljóðandi tveggja mánaða fangelsisdóm, sem hjá báðum var skilorðsbundinn í tvö ár. Þá var þeim gert að greiða hótelinu þar sem ráðstefnan var haldin 362.245 krónur í bætur og svo málsvarnarlaun sem samtals nema tæpum 600 þúsund krónum hjá báðum.

Bretinn Paul Geoffrey Gill var líkt og Ólafur Páll og Arna dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir aðild sína, en sá dómur gekk í byrjun júlí. Miklu munar þó bótakröfum í máli hans og máli þeirra. Í báðum málum var ákært fyrir stórfelld eignaspjöll, en í máli Pauls voru skemmdir metnar á tæpar 2,9 milljónir króna. Bótakröfum var þó vísað frá í máli hans þar sem hann játaði brot sitt greiðlega, en efaðist um bótakröfuna. Í slíkum tilvikum eru bótakröfur ekki látnar tefja dómsuppkvaðningu.

Þegar málarekstur á hendur Ólafi Páli og Örnu hófst kom hins vegar í ljós að skemmdir af völdu skyrslettnanna höfðu verið stórlega ofmetnar og hlutir sem áður voru sagðir ónýtir reyndust bara þurfa á hreinsun að halda. „Við ákvörðun refsingar ákærðu er litið til þess að brot þeirra voru framin af eindregnum ásetningi og bera gögn málsins og framburður þeirra fyrir dómi með sér að aðgerðin var fyrir fram skipulögð,“ segir í dómnum sem Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari kvað upp. Með því að sprauta grænu skyri á álráðstefnunni vildi fólkið mótmæla meintum umhverfisglæpum álfyrirtækja víða um heim og vekja athygli á þeim. **olikr@frettabladid.is**

Dagur víki úr borgarstjórn:

## Ekki lengur fulltrúi óháðra

**STJÓRNMÁL** Félag ungra framsóknarmanna í Reykjavík krefst þess að Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Reykjavíkurlistans, víki sæti í borgarstjórn nú þegar hann hefur gengið til liðs við Samfylkinguna. „Okkur finnst þetta ósanngjarnt gagnvart óháðum kjósendum R-listans, sem Dagur er fulltrúi fyrir,“ segir Matthías Imsland, formaður félagsins.

Dagur B. Eggertsson segist verða að finna kröftum sínum nýjan farveg eins og aðrir þegar R-listinn sé allur: „Það skilja flestir, nema menn telji að ég ætti að bíða í fjögur ár sem mér finnst nú ekki beinlínis sanngjarnt.“ **- jh**



**DAGUR B. EGGERTSSON** „Ekki sanngjarnt að ég bíði fjögur ár þegar R-listinn er allur.“



**MATTHÍAS IMSLAND** „Þetta er siðferðisleg spurning gagnvart óháðum kjósendum R-listans.“



**ÍSAFJÖRÐUR** Sjúkraflugi verður þar enn um sinn.

Sjúkraflug frá Ísafirði:

## Vélin verður til taks fram í maí

**HEILBRIGÐISMÁL** Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að fresta fyrirhuguðum flutningi á sjúkraflugi frá Ísafirði til 1. maí. Ný vél Mýflugs berst ekki fyrr en um það leyti og því telur ráðherrann að ekki sé hættandi á að hafa enga vél tiltæka á Ísafirði yfir vetrartímann.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðar, segir þetta gríðarlega mikilvæga ákvörðun fyrir bæjarfélagið því að á veturna komi oft fyrir að vélar geti ekki lent vegna veðurs, en þó geta vélar yfirleitt komist þaðan. Það geti því skipt sköpum að vél sé tiltæk í neyðartilfellum á svæðinu. **- æþe**



**LESTARSAMGÖNGUR Í NEW YORK** Allt komið í samt lag eftir þriggja daga verkfall.

Verkfallinu í New York aflýst:

## Samgöngur komnar í gang

**NEW YORK, AP** Lestir og strætisvagnar New York borgar gengu samkvæmt áætlun í gær eftir að starfsmenn samgöngukerfa hennar aflýstu þriggja daga löngu verkfalli sem setti borgarlífið algerlega úr skorðum.

Kjarasamningur er ekki ennþá í höfn og því útiloka stéttarfélögin ekki að til verkfallsvopnsins verði gripið á ný.

Borgarbúar voru að vonum ánægðir að geta komist leiðar sinnar á skilvirkan hátt í stað þess að ferðast um á tveimur jafnfljótum í fimbulkulda. „Mér líður dásamlega, nú get ég farið heim að sofa,“ sagði Nate Abookire, íbúi í Brooklyn, við fréttamann í þann mund sem hann steig upp í lest sína. ■



**Í LJÓSUM LOGUM** Engin hætta skapaðist.

Slökkvilið kallað til Voga:

## Húsbíll alelda

**BRUNI** Slökkvilið var kallað að Brekkugötu í Vogum í gærmorgun þar sem húsbíll stóð í ljósum logum.

Greiðlega gekk að slökkva eldinn en eldsupptök voru ekki kunn þegar blaðið fór í prentun.

Húsbíllinn var númerslaus og gegndi hlutverki færanlegs vinnuskúrs. Í honum voru gaskútar en ekki er vitað hvort sprengingar urðu af þeirra völdum. **- sh**

Náttúruverndarsamtök boða fund í byrjun árs um frekari friðun Þjórsárvera:

# Áskorun um stærra friðland

**UMHVERFISMÁL** Náttúruverndarsamtök Íslands skora á umhverfisráðherra að stækka friðlandið í Þjórsárverum og benda á að samkvæmt skoðanakönnun sem Gallup gerði fyrir Náttúruverndarsamtökin haustið 2004 styðji tveir af hverjum þremur stækkun friðlandsins þar.

„Þjórsárver eru miklu stærri en núverandi friðland. Þar er eitt víðáttumesta og fjölbreyttasta gróðursvæði á hálendinu og hýsir mesta heiðagæsavarp í heimi,“ segir Árni Finnsson formaður samtakanna.

Stjórn Landsvirkjunar hefur samþykkt að verja 26 milljónum króna á næsta ári til undirbúnings Norðlingaölduveitu, sem er í jaðri Þjórsárvera. Skammt utan friðlandsins er tekist á um gerð set- og miðlunarlóns, en Samvinnunefnd miðhálendisins hefur bent á að ekki ríki samstaða um þá framkvæmd og leggur til að horfið verði frá þeim.



**SÉÐ AÐ HOFSJÖKLI ÚR SUÐRI** Náttúruverndarsamtök vilja stækka friðland Þjórsárvera

Umhverfisráðherra tekur afstöðu til málsins fyrir áramótin, en Skipulagsstofnun hefur lagt til að að ráðherrann hafni því að staðfesta tillögu samvinnunefndarinnar.

Þann 7. janúar næstkomandi boða helstu náttúruverndarsamtök landsins til fundar í Norræna húsinu til stuðnings stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum. „Meðal þessara samtaka ríkir ánægja með vinnubrögð Samvinnunefndarinnar,“ segir Árni. **- jh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tveir úr gæsluvarðhaldi** Tveir menn sem teknir voru með fíkniefni falin í bíl sem þeir komu með til landsins með Norrænu hafa verið látnir lausir úr gæsluvarðhaldi. Mennirnir eru í farbanni til 20. janúar, en falin í bílnum voru um fjögur kíló af hassi og eitt kíló af amfetamíni. Ferjan kom þriðjudaginn 13. desember.

# Gleðileg jól

óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða




## OPIÐ

í dag í Smáralind til kl. 15:00
aðrar verslanir til kl. 13:00

## LOKAÐ

25.-26. desember

**Gjafakort Hagkaupa**

**Góð gjöf**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Þú færð jólagjafirnar hjá okkur

Frábær möndlugjöf




Take a gamble!
- Færðu Las Vegas heim í stofu




Vinsælasta barnaefni allra tíma!
- Loksins á DVD.




Allar nýju jólabækurnar fást í Hagkaupum
- Yfir 400 bókatitlar á ótrúlegu verði.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**LABRADORHVOLPUR** Þessi labradorhvolpur dvelur nú á Leirum og bíður eftir heimili. Hann er sjö til átta mánaða. Hreiðar var með annan jafn gamlan, gulan, sem nú er kominn í góðar hendur á Siglufirði.

# Hundar án heimilis

Hundar sem skildir hafa verið eftir á vergangi, í þeim tilgangi að losna við þá, berast jafnt og þétt á hundahótelið á Leirum. Þar eru þeir í góðum höndum þar til þeim hefur verið fundið gott heimili. ***Jóhanna S. Sigþórsdóttir*** ræddi við nokkra hundaeigendur sem hafa tekið heimilislausa hvutta að sér.

Um þrjátíu heimilislausum hundum, sem hundaeftirlitsmenn koma í geymslu á hundahótelinu á Leirum, er lógað á ári hverju, að sögn Hreiðars Karlssonar sem rekur hundahótelið. Þar dvelja nú tveir hvolpar sem bíða eftir að komast á góð heimili.

Því miður gerist það alltof oft að fólk losar sig við hunda eða hvolpa með því að skilja þá eftir á vergangi. Skemmst er að minnast frásagnar Fréttablaðsins af litlum hvolpi sem fannst glorhungraður við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði. Það var ung hestakona, Jóna Magnúsdóttir, sem fann hvolpinn alveg bjargarlausan. Hún var á útreiðum þegar hún tók eftir því að dýr skaust upp úr holu við veginn. Þegar nánar var að gáð reyndist vera um lítinn hvolp að ræða, sem haldið hafði til í sveru röri sem liggur undir veginn. Hún tók hvolpinn og reið með hann heim. Enginn grennslaðist fyrir um afdrif þessa litla dýrs, sem hafði verið sett á Guð og gaddinn en hefur nú fengið gott heimili eins og fram kemur annars staðar á síðunni.

Hreiðar á Leirum segir að alltaf sé verið að koma með heimilislausa hunda til hans.

„Það hefur ekki liðið dagur, frá því að ég hóf samstarf við sveitarfélögin um að geyma heimilislausa hunda, að hér hafi ekki verið einhverjir slíkir,“ segir hann. Hann segist vanda valið á heimilum sem sækjast eftir þessum hundum. Fyrir hafi komið að fólk hafi fengið hund á föstudegi sem hafi verið kominn aftur að Leirum á sunnudegi. Því sé reynt að koma í veg fyrir slíkt.

Þeir tveir hundar sem nú bíða nýs heimilis á Leirum eru báðir innan við ársgamlir. Annar fannst við Barðastaði, rétt fyrir ofan Korpúlfsstaði. Hinn fannst við Langholtsveg.

Viðkomandi sveitarfélög greiða fyrir uppihald hundanna á Leirum í sjö daga. Ef um efnilega eða góða hunda er að ræða segist Hreiðar halda þeim lengur ef á þurfi að halda til að útvega þeim gott heimili. Þá borgi hann uppihald þeirra úr eigin vasa. Hinum, sem ekki séu í lagi, sé lógað.

Jón Sigurðsson, hundaeftirlitsmaður í Hafnarfirði, hefur komið þeim skilaboðum til fólks, í gegnum Fréttablaðið, að það axli þá ábyrgð sem fylgir því að eiga gæludýr. Hann segir aldrei réttlætanlegt að menn losi sig við hund með því móti að skilja hann eftir vegalausan.



**HVOLPUR** Þessi hundur kom að Leirum fyrir tíu dögum. Hreiðar fær því ekki greitt fyrir uppihald hans lengur, en er staðráðinn í að finna honum gott heimili.
FRETTABLADID/GVAHVOLPUR

Hvaleyrarvatnshvolpurinn fékk heimili og stóra fjölskyldu:

## Biluð vinna til að byrja með

Litli hvolpurinn sem fannst við Hvaleyrarvatn nýlega er nú búinn að vera á heimilinu, sem hann eignaðist eftir hrakningana, í rúmar tvær vikur. Heimilisfólk þar á bæ hafði að vísu haft annað í huga en að taka að sér munaðarlausan blendingshvolp, sem enginn veit deili á.

„Við vorum staðráðin í að fá okkur hund,“ segir heimilisfaðirinn Hjörtur Smárason. „Við ætluðum að fá okkur hreinræktaðan labrador og vanda vel til valsins. Við vorum búin að skoða mörg got og hugðumst fá okkur hvolp með góða ættbók.

Fyrir um það bil einum og hálfum mánuði vorum við svo stödd í Dýraríkinu. Þá kom þar inn maður með tvo sex vikna Border Collie blendinga sem vantaði heimili. Börnin urðu alveg veik í að fá þá, en við ákváðum að halda okkur við fyrri áætlanir.

Fyrir rúmum mánuði fórum við svo í Íshesta í Hafnarfirði, þar sem dóttir okkar er með hest í fóstri. Þá sáum við þennan hvolp sem stúlkan var nýbúin að finna hjá Hvaleyrarvatni. Hann var alveg eins og annar hvolpanna sem maðurinn hafði komið með í Dýraríkið, með hvítar loppur og hvítan blett á bringunni. Þetta reyndist þó ekki vera sá sami.“

Það varð úr að fjölskyldan ákvað að taka hvolpinn til sín, enda var stúlkan sem fann hann í vandræðum með að hafa hann. Fjölskyldan skírði hann Vask.

„Þetta var biluð vinna til að byrja með,“ segir Hjörtur. „Vaskur litli meig og skeit á gólfið og var alveg agalaus. En uppeldið hefur gengið rosalega vel. Hann er nú húshreinn, fyrir utan einstaka slys. Hann er fljótur að læra og hlýðir mjög vel.“



**VASKUR OG VINIR HANS** Vaskur litli er orðinn eftirlæti allra í fjölskyldunni. Hér er hann hjá börnunum á heimilinu, f.v. Kötlu Katrínu, Antoníusi Smára, Hrafnhildi Maríu og Sögu Ýrr.



**LUKKA** Rúnar með Lukku sína sem talin er vera blendingur af Border Collie og Setterhundi. Eigandinn segir hana dýrkaða og dáða af öllum sem kynnist henni.

Sérlega vel gefinn hundur sem fannst á vergangi:

## Besti vinur minn

„Tíkin mín, hún Lukka, var níu til tíu vikna þegar hún var borin út,“ segir Rúnar Sigurjónsson, einn þeirra sem tekið hafa að sér heimilislausan hund. Lukka er nú orðin fimm ára og býr í góðu yfirlæti hjá Rúnari. Lögreglan í Reykjavík fann hana á sínum tíma, eina og yfirgefna og kom henni á hundahótelið að Leirum.

„Ég frétti af henni þar og þá stóð til að lóga henni ef enginn vitjaði hennar,“ heldur Rúnar áfram. „Við fórum uppeftir, ég og fyrrum sambýliskona mín, og undirrituðum yfirlýsingu þess efnis að við myndum taka hana að okkur ef eigandinn gæfi sig ekki fram.“

Rúnar segir að fljótlega hafi komð í ljós að Lukka var sérlega vel gefin og afar auðvelt að kenna henni.

„Hún fer aldrei í matinn sinn nema henni sé boðið að gjöra svo vel,“ lýsir hann. „Hún leikur bara með sitt dót, en lætur allt annað í friði. Hún er oft ein heima hluta úr degi og snertir þá aldrei neitt nema það sem hún veit að hún má taka.“

Þá segir Rúnar að Lukka virðist gera sér grein fyrir ótrúlegustu hlutum.

„Móðir mín fer stundum með hana út að ganga. Þá setur hún hana í langt band og spyr svo: „Hvar á ég heima?“ Það bregst ekki að Lukka fer rakleiðis að heimili móður minnar, að réttum útidyrum og bíður þar. Ef ég er með hana í bíl og beygi inn tiltekna götu, þá veit hún alveg upp á hár í hvaða hús við erum að fara hafi hún komið þangað áður.“

Rúnar er félagi í Fornbílaklúbbi Íslands. Hann segist tvisvar hafa tekið tíkina með sér á landsmót klúbbsins þar sem hún hafi verið helsti leikfélagi barnanna á svæðinu.

„Hún er svo barngóð og hvers manns hugljúfi,“ segir hann. „Hún tekur mér fagnandi á hverjum degi, þegar ég kem heim. Hún er besti vinur sem ég hef eignast.“

Ungur hundur sem lifað hefur tímana tvenna:

## Tígri fannst uppi í Hvalfirði

Tígri er rúmlega ársgamall blendingur af border colli og labrador. Hann fannst upphaflega uppi í Hvalfirði, þá álitinn 5 - 6 mánaða. Þaðan lá leið hans á hundahótelið á Leirum.

„Kona, sem ég þekki ekki, tók hann síðan að sér,“ segir Kristján Ingólfsson, sem er núverandi eigandi Tígra ásamt fjölskyldu sinni. „Hún þurfti síðan að fækka eitthvað hundum hjá sér og auglýsti hann á netinu. Þar sá konan mín auglýsinguna og það varð úr að við tókum hann og sjáum ekki eftir því.“

Kristján segir að Tígri sé „fullkominn hundur,“ eins og hann orðar það og stoltið leynir sér ekki.

„Hann er bæði hreinlátur, blíður og afar hlýðinn,“ segir Kristján og tekur sem dæmi að hundurinn hans gangi skilyrðislaust við hæl, án ólar.

Þá hafi Tígri afskaplega gaman af að leika við ketti, en það er yfirleitt ekki gagnkvæmt, því þeir eru skíthræddir við hann.

Kristján segist álíta að blendingshundar séu oft stórlega vanmetnir. Margir haldi að hundur sé ekki hundur nema að hann sé hreinræktaður.

Þá átelur Kristján þá sem axli ekki þá ábyrgð sem það fylgir að fá sér hvolp og annast hann.

„Það virðast vera alltof margir sem rjúka til og fá sér hund, en eru ekkert endilega eins æstir í að hugsa sómasamlega um hann.“



**GÓÐIR SAMAN** Þeir Einar, Ágúst og Skarphéðinn með Tígra, sem er augasteinn fjölskyldunnar.


Sumt verður ekki metið til fjár - MasterCard er fyrir allt annað
Gleðileg jól
MasterCard
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

## Birta og helgi jólahátíðar

Ljósbjarminn frá Betlehem berst nú yfir heimsbyggðina hjá kristnum mönnum þegar jólahátíðin gengur í garð. Ys og þys jólaföstunnar er senn að baki, og fjölskyldur, ættingjar og vinir safnast saman í kvöld og næstu daga þar sem því verður við komið til að minnast fæðingar Frelsarans. Margir minnast hans í kirkjum um gjörvallan hinn kristna heim, í heimahúsum eða hvar sem þeir eru staddir. Það eru ekki allir sem eiga þess kost að vera með sínum nánustu og njóta nærveru jólanna með þeim, en þeir eru þá með þeim í huganum og minnast eflaust genginna daga.

*Jólaljósin lýsa svo sannarlega upp skammdegið á Íslandi um þessar mundir, og við skulum minnast þess að öll þessi ljósadýrð á uppruna sinn hjá Frelsaranum sem var í jötu lagður fyrir meira en tvö þúsund árum, og hefur haft meiri áhrif á líf manna hér á jörðu en nokkur annar.*

Á þessum tímamótum minnumst við líka þeirra sem horfnir eru á braut og þeirra sem eiga um sárt að binda af einhverjum ástæðum. Örlög manna eru misjöfn. Sumir verða að eiga það við sjálfan sig að þeir eiga um sárt að binda á þessum tímamótum, en aðrir geta lítið sem ekkert að því gert hvernig komið er fyrir þeim og þeir eiga svo sannarlega allt gott skilið.

Jólaljósin lýsa svo sannarlega upp skammdegið á Íslandi um þessar mundir, og við skulum minnast þess að öll þessi ljósadýrð á uppruna sinn hjá Frelsaranum sem var í jötu lagður fyrir meira en tvö þúsund árum, og hefur haft meiri áhrif á líf manna hér á jörðu en nokkur annar. Í amstrinu fyrir jólin má þetta ekki gleymast þótt mikið gangi á. Það var ekkert rúm fyrir þau í gistihúsi, segir í heilagri ritningu og þess vegna var sveinninn ungi lagður í jötu í fjárhúsi innan um húsdýrin sem þar voru. Trúarbragðasérfræðingar heimsins hafa vafalaust velt fyrir sér þeirri spurningu hvort mannkynið hefði eignast frelsara, ef Jesúbarnið hefði komið í heiminn við eðlilegar aðstæður. Hefðu þá hirðunum birst á himnum engill Drottins og fjöldi himneskra hersveita? Hér skal engu slegið föstu um það, enda ekki efni til þess. Staðreyndin er hins vegar sú að Jesúbarnið var af holdi og blóði, sonur Jósefs og Maríu heitkonu hans.

Um þessa jólahátíð virðist eilítið friðvænlegra umhverfis fæðingarstað Jesús en oft áður á þessum árstíma. Það virðist þó grunnt á því góða þar um slóðir, og þarf lítið út af bera til að aftur fari að halla á ógæfuhliðina.

En það eru ekki aðeins jólaljósin sem setja svip á tilveruna hjá okkur á þessu norðlæga landi, sem stöðugt fleiri líta til vegna velgengni. Nú fer sólargangur að lengjast og íbúar þessa lands geta horft fram á bjartari daga í orðsins fyllstu merkingu, ekki aðeins við sem erum borin hér og barnfædd heldur líka hinn sístækkandi hópur fólks úr nálægum og fjarlægum heimshlutum sem hefur kosið að setjast hér að, annaðhvort vegna fjölskyldubanda eða vegna þess að þeir hafa kosið að koma hingað til að sjá sér og sínum farborða. Sumir þessara nýbúa eru ekki fæddir í kristnum löndum og ekki vanir öllu umstanginu fyrir og um jól og áramót. Þeir þurfa að venjast siðum okkar og háttum, um leið og við þurfum að sýna þeim vináttu og skilning og bjóða þá velkomna í þjóðfélag okkar. Gleðileg jól!




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Innvígður og innmúraður

Út er komið annað hefti tímaritsins *Þjóðmála*. Það er greinilega víðar lesið en í þröngum hópi sjálfstæðismanna því Össur Skarphéðinsson víkur að útgáfu þess á vefsíðu sinni. „Ritstjóri er Jakob F. Ásgeirsson“, segir hann: „Það nægir til að vita strax á hvaða hugmyndalegum slóðum ritið er. Jakob er eins innvígður og innmúraður hægri maður og hugsast getur. Öðrum þræði virkar því tímaritið sem helgirit eða óður til Davíðs Oddssonar - og meira að segja gamli biskupinn vitnar.“

### Snotur tímarit

Össuri finnst Þjóðmál „ansi snoturt tímarit og aðstandendur eiga lof skilið fyrir framtakið“ skrifar hann. Honum finnst tímaritið gefa gott yfirlit yfir hvað hægri menn eru að hugsa. Og honum finnst gaman að lesa það. Höfundar efnis séu margir merkir og vel skrifandi. „Á köflum voru þó heldur staglkenndar greinarnar og fyrirsjáanlegar um vonsku Reykjavíkurlistans og gríðarlega ólýðræðisleg vinnubrögð innan Samfylkingarinnar“ segir hann. „Þær eru eftir tvo skríbenta Vef-Þjóðviljans sem ég sé í Mogga að er víst enn haldið úti. Báðir hafa árum saman skrifað einsog vinstrimenn séu klónaðir lúsíferar - og minnsta kosti með horn og hala.“

### Mark á Birni

Össur nefnir að í nýja heftinu sé ákaflega skemmtileg grein eftir Þorstein Pálsson sem sé ritdómur um hina stórmerku bók, Völundarhús valdsins, eftir Guðna Th. Jóhannesson. Sömuleiðis leggi Björn Bjarnason út af bók Guðna í harðpólitískri grein. Össur skrifar: „Björn lýkur grein sinni með myrkri heimsendaspá fyrir hægri vænginn. Hann kveðst ekki vita hvað gerist í næstu kosningum en bætir svo við eins og heimurinn sé þegar hruninn: „...sagan segir okkur, hvað gerðist 1971.“ Og Össur spyr: „Hvað var það svo sem gerðist 1971 og Björn óttast svo? Það ár felldi stjórnarandstaðan ríkisstjórnina. Ný vinstri stjórn tók við. Björn telur greinilega miklar líkur á að það gerist aftur í næstu kosningum. Þessi skoðun glöggs veðurvita í stjórnmálum kom mér í gott skap - líkt og jólasveinninn hefði heimsótt mig og gefið mér í skóinn. Ólíkt mörgum tek ég nefnilega mark á Birni Bjarnasyni.“

gm@frettabladid.is

## Í dag verði glatt í döprum hjörtum

UPP ÚR EINS MANNS HLJÓÐI
JÓL



ELLERT B. SCHRAM

Það er eins með mig og flesta aðra, að ég hlakka til jólanna. Þau eru mesta hátíð mannkyns, að minnsta kosti hins kristna heims. Við keppumst um, í margar vikur, að undirbúa jólin, draga að okkur aðföng, kaupa jólagjafir, skapa stemmningu, eiga gleðileg jól. Allur undirbúningurinn ber þess vott að hátíð sé í vændum og langflestir gera sitt besta til að geta glatt sjálfa sig og aðra. Kaupæðið, skreytingarnar, jólahlaðborð, já hlaðborð allra þessara allsnægta, yfirtekur nánast allt líf og allt samfélagið á aðventunni. Í heilan mánuð og jafnvel lengur. Við sogumst inn í þessa hringiðu, hvert og eitt og þó okkur finnist að ofgnóttin, yfirþyrmandi og rándýr undirbúningurinn sé okkur ofviða eða frábitinn, þá er ekki undan komist, nema þá að flýja hina kristilegu mannabyggð! Eða sjálfan sig.

Ég efast sosum ekki um að flestir séu meðvitaðir um boðskap jólanna, fæðingu frelsarans og fagnaðarerindið. En sú hugsun fer stundum fyrir ofan garð og neðan í öllum látunum og kann að gleymast í umstanginu, umbúðirnar verða fyrirferðarmeiri heldur en innihaldið. Þess sjást raunar merki víðar og oftar en á jólum, að það er stundum farið yfir lækinn til að ná í vatn. Það er eins og það er.

En ef hinn einlægi ásetningur alls þorra manna til að láta gott af sér leiða um jólin, er raunverulegur, hvernig skyldi þá standa á því að stór hópur fólks situr hér og hvar í kringum okkur og kvíðir beinlínis jólunum? Jafnvel fólk sem á allt til alls. Á jólum eiga allir að vera góðir hver við annan og kannske þá og einmitt þá er erfitt að eiga ekki aðstandendur, sitja uppi með sundurslitna fjölskyldu, búa við óvild og beiskju, upplifa sorg eða söknuð og ástunda þann feluleik, að setja upp grímu hamingjunnar og gleðinnar, þegar inn í þér býr harmur eða grátur, óhamingja af einhverju tagi og strengir tilfinninganna slá ekki í takt við jólatilstandið. Og svo er það einfaldlega fátæktin, sú neyð veruleikans að eiga þess ekki kost að kaupa og eta og dansa í kringum jólatré þessarar kaupmennsku og gjafaflóðs. Nútímasamfélagið æsir og espir og jólin eru toppurinn í þessum trylltа dansi. Þvert gegn öllum kenningum Krists, þvert gegn boðskap kirkjunnar um frið og innri ró. Þessi hátíð kristindómsins er stundum eins og öfugmælavísa.

*En ef hinn einlægi ásetningur alls þorra manna til að láta gott af sér leiða um jólin, er raunverulegur, hvernig skyldi þá standa á því að stór hópur fólks situr hér og hvar í kringum okkur og kvíðir beinlínis jólunum? Jafnvel fólk sem á allt til alls.*

Ég veit og játa að það er varla á hennar færi, kirkjunnar, né annarra, að snúa þessari þróun við, en mikið væri hollt og gott að geta upplifað og þakkað Kristi, einmitt á jólum, fyrir það sem hann boðaði og lifði fyrir, að eiga þessa helgistund, á þann einfalda hátt að njóta kyrrðar og hvíldar og blessunar, án alls handagangsins í öskjunni. Hugsa til náungans og nágrannans, í hófsemd og auðmýkt. Hugga og hughreysta þá sem finna til. Fara með þá bæn að sættir geti tekist eða sorgin sé læknuð. Líkna þeim sem líða. Gjöra svo við aðra, sem þú vilt að aðrir gjöri þér.

Það hvarflar meira að segja stundum að mér að stíga upp á stól á miðju torginu og úthrópa skinhelgi jólahaldsins og verja þetta vígi kristindómsins, sem er einasta og síðasta vörnin gegn yfirtöku hins veraldlega glingurs og gerfimennsku, þar sem góðsemin er mæld í gjöfum og græðgi, og vegir guðs eru orðnir að hraðbrautum fyrir oflátungshátt.

Fyrirgefið mér orðbragðið og ákafann. Auðvitað stend ég ekki upp til að flytja torgræður, (yrði sennilega ekki talinn með öllum mjalla) ég sit hjá og tek þátt í jólahaldinu eins og þið hin og læt vel að mínum og gleymi því sjálfsagt, eins og flestir aðrir, meðan á jólahátíðinni stendur, hvað þetta allt saman á að snúast um. Friðinn, auðmýktina, kærleikann. Og náungann. Hver okkar má sosum vera að því, nema rétt meðan við hlustum á jólapredikun prestsins? Þá er hitt satt eftir sem öllu máli skiptir, ekki satt, að taka upp pakkana og éta á sig gat.

Reynum nú, já reynum að fremsta megni og í hjartans einlægni að hugsa hlýtt til þeirra sem eiga um sárt að binda. Látum anda jólanna berast með straumi góðrar hugsunar og hegðunar. Ég lifi enn í þeirri von og trú að boðskapur friðar og fagnaðar nái til okkar allra svo í dag verði glatt í döprum hjörtum. Ég óska landsmönnum og lesendum gleðilegra jóla.





FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


BILANAVAKT OR
516 6200
VIÐ ERUM Á JÓLAVAKTINNI
Við erum til taks
í kvöld
Orkan er sjaldan mikilvægari en einmitt á sjálfu aðfangadagskvöldi. Tugir starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur eru á vakt í stjórnstöð og í viðbragðsstöðu úti í hverfum á veitusvæðinu, reiðubúnir að bregðast við ef bilun verður.
Við viljum tryggja ykkur birtu og yl á jólum.
Gleðilegt aðfangadagskvöld.
Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur.
Orkuveita
Reykjavíkur







MAÐUR VIKUNNAR

# Með hreina samvisku

GARÐAR GARÐARSSON FORMAÐUR KJARADÓMS



Garðar Garðarsson hæstaréttarlögmaður er ekki einn þeirra sem daglega er í sviðsljósi fjölmiðla. En í þau fáu skipti sem athyglin hefur beinst að honum er það alltaf út af því sama: Kjaradómi. Garðar er nefnilega formaður dómsins og hefur verið það í tæpan áratug. Og athyglin er því miður sjaldnast uppörvandi því yfirleitt eru viðbrögðin í þjóðfélaginu við úrskurðum Kjaradóms um kaup og kjör ráðherra, þingmanna og embættismanna neikvæð. Kjaradómur er sakaður um að hækka laun þessarar valdastéttar alltof mikið og í ofanálag að velja alltaf versta tímann til að tilkynna ákvörðun sína. Hlutverk Garðars Garðarssonar hefur verið að koma fram fyrir alþjóð, mæta óblíðum augnaráðum og verja dóminn. Það þykir hann gera af mikilli stillingu, setur rök sín skýrt fram og vísar yfirleitt til laganna sem hann starfar eftir. En næsta öruggt er að þjóðin lætur ekki sannfærast. Margir trúa því að einhverjir séu að kippa í spottann að tjaldabaki.

Garðar Garðarsson er um það bil jafngamall lýðveldinu, fæddur í desember 1944. Eftir stúdentspróf frá MR lá leiðin í Háskóla Íslands þar sem hann lauk lagaprófi sumarið 1971. Eftir það fór hann að praktisera og aflaði sér réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1973 og fyrir Hæstarétti árið 1984. Hann gaf sér tíma til að bæta við menntun sína, var veturinn 1983-1984 við nám í alþjóðlegum viðskiptarétti við Háskólann í Minnesota og þrívegis hefur hann sótt sumarnámskeið við Kaliforníuháskóla. Þá lauk hann prófi í rekstrarfræðum frá HÍ árið 1995, rúmlega fimmtugur. Loks aflaði hann sér löggildingar sem fasteigna- og skipasali.

Garðar rekur lögfræðistofuna Landslög í samvinnu við sjö aðra lögmenn. Þetta er öflug stofa með aðalstöðvar í Reykjavík og útibú á Akranesi og í Keflavík, en það var einmitt á síðastnefnda staðnum sem Garðar hóf lögmannsferil sinn árið 1971. Hann rak þar stofu einn til ársins 1980 en tók þá upp samstarf við Vilhjálm H. Vilhjálmsson. Síðar bættust fleiri lögmenn í hópinn og skrifstofum fjölgaði. Landslög er hefðbundin lögfræðistofa með fjölbreyttan hóp viðskiptavina, frá einstaklingum til stórfyrirtækja, fjármálastofnana, sveitarfélaga og stofnana ríkisins.

Garðar tók upphaflega sæti í Kjaradómi sem varamaður árið 1993 en var skipaður formaður fjórum árum seinna. Fyrsti launaúrskurður hans sem verulega athygli vakti var þegar laun þingmanna og embættismanna voru ákveðin á kjördag árið 1999. Sami dagur var valinn fjórum árum seinna. Það er þó frekar innihaldið en dagsetningin sem valdið hefur óróa. Er viðkvæðið þá yfirleitt hið sama: að verið sé að færa valdamönnum kjarabætur á silfurfati og skaffa þeim betri kjör og meiri hækkanir en almenningur fær. Það virðist í raun litlu skipta hverju Garðar og hans menn í Kjaradómi svara, fólk virðist alltaf jafn sannfært um að þarna sé spilling á ferðinni.

Garðar Garðarsson hefur ekki látið þetta andrúmsloft koma sér úr jafnvægi. Hann heldur sínu striki, hæglátur og yfirvegaður, með góða samvisku. Frá hans sjónarhóli snýst málið um að vinna verkið á grundvelli laga og hefðbundinna viðmiða, en ekki eftir því sem vindurinn blæs í þjóðfélaginu. Margir viðurkenna, en vilja ekki að hátt fari, að þetta sé auðvitað hið eina rétta og að umræðan um úrskurði Kjaradóms sé fyrst og fremst til marks um útbreidda hræsni landsmanna þegar launamál ber á góma.

Þó að Garðar Garðarson sé ekki oft fyrir framan sjónvarpsvélarnar hefur dóttir hans, Ásta Hrafnhildur, verið það. Hún var nefnilega um hríð umsjónarmaður Stundarinnar okkar í Sjónvarpinu við miklar vinsældir auk þess að koma við sögu morgunsjónvarpsins á Stöð 2. Eiginkona Garðars, Sölvína Konráðs, er heldur ekki með öllu óþekkt. Hún er doktor í sálarfræði og hefur rödd hennar oft heyrst í opinberum umræðum, meðal annars um skólamál. Þau hjónin búa í stóru einbýlishúsi í Garðabæ og samkvæmt DV á föstudaginn hefur formaður Kjaradóms tæpa milljón í mánaðarlaun sem er talsvert meira en flestir þeir sem undir ákvarðanir hans heyra.

# Syngjandi þróunaraðstoð?

**UMRÆÐAN**
ÞRÓUNARHJÁLP



**ÓLI GNEISTI SÓLEYJARSON**
TRÚLEYSINGI

Þorvaldur Gylfason skrifaði grein sem birtist í Fréttablaðinu þann 22. desember þar sem hann fjallaði um „nýjar leiðir til þróunarhjálpar“. Hans „nýja leið“ er víst að láta kristniboða um þróunarhjálpina. Satt best að segja var ég ekki alveg skilja samhengið eða rökfærsluna í greininni. Þorvaldur eyddi mestu púðri í að tala um syngjandi kristniboða. Ég hefði haldið að þróunaraðstoð gæti að mestu farið fram án söngs (þó ég sé unnandi tónlistar sjálfur).

Þorvaldur talar reyndar líka um Albert Schweitzer og það hvað hans starf hafi hjálpað mörgum. Vissulega er það rétt að Schweitzer hjálpaði mörgum en það var ekki af því að hann söng fyrir fólkið eða af því að hann var kristniboði. Ónei, Albert Schweitzer gat hjálpað fólki af því að hann var læknir, hann hefði verið lítils virði án þeirrar menntunar sinnar. Þar liggur hundurinn grafinn. Við hjálpum lítið með því að senda fólki kristniboða (þeir sem telja kristniboð í sjálfu sér hjálplegt eru líklega ósammála mér hér). Við getum hins vegar hjálpað með því að senda fólk með menntun. Við getum sent kennara, lækna, hjúkrunarfræðinga, verkfræðinga og svo framvegis. Það er hjálplegt.

Til þessa þá hef ég ekki séð að Íslendingar séu upp til hópa aðdáendur trúboða sem ganga hér á milli húsa í von um að bjarga landsmönnum frá villutrú eða vantrú (þeir telja sig líka vera að hjálpa okkur). Ef við gefum okkur það að Íslendingar almennt hafi lítinn áhuga á að fá trúboða heim til sín þá hljótum við að spyrja okkur hvers vegna í ósköpunum íslenska ríkið ætti að gera út kristniboða til að fara heim til annarra þjóða?

*Höfundur er nemi við Háskóla Íslands.*




# Gleðilega hátíð



*Við óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Bestu þakkir fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.*

*Starfsfólk KB banka*

KB BANKI
- kraftur til þín

ENNEMM / SIA / NM18273



GOTT FÓLK McCANN


góða
skrælir beinin
Hilmar Árni Ragnarsson, f. 1955
Hefur tekið þátt í matreiða jólakvöldverðinn hjá Hjálpræðishernum ásamt fjölskyldu sinni síðan 1997.
Arnar Hannes Gestsson, f. 1954
Hefur matreitt jólakvöldverðinn hjá Hjálpræðishernum ásamt fjölskyldu sinni síðan 1995.
Anne Marie Reinholdtsen, f. 1950
Gestgjafi í fjölmennum jólafagnaði hjá Hjálpræðishernum á aðfangadagskvöld.
LÚÐRASVEIT REYKJAVÍKUR
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.473 **+1,24%**

**Fjöldi viðskipta:** 465
**Velta:** 8.090 milljónir

MESTA HÆKKUN

**FL Group +4,81%**
**KB banki +1,97%**
**Mosaic Fashions +1,68%**

MESTA LÆKKUN

**SÍF -1,43%**
**Bakkavör -1,16%**
**Marel -0,61%**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 50,10 +1,00% ... Bakkavör 51,10 -1,20% ... FL Group 19,60 +4,80% ... Flaga 4,88 +0,00% ... HB Grandi 9,45 -0,50% ... Íslandsbanki 17,00 +0,00% ... Jarðboranir 24,70 +0,00% ... KB banki 724,00 +2,00% ... Kögun 59,50 -0,30% ... Landsbankinn 25,50 +1,60% ... Marel 64,80 -0,60% ... SÍF 4,15 -1,40% ... Straumur-Burðarás 15,90 +0,60% ... Össur 112,00 -0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*



**Yfirdráttarþjóðin**
Fregnir af vaxandi yfirdráttarlánum þjóðarinnar sýna að veislan er að ná hámarki sínu. Jólin í ár eru upp á krít og þjóðin lítið fyrir að spara. Veislan á hlutabréfamarkaði heldur áfram og þótt Avion kætist við niðurstöðu útboðsins, sem var glæsileg, eru einhverjir sem telja að merkin um að hámarkinu sé náð vera ansi mörg. Í versluninni Tiger fást nú sparibaukar sem ekki er hægt að opna. Þeim fylgir hamar sem notaður er til að brjóta baukinn þegar hann er orðinn fullur. Það væri sennilega þjóðráð að búa til einn slíkan fyrir fullorðna, en honum ætti þá að fylgja slegga eða lofthamar. Hins vegar er þjóðin klók og fyndi eflaust ráð til að veiða upp úr sparibauknum án þess að þurfa að brjóta hann.

**Jólasveinninn Bankaselur**
Eitt af því sem menn áttu von á að myndi breytast á árinu er eignarhlutur Straums í Íslandsbanka. Stöðugar sögusagnir eru um hverjir væru líklegastir til að kaupa af Straumi. Lengst af voru Baugur, Karl Wernersson og FL Group taldir líklegastir. Síðan kom nafn Ólafs Ólafssonar upp. Flestir sem fylgjast með telja að kaupandinn verði í þessum hópi og að hugsanlegt sé að bankinn fari með nýja eigendur inn í nýtt ár. Það verður alla vega spennandi að sjá hvað jólasveinninn Bankaselur gerir áður en hann snýr til fjalla.

## MARKAÐSPUNKTAR

**Kauphöllin** hefur hafið útreikning nýrrar vísitölu verðtryggðra skuldabréfa. Vísitalan hefur fastan fimm ára líftíma.

**Íbúðalánasjóður** hefur hækkað útlánsvexti sína. Vextir á lánum með uppgreiðsluheimild hækkuðu úr 4,6 í 4,7 prósent og án heimildar úr 4,35 í 4,45 prósent.

**Verð sjávarafurða** mælt í erlendri mynt hefur aldrei verið meiri. Afurðaverð í nóvember var 9,5 prósentum hærra en á sama tíma í fyrra.

# Wal-Mart dæmt til að greiða bætur

Wal-Mart, stærsta verslanakeðja heims, var dæmt til að borga starfsmönnum sínum andvirði tæpra ellefu milljarða í bætur.

Dómstóll í Kaliforníu komst að þeirri niðurstöðu að Wal-Mart hefði brotið ríkislög sem kveða á um að starfsmenn eigi að fá hálftíma matarhlé hafi þeir unnið í meira en sex klukkustundir.

Wal-Mart hefur verið gagnrýnt í gegnum tíðina fyrir að hagnast á kostnað starfsmanna sinna. ■




WAL-MART

# Olíuleiðsla sprengd

Skemmdarverk voru unnin á olíuleiðslu í eigu Shell í Nígeríu. Olíuleiðslan var sprengd af uppreisnarmönnum í Nígeríu sem halda því fram að þeirra landsvæði hagnist lítið á olíuvinnslunni.

Þetta er ein af mörgum árásum sem hafa verið gerðar á olíufyrirtæki sem staðsett eru í Nígeríu. Við þetta minnkaði vinnslugeta nígersks olíuiðnaðar um sjö prósent og hækkaði heimsmarkaðsverð í kjölfarið. ■




**SHELL** Framleiðsla minnkar vegna skemmdarverka


VERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF
EIKAR FASTEIGNAFÉLAGS HF.,
1. FLOKKUR 2005,
SKRÁÐ Í KAUPHÖLL ÍSLANDS HF.

Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka eftirfarandi skuldabréf á skrá Kauphallarinnar þann 28. desember nk.

Skuldabréfin í 1. flokki 2005 eru vaxtagreiðslubréf og bera þau fasta 5,50% flata ársvexti frá útgáfudegi. Útgáfudagur bréfanna var 22. ágúst 2005. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með einni afborgun þann 22. ágúst 2010. Vextir greiðast árlega, í fyrsta sinn 22. ágúst 2006 og í síðasta sinn 22. ágúst 2010. Bréfin eru til 5 ára.

Heildarnafnverð 1. flokks 2005 verður a.m.k. 1.300.000.000 kr. Skuldabréfin eru gefin út í 5.000.000 króna einingum. Bréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995, með grunnvísitölu 242,7 í ágúst 2005.

Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands verður EIK 05 1. Skráningarlýsingu, og þau gögn sem vitnað er til í henni, er hægt að nálgast hjá umsjónaraðila skráningarinnar, Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík, sími 444 7000, fax 444 7319, www.kbbanki.is.

KB BANKI


# Avion Group selur fjóra milljarða í viðbót

**Sextánföld eftirspurn í útboði. Verður eitt stærsta almenningshlutafélagið.**

Markaðsvirði Avion Group er rúmir 68 milljarðar króna að loknu hlutafjárútboði til fagfjárfesta. Fjárfestar óskuðu eftir 100 milljörðum króna en aðeins sex milljarðar voru í boði þannig að umframeftirspurn var meira en sextánföld.

Til að koma til móts við þennan mikla áhuga ákvað stjórn félagsins að selja nýtt hlutafé til viðbótar að markaðsvirði fjórir milljarðar. Alls seldust því tíu milljarðar króna að markaðsvirði.

Avion Group ætlar að nýta andvirði útboðsins til greiðslu vaxtaberandi skulda móðurfélagsins auk þess sem það færir félaginu tækifæri til frekari landvinninga.

Skerðingin var meiri hjá almennum fjárfestum en lífeyrissjóðum en þar sem hlutafjárútboðið var stækkað þá jókst hlutfallslegur réttur allra þeirra sem tilkynntu þátttöku sína. Fjárfestar áttu að skila inn tilboðum að lágmarki fimm milljónir króna á verðbilinu 34,3 til 38,3 krónur á hlut. Bjarni Þórður Bjarnason, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Landsbanka Íslands, segir að aðeins örfáir hafi verið undir lágmarksverði og hafi umsóknum þeirra verið hafnað.

„Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu breiður hópur fjárfesta tók þátt í útboðinu. Þessi gríðarlegi áhugi eflir félagið og starfsfólk þess í áframhaldandi sókn um allan heim," segir Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður fyrirtækisins í tilkynningu.

Meðal kaupenda voru allir helstu lífeyrissjóðir landsins, fjárfestingafélög og verðbréfasjóðir.

Hluthöfum Avion mun fjölga gríðarlega á næstu vikum og mánuðum. Starfsmenn Avion Group, sem eru um 4.500, fá hver og einn hlutabréf í jólagjöf frá félaginu að upphæð 50 þúsund krónur en síðan á Straumur-Burðarás eftir að greiða út í arð fimm milljarða í formi Avion-bréfa til sinna 22 þúsund hluthafa. Ætla má að hluthafar Avion Group verði hátt í 28 þúsund um mitt næsta ár og því verður félagið eitt stærsta almenningshlutafélag landsins.

Félagið verður skráð á Aðallista Kauphallarinnar 20. janúar. ■



**FENGU GÓÐAR MÓTTÖKUR** Fjárfestar slógust um bréf í Avion Group en eftirspurn var sextánföld. Alls seldust tíu milljarðar króna.

# Náið samstarf

Gerður var nýr samstarfssamningur á milli Sparisjóðs vélstjóra og Vélstjórafélags Íslands til vikunni. SPV og VSFÍ hafa átt í samstarfi alveg frá því að sparisjóðurinn var stofnaður 1961.

Stuðningur SPV við Vélstjórafélagið felst í styrkjum og framlagi til útgáfu og kynningarstarfsemi félagsins.

Í fréttatilkynningu frá SPV kemur fram að þótt útibú þeirra séu aðeins staðsett á höfuðborgarsvæðinu séu viðskiptavinir þeirra búsettir um allt land.




**HELGI LAXDAL OG RAGNAR Z. GUÐJÓNSSON**



**HANNES SMÁRASON** Hlutabréf í FL Group hafa hækkað mikið að undanförnu og nam hækkunin í gær 4,8 prósentum. FL Group hefur hækkað yfir tólf prósent í vikunni.

# Þorláksmessufjör í Kauphöll Íslands

Úrvalsvísitalan heldur áfram að slá fyrri met en hún endaði í 5.465 stigum í lok viðskipta á Þorláksmessu sem þýðir að hún hefur hækkað um 63 prósent á árinu.

FL Group hækkaði um 4,8 prósent í gær og hefur hækkað um 12,6 prósent í vikunni.

Um miðbik nóvember fór fram mikið hlutafjárútboð þar sem markaðsvirði félagsins nam tæpum 80 milljörðum króna. Nokkrum vikum síðar hefur virði FL Group aukist um 35 milljarða.

KB banki og Landsbankinn hækkuðu einnig töluvert á Þorláksmessu. Gengi KB banka stendur í 724 krónum á hlut en gengi Landsbankans í 25,5 krónum á hlut.

Landsbankinn hækkaði sex prósent í vikunni en KB banki um rúm fjögur. - eþa



GOTT FÓLK McCANN

# GLEÐILEGA HÁTÍÐ

SJÓVÁ ÓSKAR LANDSMÖNNUM ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA
OG ÖRYGGIS YFIR HÁTÍÐARNAR

SJÓVÁ






# Jólasveinar í Kjaradómi

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er að þessu sinni meðal annars fjallað um klæðskipting sem var ekki allur þar sem hann var séður. Sagt er frá heimasoðnu rauðkáli, kofareyktu hangiketi og hlutastarfi við njósnir fyrir C.I.A.



Kæra Dagbók

*Þráinn Bertelsson skrifar*

**LAUGARDAGUR, 17. DES.**

## Dularfullur klæðskiptingur

Ég bjargaðist lifandi úr jólabókaflóðinu. Í dag var síðasti upplesturinn. Ég er búinn að lesa upp 30 sinnum fyrir samtals um 1.800 manns. Nú er ég búinn að styðja bókina mína út í veröldina og nú verður hún að pluma sig sjálf. Fór í Iðnó að sjá „Ég er mín eigin kona“ með **Hilmi Snæ** í aðalhlutverki. Þetta var ljómandi gaman. Ég skildi leikritið að vísu ekki alveg. Það fjallaði um klæðskipting sem hafði lifað af hættulega tíma undir nasistastjórn og svo kommúnistastjórn. Svo kom í ljós að klæðskiptingurinn var ekki allur þar sem hann var séður (hehe) og hafði að líkindum keypt sér frið með því að framselja vini sína í hópi homma. Og þessu lauk án þess að ég skildi alveg af hverju höfundur vildi endilega segja mér frá þessum manni. Ekki er klæðskiptingum heimilt frekar en öðrum mönnum að framselja vini sína í hendur böðla. Ekki gat höfundur verið að leggja blessun sína yfir það. Var hann að segja að til þess að komast af hljóti allir að hafa eitthvað illt á samviskunni? Ég veit það ekki nákvæmlega. Kannski hef ég **dottað á lykilaugnabliki**. En þetta hefur alla vega orðið mér umhugsunarefni. Og Hilmir Snær var fínn og átti hvert bein í áhorfendum.



**SUNNUDAGUR, 18. DES.**

## Hollusta og jólafrí

Það er gott fyrir átvögl að vita að maður fær minna samviskubit af því að eta yfir sig af hollum mat en óhollum. Ég eldaði grænmetislagsagne **úr spelti**, en það er víst talið mjög hollt þessa dagana.

Síminn hringdi og þáttastjórnandi spurði hvort ég gæti komið í útvarp á morgun að tala um nýju bókina mína, Valkyrjur. Ég var að því kominn að segja „klukkan hvað?“ þegar ég mundi að jólafríið er byrjað og afþakkaði. Ekki fleiri upplestrar, ekki fleiri viðtöl. Samkvæmisljónið kveður, einfarinn lokar sig inni.

**MÁNUDAGUR, 19. DES.**

## Lamb með arabískum snúningi

Vinir okkar sem búa erlendis komu í kvöldmat. Þau eru búin að vera á landinu í nokkra daga. „Íslenskan mat,“ sögðu þau þegar ég spurði hvað þau langaði að fá að borða. En svo kom upp úr dúrnum að þau voru búin að fá hangiketi og steikt lambalæri. Ég eldaði handa þeim **cous-cous**, íslenskt lambakjöt með arabískum snúningi. Ég sárvorkenni þeim að búa erlendis en þau reyna að bera sig vel. Það er samt ekki mikil sanngirni í því að meirihluti mannkynsins skuli fara á mis við að búa á Íslandi.



**ÞRIÐJUDAGUR, 20. DES.**

## „Alltgott“ leikritið

Jólafríið fer vel af stað. Ég sef til hádegis og drolla frameftir á kvöldin. Heimilisstörfin eru ekki erfið. Ég elda mat og kaupi inn og svo skipti ég um ljósaperur og lyfti þungum hlutum. Snjómokstur er líka í mínum verkahring, en ég hef ekki þurfti að munda skófluna nema þrisvar í vetur. Ég skipti líka um sand í kattakassanum því að kettirnir mínir, **Aladín og Alíbaba**, líta afarstórt á sig og það hvarflar ekki að þeim að gera stykki sín á almannafæri þótt það sé barnaleikvöllur með prýðilegum sandkassa hér í næsta nágrenni.

**Vinur minn** kom í heimsókn. Hann vantaði einhvern til að tala við um persónulegt vandamál. Ég kunni því miður engin ráð. Gerði ekkert nema hlusta. Samt þakkaði hann mér innilega fyrir. Ég var þakklátur honum fyrir að leyfa mér að hlusta. Fannst ég vera einhvers virði.

Það er dagsatt að sorgir minnka um helming ef maður deilir þeim með öðrum, og gleðin tvöfaldast. Samt forðast margir það eins og heitan eldinn að minnast á það hvernig þeim raunverulega líður. Ég þoli ekki stöðluð samskipti.

*„Blessaður og sæll, segirðu ekki allt gott?“*

*„Jú, allt í þessu fína. En þú?“*

*„Bara þetta sama. Alltaf nóg að gera og svona.“*

Og svo framvegis. Hver skyldi hafa skrifað þetta innantóma „alltgott“ leikrit? Og af hverju þylur maður þetta aftur og aftur?



**MIÐVIKUDAGUR, 21. DES.**

## Jólasveinar hertaka Kjaradóm

Jólasveinarnir eru fyrirferðarmiklir um þessar mundir. Nú hafa þeir **hertekið Kjaradóm** og sent frá sér tilskipun um myndarlega launahækkun handa þeim sem hæst hafa launin hjá ríkinu. Þetta er fremur ósmekklegt grín hjá jólasveinunum. Vonandi tekst að frelsa kjaradómarana úr tröllahöndum.

Annars er það bara vitleysa að láta kjaradóm ákveða laun æðstu manna í þjóðfélaginu. Þeir eru alveg nógu slungnir að bjarga sér þótt Kjaradómur sé ekki að stjana við þá.

Eina glóran væri að láta Kjaradóm ákveða laun ellilífeyrisþega og öryrkja og lágmarkslaun. Þá rýkur hækkunin ekki upp allan kjarastigann og hleður utan á sig eins og snjóbolti.

**Sauð rauðkál** eftir leynilegri uppskrift sem hefur fylgt fjölskyldu konu minnar í 300 ár og leitaði að adressum á jólakort.



**FIMMTUDAGUR, 22. DES.**

## Njósnir í aukavinnu

Fyrir nokkrum dögum fékk ég spennandi tölvupóst. Frá bandaríska sendiráðinu. Fyrirspurn um hvort ég væri til í að borða hádegismat með sendiráðstarfsmanni sem sérhæfir sig í íslenskum stjórnmálum. Þetta var æsispennandi. Sendiráðsstarfsmaður sem sérhæfir sig í íslenskum stjórnmálum hlýtur samkvæmt trúverðugum myndum sem ég hef séð í sjónvarpinu að vera **C.I.A. agent**.

Ég sendi umsvifalaust skeyti um hæl. Játakk!

Ég var mjög spenntur. Skyldi mér verða boðið að gerast njósnari? Ég mundi samt ekki vilja hætta á **Fréttablaðinu**. Ætli það sé hægt að stunda njósnir í hálfu starfi? Hvað ætli dagvinnukaupið sé hjá venjulegum njósnara?

Þetta var merkilegur dagur. Af eðlilegum ástæðum get ég ekki skýrt frá því sem rætt var á þessum fundi, en í kvöld þegar Bush og Condie leggja frá sér skýrsluna um mig og lesgleraugun sín munu þau tauta:

„Okkur er borgið! Af hverju hefur enginn talað við þennan mann fyrr?“

Það væri að mörgu leyti skynsamlegt fyrir mig að flytja til Bandaríkjanna. Kjörin hérna eru ekki nógu góð. **Pétur Blöndal og Ásta** segja þingmenn ekki ofhaldna í launum borið saman við kollega í nágrannalöndum. Ég sem rithöfundur er ekki heldur ofhaldinn í launum borið saman við kollega í nágrannalöndum. Fyrir tveimur árum skrifaði ég bók sem seldist í **18 þúsund eintökum**. Fyrir það fékk ég árslaun millistjórnanda í fremur litlu fyrirtæki. Á bandarískum markaði samsvara 18 þúsund eintök 18 milljón eintökum. Ef ég hefði fengið 5 dali á eintakið hefði ég haft **90 milljónir dollara** upp úr krafsinu.

Mér finnst því sanngjarnt að taka undir með Pétri Blöndal og Ástu og krefjast þess að íslendingar njóti sömu kjara og kollegar þeirra í nágrannalöndunum.





**FÖSTUDAGUR, 23. DES.**

## Að eyða skötulykt

Til að ná af sér skötulykt þegar maður kemur heim úr skötuveislu er gott ráð að klæða sig úr öllum fötunum fyrir utan bílskúrinn. Síðan tekur maður fötin **með priki** og setur þau í öskutunnuna. Hellir bensíni yfir og kveikir í. Þegar maður kemur inn fyllir maður baðkarið af ediki og tekur sér kerlaug. Hárið er best að lauga upp úr keitu.

Ég er í skötuvímu og á eftir að setja upp jólatréð og sjóða kofareykta hangiketið. Verst er þó að ég veit ekki enn hvað ég á að gefa konunni minni í jólagjöf.



# Gleðileg jól…

## …og farsælt komandi ár!

Við óskum viðskiptavinum okkar og öllum landsmönnum gleðilegrar jólahátíðar með ósk um gæfu og gott gengi á komandi ári. Bestu þakkir fyrir samskiptin á því sem nú er að líða.

**Starfsfólk SPRON**

spron
– fyrir allt sem þú ert

Himinn og haf/SIA










**WILLIAM MAKEPEACE THACKERAY (1811-1863) LÉST ÞENNAN DAG**

*„Móðir, er nafn guðs á vörum og í huga ungra barna.“*

*W.M. Thackeray var enskur rithöfundur, einna þekktastur fyrir verk sitt Vanity Fair.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 24. DESEMBER 1974

### Talinn drukknaður en finnst á lífi



Á þessum degi árið 1974 uppgvötaðist að fyrrverandi breskur þingmaður, John Stonehouse, sem talið var að hefði drukknað, lifði undir fölsku nafni í Ástralíu. Lögreglan í Melbourne hafði tekið hann höndum þar sem talið var að hann hefði komið inn í landið á fölskum skilríkjum, en Stonehouse kallaði sig þá Donald Clive Mildoon.

Talið var að Stonehouse hefði drukknað eftir að hann hvarf í viðskiptaferð sinni til Miami Beach þann 20. nóvember. Hann hafði farið að synda í sjónum en hvorki fannst tangur né tetur af honum nema föt hans sem urðu eftir á ströndinni. Eiginkona hans, Barbara, flaug til Ástralíu en hún var jafn hissa á að eiginmaður sinn væri á lífi og allir aðrir.

Þingmaðurinn sem eitt sinn var talinn koma til greina sem leiðtogi Verkamannaflokksins, hafði ætlað að hefja nýtt líf í Ástralíu ásamt fyrrverandi ritara sínum, hinni 28 ára Sheilu Buckley. Stonehouse var vísað úr landi stuttu síðar. Í ágúst 1976 var hann dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir þjófnað, svik og blekkingu, en Stonehouse hafði stundað vafasama viðskiptahætti rétt fyri hvarf sitt. Stonehouse sat aðeins í þrjú ár í fangelsi en hlaut á þeim tíma þrjú hjartaáföll. Hann giftist fröken Buckley árið 1981 og lést sjö árum síðar, þá 62 ára að aldri.

## MERKISATBURÐIR

**1814** Skrifað er undir friðarsáttmála á milli Breta og Bandaríkjamanna í Ghent í Belgíu.

**1865** Ku Klux Klan er stofnað í Bandaríkjunum.

**1930** Útvarpað er frá aftansöng í Dómkirkjunni í Reykjavík í fyrsta sinn. Þessi hefð hefur haldist síðan.

**1933** Lestur jólakveðja hefst í Útvarpinu, klukkan 17. Síðan hefur þessi dagskrárliður verið árlega, síðustu ár á Þorláksmessu.

**1962** Rúmlega þúsund hermenn, sem teknir voru til fanga við Svínaflóa, snúa aftur til Bandaríkjanna. Stjórnvöld á Kúbu fengu borgaðar rúmlega 53 milljónir dala í vörum fyrir að leysa fangana úr haldi.


†



*Við sendum hugheilar þakkir öllum þeim sem sýndu okkur samúð og stuðning við fráfall og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa*

**Jans Eyþórs Benediktssonar**
Naustabryggju 12, Reykjavík.

Einnig sérstakar þakkir til sr. Jónu Lísu, starfsfólks Úrvals Útsýnar á Kanaríeyjum og hér heima, fyrir frábæra hjálp og stuðning. Guð blessi ykkur öll og gefi ykkur gleðileg jól og farsæld á nýju ári.

**Jóhanna Þ. Bjarnadóttir og fjölskylda.**



†



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför*

**Óla J. Blöndal**
frá Siglufirði.

Innilegar jólakveðjur til ykkar allra,

**Margrét Björnsdóttir Blöndal**
**Ólöf Birna Blöndal** — **Sveinn Þórarinsson**
**Jósep Ó. Blöndal** — **Erla Harðardóttir**
**Ásbjörn Ó. Blöndal** — **Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Sigurður Ó. Blöndal** — **Linda Björk Guðmundsdóttir**
**Guðrún Ó. Blöndal** — **Friðrik Jón Arngrímsson**
**Bryndís J. Blöndal**
**afa- og langafabörn.**


Fróðleikur af gardur.is

**“Drottning leiksviðsins á Íslandi”:**



## *Stefanía Guðmundsdóttir*

Stefanía Anna Guðmundsdóttir var fædd í Reykjavík 29. júní 1876, dóttir Guðmundar Jónssonar trésmiðs og k.h. Önnu Stefánsd. frá Viðvík. Missti móður sína ung, og faðir hennar fluttist til Vesturheims. Ólst svo upp með frænku sinni á Seyðisfirði, í Rvík frá 1889. Lauk þar barna- og Kvennaskólanámi. 1883 lék hún sitt fyrsta hlutverk. Vann skjótt hugi og hjörtu Reykvíkinga. Kynnti sér leiklist í Khöfn 1904–5 og 1914. Meðal aðalstofnenda Leikfél. Rvíkur 1897, lék þar fjölda vandasamra hlutverka, mörg af fágætri snilld. Þorsteinn Erlingsson kvað leiklistina á Íslandi "landnám Stefaníu." 25 ára leikafmælis hennar var hátíðlega minnzt. Dvaldist árlangt í N-Ameríku í boði V-Íslendinga 1920–21, lék þá í 7 leikritum í fjölda leiksýninga víða. Lék í kvikmyndinni Sögu Borgarættarinnar 1919. Rak dansskóla. Veitti tilsögn í framsögn og sviðsframkomu. Form. LR einn vetur. Varð sjálf kveikjan að stofnun Leikfél. Akureyrar. Á hátindi ferils síns veiktist hún og lézt á 50. aldursári á sjúkrahúsi í Khöfn 16. jan. 1926. Fór útförin fram með viðhöfn í Dómkirkjunni. Tveir sjóðir voru stofnaðir til minningar um hana. Ævisaga hennar, Leyndarmál frú Stefaníu e. Jón Viðar Jónsson, kom út 1997. – M.h. (1896): Borgþór Jósefsson, bæjargjaldkeri í Rvík. Áttu sjö börn (ættarnafn: Borg), og fengust mörg við leiklist; frægust varð Anna Borg-Reumert í Khöfn.

Stefanía hvílir í leiði nr. 6 á svæði E6 í Hólavallagarði, sjá nánar á www.gardur.is

Meira um hana á gardur.is

gardur.is

Hægt er að setja inn æviágrip látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

## SÉRA SIGURÐUR PÁLSSON: MESSAR Á JÓLUM Í SÍÐASTA SINN

# Gengur til messuhalds af gleði

Séra Sigurður Pálsson, sóknarprestur í Hallgrímskirkju, messar við hátíðamessur í síðasta sinn nú um jólin. Hann lætur af störfum á fyrri hluta nýs árs eftir níu ára þjónustu við sóknina.

„Ég geng fyrst og fremst til messuhalds nú um jólin af gleði en auðvitað eru það ákveðin þáttaskil í lífi manns að láta af störfum og hafa skilað ævistarfinu,“ segir Sigurður sem verður sjötugur á næsta ári. Hann bætir við að nýr þáttur hefjist í lífi hans við þessi tímamót. „Nú ellin auðvitað,“ svarar hann hlæjandi, spurður um hvaða þáttur það sé. „Svo bíða mín verkefni meðan ég hef vit og heilsu svo ég sest ekki niður til að flétta fingur.“ Sigurður ætlar að skrifa um kirkju og skóla á tuttugustu öld en hann starfaði innan menntageirans á árum áður, vann að námsefnisgerð og -útgáfu auk þess að vera námsstjóri í kristnum fræðum.

Annir verða hjá prestum Hallgrímskirkju yfir hátíðirnar líkt og hjá öðrum prestum. „Hér verða tvær messur á aðfangadagskvöld og svo messum við á jóladag og annan jóladag, á gamlársdag og nýársdag. Þetta verður í hefðbundnum farvegi. Að auki förum við inn á stofnanir í sókninni og verðum með helgihald þar.“ Sigurður verður því að störfum meira og minna alla jólahátíðina.

„Það kostar undirbúning að stíga í stólinn, það þarf jú að undirbúa predikanir,“ segir hann. Fjölskyldan hefur sýnt störfum Sigurðar skilning en hann segir að hann hefði ekki endilega viljað sinna þessu starfi þegar hann var með smábörn á heimilinu enda tekur það býsna mikið til sín, sérstaklega á aðfangadag og jóladag. Sú var ekki raunin á sínum tíma því Sigurður gerðist ekki prestur fyrr en fyrir tæpum níu árum. „Ég lauk ekki guðfræðiprófi fyrr en fimmtugur og er því tiltölulega ungur prestur þó ég sé að láta af störfum sakir aldurs.“

Sigurður var vel kunnugur Hallgrímskirkju þegar hann réðist þangað sem prestur enda vann í sjö ár á undan sem framkvæmdastjóri Hins íslenska biblíufélags en aðsetur þess er á sjöundu hæð Hallgrímskirkjuturns. „Það var ánægjulegt að koma niður úr turninum og verða prestur en miklu erilsamara því prestur ræður ekki tíma sínum nema mjög takmarkað. Þegar ég var í turninum gat ég skipulagt tíma minn en í þessu starfi verður maður að bregðast við þegar þörf er á manni.“

Sigurður situr í þýðingarnefnd Gamla testamentisins en í fyrirhugað er að gefa út nýja þýðingu Biblíunnar á næsta ári. „Það þarf að vanda til þess verks, hefðirnir eru ríkar og huga þarf vel að málfari. Það má ekki verða flatneskjulegt en þarf samt að vera vel skiljanlegt nútímamanneskjunni. Svo hafa orð breytt um merkingu á þessum hundrað árum sem liðin eru síðan Biblían var síðast þýdd,“ segir Sigurður Pálsson.

Messað verður í Hallgrímskirkju klukkan 18 í dag og klukkan 23.30 í kvöld. ■



**SÉRA SIGURÐUR PÁLSSON** Messar við hátíðamessur í síðasta sinn um þessi jól því hann lætur af störfum sem sóknarprestur Hallgrímskirkju á fyrrihluta nýs árs. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## ANDLÁT

**Guðbjörg Åby Ottadóttir**, Lærdal, Noregi, áður Grensásvegi 54, andaðist á heimili sínu 21. desember.

**Hólmfríður Kristín Jónsdóttir**, frá Jarlsstöðum í Aðaldal, lést í Svíþjóð, sunnudaginn 18. desember. Bálför hennar hefur farið fram.

**Ingi Bergmann Karlsson**, Aðallandi 11, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 22. desember.

Séra **Ólafur Oddur Jónsson**, sóknarprestur í Keflavík, er látinn.

## AFMÆLI

**Heimir Sindrason**, tannlæknir og lagahöfundur, er 61 árs.

**Hlíf Svavarsdóttir** danshöfundur er 56 ára.

**Sigmar Þröstur Óskarsson**, fyrrverandi handboltamaður, er 44 ára.

**Guðjón Bergmann** jógakennari er 33 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1475** Thomas Murner, þýskur rithöfundur.

**1491** Ignatíus frá Loyola, stofnandi jesúítareglunnar.

**1905** Howard Hughes, bandarískur kvikmyndaframleiðandi.

**1922** Ava Gardner, bandarísk leikkona.

**1974** Ryan Seacrest, bandarískur þáttastjórnandi.

# Trúin ekki á undanhaldi

Jón Oddgeir Guðmundsson rekur litla verslun í miðbæ Akureyrar. Flestar verslanir á sama svæði blasa við augum þeirra sem leið eiga um miðbæinn, en verslun Jóns Oddgeirs er sú eina sem er vel falin, þó ekki sé það að yfirlögðu ráði. Verslunin heitir Litla húsið og stendur í porti innan við Sjallann og þar verslar Jón Oddgeir með varning af kristilegum toga.

Jón Oddgeir hefur rekið Litla húsið frá árinu 1981 en húsið er aðeins 35 fermetrar að grunnfleti, með geymslum á efri hæð, og því er verslunin ein sú minnsta á landinu.

Jón Oddgeir segir jólaverslunina hjá sér svipaða og undanfarin ár en vinsælustu vörurnar eru bænabækur, Biblíur handa börnum, krossar af ýmsum toga og guðsorðaöskjur með 200 ritningargreinum sem hann gefur út sjálfur. Englanælur og englamyndir eru einnig vinsælar, sem og koddaver með myndum af englum.

„Ég hef lítið auglýst í gegnum tíðina en þó hafa viðskiptin heldur farið vaxandi. Flestir viðskiptavinirnir eru trúhneigðir og almennt finnst mér fólk ekki síður trúað í dag en þegar ég byrjaði fyrir hartnær aldarfjórðungi,“ segir Jón Oddgeir. ■




Jón í Litla húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/KK.



SÖLUSTAÐIR UM LAND ALLT

# FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

## SÖLUSTAÐIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

**Reykjavík - Austurbær**
- Hús Flugbjörgunarsveitarinnar við Flugvallaveg
- Við BT í Skeifunni
- Við Ikea í Holtagörðum
- Við Listaháskóla Íslands Kirkjusandi
- Við Glæsibæ

**Reykjavík - Vesturbær**
- Björgunarstöðin Gróubúð, Grandagarði 1
- Við Sundlaug Vesturbæjar

**Seltjarnarnes**
- Björgunarstöðin við Bakkavör

**Reykjavík - Árbær/Höfði**
- Hjálparsveitarhús HSSR, Malarhöfða 6
- Bifreiðar og Landbúnaðarvélar
- Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23
- Skátahúsinu, Hraunbæ 123
- Húsgagnahöllin við Bíldshöfða

**Reykjavík - Breiðholt**
- Við Krónuna, Jafnaseli
- Við verslunina Hólagarð
- Við verslunina Nettó í Mjódd

**Reykjavík - Grafarvogur**
- Spöngin, verslunarmiðstöð
- Við Gylfaflöt 19

**Reykjavík - Grafarholt**
- Við Húsasmiðjuna

**Kópavogur**
- Flugeldamarkaður, Toyotahúsið Nýbýlavegi 2
- Hjálparsveitarskemma, v/Bryggjuvör
- Kraftvélar, Dalvegi 6-8
- Áhaldahús, Álalind 1
- Við Salalaug, Versali

**Garðabær**
- Hjálparsveitarhús við Bæjarbraut
- Við Sjálandsskóla

**Bessastaðahreppur**
- Skátaheimilið v/Breiðumýri

**Hafnarfjörður**
- Björgunarhúsinu, Flatahrauni 14
- Við smábátahöfnina, Fornubúðum 8
- Skátaheimilið, Víðistaðatúni
- Haukahúsið, Ásvöllum

**Mosfellsbær**
- Björgunarsveitarhúsið, Völuteig 23
- Við Bæjarleikhúsið

**Kjalarnes**
- Við björgunarsveitarhúsið

## SÖLUSTAÐIR UM LANDIÐ

**Akranes**
Björgunarmiðstöðin, Kalmarsvöllum 2

**Borgarnes og Borgarfjörður**
Björgunarsveitarhúsið í Brákarey
Reykholt, Kleppjárnsreykir, Laugagerði og Varmaland

**Snæfellsnes sunnanvert**
Björgunarsveitarhús Laugagerði

**Ólafsvík**
Björgunarsveitarhús

**Stykkishólmur**
Björgunarsveitarhús, Nesvegi 1a

**Grundarfjörður**
Björgunarhúsið, Sólvöllum 17a

**Hellissandur**
Björgunarstöðinni Líkn

**Búðardalur**
Skeggjabúð

**Reykhólar**
Björgunarsveitarhúsið, Suðurbraut 5

**Patreksfjörður**
Aðalstræti 62 (Nýja bakaríið)

**Bíldudalur**
Skeggjabúð við Miðbraut

**Barðaströnd**
Á Brjánslæk

**Tálknafjörður**
Björgunarsveitarhúsið v /Strandgötu

**Súðavík**
Björgunarsveitarhúsið

**Ísafjörður**
Félagsheimilinu Hnífsdal

**Bolungarvík**
Björgunarsveitarhús, Hafnargötu 60

**Suðureyri**
Björgunarsveitarhús Skólagötu

**Þingeyri**
Stefánsbúð

**Drangsnes**
Björgunarsveitarhúsið, Grundargötu 21

**Hólmavík**
Björgunarsveitarhúsið, Höfðagötu 9

**Árneshreppur**
Í aðstöðu Björgunarsveitarinnar

**Blönduós**
Björgunarfélagshúsið, Efstubraut 3

**Skagaströnd**
Gamla Kaupfélagshúsið

**Hvammstangi**
Húnabúð, Höfðabraut 30

**V-Húnavatnssýsla**
Reykjaborg, Laugabakka

**Hofsós**
Björgunarsveitarhúsið við Skólagötu

**Varmahlíð**
Björgunarstöðinni við Sauðárkróksbraut

**Sauðárkrókur**
Björgunarsveitarhúsinu

**Siglufjörður**
Þormóðsbúð, Tjarnargötu 18

**Árskógsströnd**
Björgunarsveitarhúsið, Ægisgötu 25

**Eyjafjarðarsveit**
Hrafnagilsskóli

**Ólafsfjörður**
Björgunarsveitarhús Múlavegi

**Akureyri**
Hjalteyrargötu 12
Lundur við Viðjalund

**Grenivík**
Ægisbúð

**Dalvík**
Björgunarsveitarhúsinu við Gunnarsbraut

**Hrísey**
Hús björgunarsveitarinnar, Ægisgötu 13

**Grímsey**
Skemman hans Fúsa

**Svalbarðseyri**
Ráðhúsinu

**Aðaldalur**
Hjálparsveitarhúsið, Iðjugerði 1

**Kópasker**
Björgunarsveitarhúsið, Bakkagötu 6

**Þingeyjasveit**
Hús sveitarinnar að Stóru Tjörnum

**Raufarhöfn**
Stjörnubúð

**Mývatnssveit**
Björgunarsveitarhúsinu, Múlavegi 12

**Bakkafjörður**
Fiskverkunarhús Áka

**Vopnafjörður**
Björgunarsveitarhúsið

**Egilsstaðir**
Björgunarsveitarhúsið, Miðási 1-3

**Seyðisfjörður**
Sæból

**Eskifjörður**
Björgunarstöðin, Strandgötu 11

**Jökuldalur**
Í aðstöðu hjálparsveitarinnar

**Þórshöfn**
Hafliðabúð, Fjarðarvegi 6

**Reyðarfjörður**
Þórðarbúð

**Borgarfjörður eystri**
Björgunarsveitarhúsinu Heiði

**Djúpivogur**
Slysavarnahúsið, Mörk 12

**Neskaupstaður**
Nes, Nesgötu 4

**Breiðdalsvík**
Björgunarsveitarhúsið, Selnesi 8

**Fáskrúðsfjörður**
Grímseyri 9

**Hornafjörður**
Hús Björgunarfélagsins, Álaugarvegi 9

**Kirkjubæjarklaustur**
Björgunarstöðin á Iðjuvöllum

**Skaftártunga**
Björgunarsveitin Stjarnan, Múla

**Álftaver**
Björgunarsveitin

**Vík**
Björgunarsveitarhúsinu, Smiðjuvegi 15

**Austur - Eyjafjöll**
Björgunarsveitarhúsið, Bræðrabúð

**Hvolsvöllur**
Björgunarsveitarhúsið, Dufþaksbraut

**Austur - Landeyjar**
Björgunarsveitarhúsinu Sléttuból

**Hella**
Flugbjörgunarsveitarhúsið, Dynskálum 34

**Vestmannaeyjar**
Björgunarsveitarhúsinu

**Flúðir**
Björgunarsveitarhúsið, Smiðjustíg 8

**Gnúpverjahreppur**
Björgunarsveitarhúsið Árnesi, Brautarholti, Sundlaugarkjallara

**Selfoss**
Tryggvabúð, Austurvegi 21

**Stokkseyri**
Björgunarsveitarhúsið, Eyrarbraut

**Eyrarbakki**
Slysavarnaskýli Bjargar

**Þorlákshöfn**
Óseyrarbraut 10

**Laugardalur**
Björgunarsveitarhúsinu

**Hveragerði**
Hjálparsveitarhúsið, Austurmörk 9

**Reykjanesbær**
Björgunarsveitarhúsinu, Holtsgötu 51
Tjarnargötutorgi við Strandgötu

**Sandgerði**
Björgunarsveitarhúsið

**Vogar**
Björgunarskýlið

**Grindavík**
Björgunarsveitarhúsið, Seljabót 10

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

*Víðtækt starf Slysavarnarfélagsins Landsbjargar miðar að því að bjarga verðmætum og koma í veg fyrir slys. Yfir eitt hundrað sveitir sjálfboðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins. Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum ef á reynir.*



**SÉRA KARL PÉTUR SIGURBJÖRNSSON** Það er munur á leik og alvöru. Börnin skynja það. Börn læra að greina milli sannleika og blekkinga. Þau þekkja leikinn og ævintýrið. En þau vita líka hvað er satt og heilt. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

# Heilagur sannleikur jólaguðspjallsins

Jólin eru ævintýri eftirvæntingar, tilhlökkunar, löngunar og biðar segir séra *Karl Sigurbjörnsson,* biskup Íslands, í jólahugvekju til lesenda Fréttablaðsins.

Jólin eru forn hátíð. Margir finna sig knúna að minna á það um þessar mundir. Það er þó kunnara en frá þurfi að segja. Forfeður okkar heiðnir héldu jól, hátíð til árs og friðar. Það var svall, blót til að tryggja hringrás náttúrunnar. Kristnin tengdi þá hátíð fæðingu frelsarans og kristnaði hin heiðnu jól. Ekki lítið afrek það.

Hliðstæðar hátíðir jólum er víða að finna í heimi trúarbragða og menningaheima. En engin er þó eins og jólin hvað varðar áhersluna á góðvild, gjafmildi, og náungakærleik. Hin kristna aðventa og jól eru tími þar sem allt leggst á eitt um að góðvildin komist að, og gleðin sem fæst með því að gleðja. Hér hjá okkur setja jólin mark sitt á þjóðlífið allt, með altækari hætti en nokkuð annað. Það er vegna þess að um aldir hefur hin kristna frásögn, viðmið og gildismat verið ofið inn í líf okkar og heim. Hin kristna frásögn, jólaguðspjallið, er sagan af Jesú, barninu sem fæddist í Betlehem. Vegna þess að hann óx upp og markaði dýpri gæfuspor á jörð en nokkur annar fyrr og síðar.

## Gefum hinni kristnu frásögn gaum

Hin kristna frásögn hefur mótað heiminn okkar, og það sem við köllum siðmenningu, gildismat, guðsmynd, mannskilning, meir en nokkuð annað. Við ættum að gefa því gaum. Það skiptir máli að hin kristna frásögn drukkni ekki í auglýsingaflóði, ærustu, stressi, og jólasveina vaðli. Hátíðir eins og jólin, og athafnirnar, táknin og sögurnar sem marka lífsveg einstaklinga og þjóðar, gæða líf og vegferð trúarlegri merkingu. Þar eru hin æðri markmið sett fram, gildin tjáð um skyldur manns og ábyrgð á sjálfum sér og eigin velferð og annarra. Þess vegna er mikilvægt að heimili og skólar, fjölmiðlar og aðrir mótendur samfélagsins sjái til þess að þau tákn og sögur séu rifjuð upp og ræktuð.

Grýlur og jólasveinar er í besta falli leikur, skemmtun. Allir hafa gott af því að bregða á leik. Ég hef oft leikið jólasvein. En ég trúi ekki á jólasveininn, fremur en nokkur heilvita, fullorðin manneskja. Það er munur á leik og alvöru. Börnin skynja það. Börn læra að greina milli sannleika og blekkinga. Þau þekkja leikinn og ævintýrið. En þau vita líka hvað er satt og heilt. Það er mikil synd þegar hinir fullorðnu gera þar ekki greinarmun á, og rugla börn beinlínis í ríminu. Jólaguðspjallið er heilagur sannleikur.

*Einu sinni man ég að ég kíkti undir pappírinn. Og uppgötvaði þá að í raun og veru hafði mig hreint ekkert langað til að vita fyrir fram, að ég hafði eiginlega skemmt fyrir mér eftirvæntinguna og þrána sem fylgdi því að bíða eftir að stundin rynni upp.*

## Trú er veruleiki

Oft er haft á orði að meira fari fyrir umbúðum en innihaldi jólanna. Við lifum í umbúðaþjóðfélagi. Umbúðir um allt sem hugsast getur. Umbúðirnar virðast skipta meginmáli, umbúðir, ímyndin, „lookið“. Sagt er að unglingarnir viti hvernig þeir eiga að líta út, ekki vanti þá sem segja þeim til um það, en þeir viti síður hvernig þeir eiga að lifa. Ekki vantar áreitin og leiðbeiningarnar um útlit og umbúðir, en minna fer fyrir og síður er hlustað á það sem sagt getur manni „hverju ég á að trúa, hvernig ég á að breyta og hvers ég má vona,“ sem heimspekingurinn Kant sagði forðum að væru einu spurningarnar sem máli skiptu.

Vissulega skipta umbúðir máli, hið ytra skiptir máli. Það veit hver sá sem býður öðrum til veislu, og vill gera vel. Og kristin trú sem er boðskapurinn um Guð sem varð maður, orðið sem varð hold, manneskja, á okkar jörð, í okkar heimi, sú trú tekur hið ytra alvarlega. Líkamann, jörðina, fæði og klæði. Útlit, umgjörð og form skipta máli. Því að líkaminn er bústaður fyrir andann, andinn hefur líkama. Og andinn þarfnast þess sem augað sér og eyrað heyrir og hendurnar geta þreifað á, og ilmanin fundið, til að ljúka upp hinni innri sýn til þess sem sálina grunar og andinn einn sér. Þess vegna eru hátíðir mikilvægar, dagamunur, sem þar sem okkur skapast rými fyrir það sem heilagt er. Og það er líka samfélagslegt. Okkar kristna trú er samfélagslegur veruleiki, ekki eintal sálarinnar, einveruhamingja hugans, heldur samfélag, tengsl, við Guð og menn. Og slíkur tími er aðventa og jól, umfram aðra tíma og tíðir.

## Ævintýri jólanna

Jólagjafir skipta máli. Í jólaminningum mínum skipa gjafirnar stóran sess, eftirvæntingin, tilhlökkunin eftir gjöfum. Mamma faldi gjafirnar vandlega. En auðvitað fann maður þær, eða vissi hvar þessi felustaður var. Stundum reyndi maður að þukla pakka og geta sér til um innihaldið. Einu sinni man ég að ég kíkti undir pappírinn. Og uppgötvaði þá að í raun og veru hafði mig hreint ekkert langað til að vita fyrir fram, að ég hafði eiginlega skemmt fyrir mér eftirvæntinguna og þrána sem fylgdi því að bíða eftir að stundin rynni upp. Vegna þess að það var ekki bara gjöfin sem maður vildi og þráði, það var þetta ævintýri jólanna, ævintýri eftirvæntingar, tilhlökkunar, löngunar og biðar, sem aðventunni fylgdi. Það er partur af þessu öllu. Vegna þess að viska aldanna og kynslóðanna veit að það að bíða, þreyja, það er uppspretta gleði og fullnægju, listar og ljóðs. Það að fá allt strax og fyrir fram kæfir hins vegar ímyndunaraflið, sköpunargáfuna og gleðina. Trúin er sannfæring um þá hluti sem eigi er auðið að sjá. Og hún er fullvissa um að leyndardómarnir munu ljúkast upp, svörin fást um síðir. Þegar ríki Guðs kemur og vilji hans verður.

Gjafaflóð okkar daga er komið út yfir öll eðlileg mörk. Fólk gerir sífellt meiri kröfur til að njóta réttu jólastemningarinnar, jólagleðinnar, hátíðleika og hvað eina sem hin fullkomnu jól eiga að færa manni. En samtímis því sem væntingarnar vaxa, reka fleiri sig á að þeim verður seint fullnægt í hinu ytra. Mikið af þessum kröfum og leit að hinum fullkomnu jólum er sjálfsdekur og daður. Og það kann ekki góðri lukku að stýra. Væntingarnar um að þetta eina kvöld, að þessa fáu jóladaga gangi allt upp, allir verði glaðir og góðir, bresta æði oft. Og þeim sem eru einmana, eða í sorg eru jólin einatt allra erfiðasti tími ársins. Gjafirnar skipta máli, sem tjáning væntumþykju og kærleika. Þær eru í eðli sínu vitnisburður um þá dýrmætustu gjöf sem nokkurn tíma hefur verið gefin. Þeim er ætlað að bergmála gleði og þökk yfir þeirri gjöf. Það er frelsarinn, Kristur.

*Útlit, umgjörð og form skipta máli. Því að líkaminn er bústaður fyrir andann, andinn hefur líkama. Og andinn þarfnast þess sem augað sér og eyrað heyrir og hendurnar geta þreifað á, og ilmanin fundið, til að ljúka upp hinni innri sýn til þess sem sálina grunar og andinn einn sér.*

Gjafmildi, góðvild og gleði eru meginstef jólanna. Það er órofa tengt jólaboðskapnum sjálfum, og innsta grunni hinnar kristnu trúar, hinum heilaga sannleika um lífið. „Svo elskaði Guð heiminn að hann gaf son sinn eingetinn til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf!“ Látum þann heilaga sannleika ná valdi á okkur og lýsa okkur. GLEÐILEG JÓL.







# Varanlegt forskot

**SAMKVÆMT GLÆNÝRRI KÖNNUN GALLUP HELDUR FRÉTTABLAÐIÐ YFIRBURÐUM SÍNUM Í LESTRI!**

Íslenska þjóðin velur Fréttablaðið og er bilið langbreiðast meðal fólks undir 50 ára. Markaðskannanir sanna að fólk á þessum aldri stendur fyrir um 85% af einkaneyslu auk þess að vera líklegra til að láta kynningarefni hafa áhrif á kaup sín.

**Fréttablaðið er áhrifaríkasti auglýsingamiðillinn!**

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn!

Fíton/SÍA

**SKÚFFUSKÁLDIÐ } HREINN LOFTSSON**

# *Átti þann draum að skrifa leikrit og ljóð*



Lesendum Fréttablaðsins gefst að þessu sinni tækifæri til að kíkja í skúffur sem hingað til hafa verið harðlæstar ljóðaunnendum. Enda hefur höfundurinn sjaldan verið orðaður við skáldskap þó nafntogaður sé. Líf Hreins Loftssonar, stjórnarformanns Baugs, snýst ekki einungis um þrætur um stjónmál og lagabókstaf. Þegar griður gefst frá slíkum önnum horfir eyjapeyjinn inn á við og grípur jafnvel til stílvopnsins ef svo ber undir.

„Ég er frekar hikandi við að opinbera þetta enda hef ég lítið sinnt þessum skrifum undanfarin ár,“ segir skúffuskáldið Hreinn Loftsson. „Í gagnfræða- og menntaskóla orti ég eitthvað og skrifaði ljóðræna texta en svo tók háskólanámið við og seinna brauðstritið. Ég átti mér einu sinni þann draum að verða rithöfundur og skrifa leikrit og ljóð en margt fer öðruvísi en ætlað er.“

Lögfræðingurinn er strax orðinn skáldlegur í fasi þegar hann er inntur eftir ljóðum sínum. „Þetta litla ljóð hefur verið að brjótast um í mér að undanförnu. Segja má að þessi bragur sé um gamalkunnugt stef og sprottinn upp úr aldamótahugleiðingum enda heitir ljóðið Horfin tíð:

*Þú veist að öld er liðin þegar andblær hennar deyr,*
*orð sem hrifu fjöldann megna það ei meir,*
*ótti sem ærði hugann minnkar og fer,*
*ógnvaldur hverfur meðan enginn sér.*
*Eins fór um vináttu okkar og öldina sem leið,*
*að eilífu hvort tveggja rann sitt skeið.“*

En skúffuskáldið horfir ekki aðeins inn á við þegar griður gefst. Einnig hefur hann sótt styrk og eitthvað af andagift til æðri máttarvalda. „Trúin hefur sótt á mig undanfarin misseri og ég er ekkert feiminn við að viðurkenna að þangað hef ég sótt styrk og von í gegnum tíðina, allt frá banræsku og unglingsárum. Ég hef aðeins átt einn leiðtoga í lífinu og hann er Jesús Kristur. Seinna ljóðið mitt sem ég ætla að hafa upp núna er einmitt með trúarlegum undirtón. Ég kalla það Í hjarta mínu innst:

*Í hjarta mínu innst er himneskt fræ,*
*á huga minn leitar sí og æ.*
*Ég verð að hugsa vandlega um það,*
*vilji ég komast á réttan stað.*
*Þá anga sína teygir upp til þín,*
*í unað þann og birtu sem aldrei dvín.*
*Sannlega korninu sáð var af þér,*
*en stærð þess og styrkur veltur á mér.“*

Það er stórt skref fyrir skúffuskáldið að opna fyrir þessi einlægu ljóð og þykir honum því ráð að fara að fjalla um kveðskap annara. „Ég er einna hrifnastur af Einari Benediktssyni. Ég man að íslenskukennari minn í menntaskóla hvatti mig til að kynna mér kveðskap hans. Einnig þykir mér vænt um sum ljóða Snorra Hjartarsonar. Til dæmis ljóðið um Jónas Hallgrímsson, það er svo myndrænt og fallegt. Svo er Davíð Stefánsson í miklum metum hjá mér og ekki er mér örgrannt um að þessar línur úr Rottu-kvæði hans eigi enn fullt erindi til okkar:

*Fjöldi manna*
*felur sig bak við tjöldin.*
*Þeir narta í orðstír nágrannanna,*
*niðra þeim, sem hafa völdin,*
*eiga holu í hlýjum bæjum,*
*hlera og standa á gægjum,*
*grafa undan stoðum sterkum,*
*stoltir af sínum myrkraverkum.*
*Allar nætur, alla daga,*
*er eðli þeirra og saga*
*að líkjast rottunum*
*með löngu skottunum*
*og naga, naga.*

Raunar hef ég upplifað að það er ekki aðeins nartað í orðstír þeirra sem hafa völdin heldur hefur því brugðið við að valdhafar og félagar þeirra hegði sér eins og rotturnar í kvæðinu, nagi og narti í orðstír þeirra sem þeim mislíkar. En það er önnur saga,“ segir skúffuskáldið.

En pólitíska argaþrasið er fljótt að víkja úr huga Hreins sem nú er í hátíðarskapi. „Um síðustu jól dundaði ég mér við að íslenska bæn heilags Frans frá Assisi í þeirri útgáfu eftir Sebastian Temple sem er við frægt lag hans. Lagið var samið 1967 og flutt meðal annars við jarðarför Díönu prinsessu af Wales. Það heitir breyt mér í farveg friðar þín og er svona:

*Breyt mér í farveg friðar þíns,*
*í stað haturs ég færi kærleika þinn og ást,*
*líkn þína Drottinn, þeim sem líður illa og þjást,*
*í stað efans, sanna trú á þig.*

*Breyt mér í farveg friðar þíns,*
*í stað óttans ég færi friðþægingu þína og ást,*
*ljós, þar sem myrkur hefur ríkt,*
*í stað sorgar, gleði hjarta míns.*

*Drottinn, gef ég megi þess ávallt leita fyrst,*
*að hugga, fremur en að njóta huggunar,*
*að skilja, fremur en að njóta sjálfur skilnings,*
*að elska, fremur en að vera elskaður.*

*Breyt mér í farveg friðar þíns,*
*það er í fyrirgefningunni, sem fyrirgefning fæst,*
*í gjöfum okkar, sem okkur er veitt,*
*og í dauðanum, sem við fæðumst til eilífs lífs.“*

Að svo kveðnu lokar skúffuskáldið hirslum sínum og biður fyrir jólakveðjur nær og fjær.




FOREST WHITAKER
JULIA STILES
"The entire cast is solid but the film truly belongs to Whitaker as he slowly pieces together the truth"
"A Little Trip To Heaven" has a noirish quality with a highly effective visual style"
★★★★
-Toronto Sun
"Julia Stiles is dangerously sexy"
-Screen International
A LITTLE TRIP TO HEAVEN
KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
A LITTLE TRIP TO HEAVEN kvikmynd eftir Baltasar Kormák
FOREST WHITAKER JULIA STILES JEREMY RENNER PHILIP JACKSON ANNE REID PHYLLIDA LAW ALFRED HARMSWORTH JOANNA SCANLAN IDDO GOLDBERG
VLADAS BAGDONAS MATYELOK GIBBS DAMON YOUNGER MARIA FERNANDEZ-ACHE og PETER COYOTE sem Frank FRAMLEITT AF Little Trip ehf fyrir Sögn ehf Blueeyes Productions Palomar Pictures og Pink Pictures
AÐALFRAMLEIÐENDUR Sigurjón Sighvatsson Baltasar Kormákur FRAMLEIÐENDUR Jón Ásgeir Jóhannesson Lilja Pálmadóttir MEÐFRAMLEIÐANDI Agnes Johansen KLIPPING Virginia Katz Richard Pearson Sigvaldi J. Kárason
LEIKMYNDAHÖNNUN Karl Júlíusson KVIKMYNDATAKA Óttar Gudnason TÓNLIST Mugison HLJÓÐHÖNNUN Kjartan Kjartansson HÁR OG FÖRÐUN Ragna Fossberg BÚNINGAR Helga I. Stefánsdóttir AÐSTOÐARLEIKSTJÓRI Leifur Dagfinnsson
LEIKARAVAL Liora Reich-UK FRUMSAMIÐ HANDRIT Baltasar Kormákur MEÐHÖFUNDUR Edward Martin Weinman LEIKSTJÓRN Baltasar Kormákur
MYNDIN ER GERÐ MEÐ STUÐNINGI FRÁ IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTINU
DOLBY DIGITAL
Kvikmyndamiðstöð ÍSLANDS Icelandic Film Centre
JÓLAMYNDIN 2005
KB BANKI
NFTF Nordisk Film- & Tv Fond
FRUMSÝND ANNAN Í JÓLUM
Magnaður spennutryllir frá Baltasar Kormáki.
Frábær tónlist eftir Mugison m.a. hið vinsæla titillag.
20% afsláttur af miðaverði fyrir viðskiptavini KB banka
Bönnuð innan 14 ára
Veldu kvikmyndahús og sýningartíma sem henta þér
SMÁRABÍÓ
Miðasala opnar kl. 13.30
Kl. 4 - 6 - 8 - 10
Lúxus kl. 4 - 6 - 8 - 10
REGNBOGINN
Miðasala opnar kl. 14.30
Kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 11
LAUGARÁSBÍÓ
Miðasala opnar kl. 14.00
Kl. 8 - 10
Borgarbíó
Miðasala opnar kl. 13.30
Kl. 6 - 8 - 10



# JÓLASVEINNINN Í EL SALVADOR ER ÍSLENSKUR

**Einar Sveinsson** tók að sér hlutverk Sveinka í Suður-Ameríku. *Klemens Ólafur Þrastarsson* fékk að heyra um hans óvenjulega lífshlaup.

Það er furðulegt til þess að hugsa að syðst í El Salvador séu íslensku jólasveinarnir að verða vinsælir. Þeir hafa breyst heilmikið á leiðinni og lagað sig að aðstæðum: Kertasníkir er leikinn af snoturri franskri unglingsstúlku og Gluggagægir er nú „alsjáandi“ í stað þess að vera að dónast á gluggum heimila.

Maðurinn á bak við þessa útrás jólasveinanna er Einar Sveinsson. Árið 1968, þegar Einar var tuttugu og þriggja ára, heimsótti hann pabba sinn sem var verkfræðingur Sameinuðu þjóðanna í El Salvador. Einar sneri aldrei til baka og hefur lifað tímana tvenna þar syðra. Hann starfaði fyrst sem flugmaður, en hefur hefur síðan unnið fyrir sér sem útgefandi, ráðunautur sjónvarpsstöðva eins og HBO og Warner, og nú seinast sem „hinn raunverulegi jólasveinn“, eins og fólkið í El Salvador kallar hann. Einar er gráhærður og alskeggjaður, hávaxinn og ekki horaður. Hann minnir helst á vinalegan víking eða allsherjargoða í rauðum jólasveinabúningi, syngjandi íslensk jólalög á spænsku.



EINAR SVEINSSON Ritstjóri og jólasveinn.

**Úr pólitík í barndóm**

Einar varð fljótlega góðvinur háttsettra Bandaríkjamanna og var iðulega boðið í veislur bandaríska sendiráðsins. Það var sérstaklega gott að vera Íslendingur á ófriðartímum og hann var hvergi illa séður. Hann eignaðist góða vini og kunningja í æðstu kreðsum diplómata margra landa. Þegar enginn trésmiður í Hondúras treysti sér til að innrétta höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna bauð Einar sig fram, þrátt fyrir að hafa enga reynslu af slíku. Tilboðinu var tekið og Einar hófst handa. Hann hafði gefið út smárit sem bentu gjarnan á hið góða í starfsemi alþjóðasamfélagsins - og sérstaklega Bandaríkjanna - í Mið-Ameríku og var þekktastur undir nafninu „The Editor“ eða Ritstjórinn. Þetta varð til þess að hann kynntist starfsemi UNICEF og varð aðdáandi númer eitt.

**Mexíkó vantar jólasvein**

Eftir að stríðinu fór að slota upp úr 1991 hafa kraftar Einars að miklu leyti beinst að börnum. Hann byrjaði að gefa út litla auglýsingabæklinga sem kenna börnum að lesa og lét stórfyrirtæki kosta verkið með auglýsingum. Hann var staddur í Mexíkó einn daginn, fúlskeggjaður, og var að brasa eitthvað í sjónvarpi. Allt í einu er stungið upp á því, meira í gríni en alvöru, að Ritstjórinn leiki jólasveininn í mexíkóskum sjónvarpsþætti. Einar kom af fjöllum og leist nú ekki á blikuna í fyrstu, en hann segist aldrei hafa tekið sig of alvarlega og ákvað því að slá til.

**Teningum kastað**

Þættinum mexíkóska var dreift til fleiri landa. Jólin 1999 var hann staddur á Íslandi og rak augun í bók um íslensku jólasveinana. Þeir höfðu fölnað í minningunni en fjölmiðlamanninum Einari urðu strax ljósir möguleikar þeirra á alþjóðamarkaði og sá að hann yrði að útfæra þessa hugmynd áður en Walt Disney stæli henni. Hann skyldi bjarga jólunum frá Disney. „Þetta er þvílíkt gull, þessar sögur,“ segir hann dreymin á svip.

Hann hóf strax handa við að skrifa þætti og atriði og kom saman Álfunum, en svo kallast „íslensku“ jólasveinarnir sem fylgja honum. Sumt varð þó að vera eftir heima. „Grýla gengur bara ekki upp í barnaþætti í kaþólsku samfélagi, það fara allir að tala um nornir,“ segir hann.

**Hitabeltisjólasveinninn**

Sjónvarpsþáttur Einars heitir „Sveinki og álfarnir“ og er sýndur í jólamánuðinum og hefur um 60% áhorf á sunnudagsmorgnum í El Salvador. En Einar er með áform um stærri hluti. Hann stefnir á



EL SALVADOR ÚR LOFTI Sveinki undirbýr lendingu.

allan mið-ameríska markaðinn og jafnvel lengra, ef guð lofar. Hugmyndin gengur út á að jólasveininn uppgötvar að hitabeltið hefur alveg farið fram hjá honum þegar lítill fugl þaðan villist norður. Þegar Sveinki skilar honum aftur heim opnast honum nýr heimur og hann sest þar að. Sjálfsævisögulegur jólasveinaþáttur? Einar tekur ekki fyrir það. „Það er bara gaman að standa í þessu og verði eitthvað meira úr þessu læt ég hluta gróðans fara til SOS á Íslandi. Þessir íslensku jólasveinar eru nú ekki einu sinni mín hugmynd. Þeir tilheyra íslenskum börnum, eða börnum allra landa. Enda snýst þetta ekki um peninga, heldur að hafa gert eitthvað í lífinu, eitthvað sem er alveg sérstakt. Þetta snýst allt um töfra.“

**Að standa undir nafni**

Nú er svo komið að í gönguferð um götur höfuðborgarinnar með Einari er margoft kallað á hann úti á götu og allir kalla hann Sveinka eða „Santa“. Hann er margbeðinn um að heimsækja spítala og meira að segja læknarnir kalla hann „hinn raunverulega Sveinka“. Hann er jú sá eini sem er með alvöru skegg, er bangsalega vaxinn og að auki frá Íslandi, norðurpólnum. Á spítalanum er hann með smáskemmtun; syngur til dæmis Adam átti syni sjö á spænsku og börnin taka undir. Síðan fer hann til dauðvona barnanna og gefur þeim gjafir. Hann reynir að hugga þau sem gráta og skilur oftast við þau brosandi. „Þetta er besti parturinn af starfinu, en svo er maður stundum alveg niðurbrotinn eftir á,“ segir Einar. Nokkur barnanna eru of máttlaus til að lyfta hendinni eða tala, en öll virðast gleðjast við að sjá hinn raunverulega Sveinka. Og sum trúa bókstaflega á hann. Einn strákurinn spyr hann: „Santa, er það virkilega satt að Köngulóarmaðurinn sé dáinn?“

Stundum skarast líf Ritstjórans og jólasveinsins. Einar hafði verið í mörg ár nokkurs konar milliliður „litla mannsins“ og bandaríska sendiráðsins. Hann fór á milli og greiddi úr málum. Hann var alveg hættur þessu þegar hann eitt sinn átti að skemmta á barnaspítala og var neitað um aðgang vegna launadeilu ríkis og lækna. Börnin máttu ekki fá jólasvein. Einar hljóp heim og fann út að læknar og ríki voru að brjóta mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ákvæðið um að ekki megi draga börn inn í átök. Hann náði að sannfæra læknana um að þeir væru brotlegir og þeir drógu í land og sömdu á annan veg. Spítalinn hefur síðan verið gerður að griðastað sem ekki má leggja undir átök.

**Santa, ekki Santo**

Einar segir með blik í auga að þótt að hann standi í þessu til að gleðja börnin, sé hann fyrst og fremst „performer“ eða trúður. Hann hefur húmor fyrir sjálfum sér en rakar svo af sér skeggið eftir jól, setur búninginn inn í skáp og snýr sér aftur að útgáfumálum. En á meðan á vertíðinni stendur er hann opinber jólasveinn El Salvadors og var nýlega aðalnúmerið í 400.000 manna jólagöngu, fimm kílómetra langri. Hann komst þrisvar á forsíður blaðanna í fyrra. Hann er með útvarps- og sjónvarpsþátt og mætir í jólaveislur. Hann starfrækir að auki eigin jólarokkhljómsveit með Álfunum.

Einn daginn fékk blaðamaður að fara með Einari í opinni herþyrlu (kemur í staðinn fyrir hreindýrin og sleðann) og lenda á fótboltavelli og heilsa börnum. Síðan var brunað í keiluhöll að gefa gjafir. Ekki gafst tími til að skipta um föt og kom það sér vel þegar leigubíllinn lenti í umferðaröngþveiti. Sveinki tók sig til og brá sér út á hraðbrautina og stoppaði - á aðdáunarverðan máta - alla umferð svo leigubíllinn náði að snúa við og fara aðra leið. Þá tóku við tveir tímar í keiluhöll og svo var farið heim í pásu. Næst fékk læknafélagið hann í veislu og svo voru rokktónleikar um kvöldið með Álfunum. Sveinki er köfsveittur, enda búningurinn gerður fyrir norðurpólinn, en það sér ekki á sextugum karlinum um kvöldið. Hann er óþreytandi trúður og segir brosandi að hann geti bara batnað með árunum eftir því sem skeggið hvítnar og bumban stækkar. Hann slær á maga sér til áherslu og segir að lokum: „Að hugsa sér, að fá að vera Santa í þessu landi bara vegna þess að ég fer í rauð föt!“ ■

Bílabúð Benna

Notaðir bílar

# Allt að 100% lán

## af völdum bílum til allt að 60 mánaða

Upplýsingar fást einnig hjá Bílasölunni Ós, Akureyri - sími 462 1430
Allir bílarnir eru líka á www.benni.is

**BÍLASALAN • SKEIFAN • BÍLDSHÖFÐA 10 • S: 577 2800 / 587 1000**



SsangYong Musso E-23, 7/1998, ek. 132 þús, beinskiptur, álfelgur, dráttarkúla, CD, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar, þjófavörn o.fl. verð: 1.050 þús. TILBOÐ: 890,000-



Daewoo Lanos 1,6L.SX, 6/1998, ek. 92 þús, beinskiptur, CD, rafm. í rúðum, 4. dyra, o.fl verð: 490 þús TILBOÐ: 290,000-



Opel Astra G-Coupé, 11/2001, ek. 73 þús, beinskiptur, ABS, Álfelgur, CD, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, smurbók, ný tímareim í 62 þús. o.fl. Ásett verð: 1.590 þús. TILBOÐ: 990,000-



BMW 520 E60, 9/2004, ek. 35 þús, sjálfskiptur, ABS, ASR spólvörn, bakkskynjarar, leður, topplúga, Cruise control, hiti og rafmagn í sætum, leiðsögukerfi o.m.fl. Sjón er sögu ríkari. verð: 4.900 þús. TILBOÐ: 3,990,000-



Audi A6 2.6 quattro, 6/1995, ek. 208 þús, sjálfskiptur, Cruise control, magasín, topplúga, rafm. í rúðum og speglum o.fl. verð: 1.290 þús TILBOÐ: 690,000-



Daewoo Matiz SE-X, 9/1999, ek. 92 þús, beinskiptur, CD, rafm. í rúðum, nýleg tímareim o.fl. TILBOÐ: 390 þús EIGUM NOKKRA SVONA BÍLA Á FLOTTU VERÐI.



Daewoo Tacuma CDX, 9/2003, ek. 32 þús, beinskiptur, ABS, álfelgur, dráttarkúla, CD, rafm. í rúðum og speglum, reyklaus, samlæsingar o.fl. Ásett verð: 1250 þús. TILBOÐ: 990,000-



Opel Astra GL 1200 Wagon, 3/2001, ek. 77 þús, beinskiptur, filmur, fjarstýrðar samlæsingar, líknarbelgir, þakbogar o.fl. Ásett verð: 890 þús. TILBOÐ: 590,000-



Suzuki Grand Vitara, 7/2003, ek. 86 þús, beinskiptur, ABS, CD, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar, þakbogar o.fl. Ásett verð: 1.670 þús. TILBOÐ: 1490,000-



VW Golf GTI, 2/2005, ek. 10 þús, beinskiptur, ABS, Álfelgur, ASR spólvörn, magasín, CD, topplúga, handfrjáls búnaður, hiti í sætum, leður, líknarbelgir, loftkæling og Climatic miðstöð, rafm. í rúðum og speglum, reyklaus, smurbók, spoiler, Xenon o.m.fl. Hlaðinn aukabúnaði. Ásett verð: 3.350 þús. TILBOÐ: 2,790,000-



M.Benz ML 270 CDI, 7/2004, ek. 31 þús, sjálfskiptur, ABS, álfelgur ASR spólvörn, ESP stöðuleikakerfi, CD, hiti í sætum, Alcantera leður, loftkæling, litað gler, rafmagn í öllu, þakbogar, þjófavörn o.m.fl. Einn með bókstaflega öllu. Sjón er sögu ríkari! Ásett verð: 4.990. TILBOÐ: 4,490,000-



MMC Pajero GLS 3.2 DI-D, 9/2003, ek. 57 þús. sjálfskiptur, ABS, álfelgur, armpúði, dráttarkúla, filmur, CD, topplúga, kastarar í svuntu, leður, rafm. í rúðum og speglum, Þjófavörn o.m.fl. Sjón er sögu ríkari. Ásett verð: 4.100þús. TILBOÐ: 3,790,000-



Honda Civic 1.5 LSi, 11/1997, ek. 140 þús, beinskiptur, filmur, CD, glertopplúga, rafm. í rúðum og speglum, líknarbelgir, short shifter, DVD, 8" flipdown skjár o.fl. Ásett verð: 790 þús Tilboð: 490 þús

# ALLT AÐ MILLJÓN Í AFSLÁTT!

## ÞETTA ER AÐEINS BROT AF FRAMBOÐINU. OPIÐ Á MILLI JÓLA OG NÝÁRS

# Jólaglaðningur Benna





Lækjarbrekka

Með öllum bílum fylgir flugeldapakki frá skátunum og 3ja rétta glæsi kvöldverður eða jólahlaðborð að hætti Lækjabrekku

FLUGELDAR FRÁ SKÁTUNUM







**Í KARMELKLAUSTRI** Nunnurnar bíða langtímum saman við tóma jötu jesúbarnsins þar til abbadísin leggur barnið í hana klukkan sex á aðfangadag.

# Jól hjá brúðum Krists

Þær eru tólf og allar brúðir Krists. Tilheyra ströngustu nunnureglu veraldar og eiga sameiginlegt að hafa fengið köllun frá guði almáttugum til að helga líf sitt; sál og líkama, trúarlífi innan veggja klausturs. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** og ***Valgarður Gíslason*** ljósmyndari fylgdust með undirbúningi jólanna í Karmelklaustrinu í Hafnarfirði.

Jatan í fjárhúsi friðsællar kapellunnar í Karmelklaustri stendur auð allt til klukkan sex á aðfangadag jóla þegar jesúbarnið verður lagt í jötuna af abbadísinni, en langtímum saman sitja nunnurnar tólf við tóma jötuna og hugleiða komu frelsarans.

„Öll aðventan fer í undirbúning jólanna," segir abbadísin Agnes um leið og hún leggur sinn skerf af kærleika í uppbyggingu fjárhússins og syngur lagstúfa sem María guðsmóðir söng fyrir Jesú nýfæddan. Móðir Agnes hefur setið 25 ár í klaustri. Hún er 46 ára gömul, fædd í Póllandi eins og allar systurnar í klaustrinu. „Jóladagur er mikil hátíð en þá fáum við til okkar vini og góða gesti, en dagarnir átta á milli jóla og nýárs eru fyrir okkur eins og einn dagur til að minnast fæðingu Jesú og biðja guð um náð og blessun handa öllum hér á jörð."



**SÁLMASÖNGUR** Nunnurnar í Karmelklaustrinu syngja drottni sínum til dýrðar.



**ÞJÓNAÐ FYRIR ALTARI** Faðir Patrick þjónar fyrir altari í Karmelklaustri.



**GENGIÐ TIL ALTARIS** Faðir Patrick útdeilir lífsins brauði í heilagri kvöldmáltíð.




Við sendum landsmönnum bestu óskir um gleðilegt ár með þökk fyrir samskiptin á liðnum árum. Verum samferða inn í nýja tíma í raforkumálum landsmanna.

RARIK
*lifandi afl*

Breski rithöfundurinn **C.S. Lewis** er dáður og dýrkaður um allan heim fyrir ævintýrabækurnar um Narníu. *Anna Margrét Björnsson* skoðar líf mannsins sem var vinur Tolkiens og nafntogaður við leyniregluna Bræðralag Síons.



**HVÍTA NORNIN** heldur Narníu í heljargreipum eilífs vetrar.

# Kristur, dulspeki og dýr sem tala

Um jólin mun boðskapur kristninnar berast í bíóhús landsmanna í líki Disney-kvikmyndar. Um er að ræða kvikmyndina The Chronicles of Narnia: The Lion, the Witch and the Wardrobe sem er gerð eftir fyrsta bindi í samnefndri trílógíu eftir C.S. Lewis. Bækurnar eru jafnmikill hluti af breskri bernsku og skólabúningur, rigning, te og marmite og hafa notið ómældra vinsælda meðal yngri sem eldri kynslóða þar í landi. Lewis hefur einnig næstum náð stöðu dýrlings í Bandaríkjunum en hann hefur fangað huga íhaldssamra kristinna Ameríkana með, að þeirra mati, kristnum táknum og hugsanagangi. Að sama skapi er hann hataður af hinum strangkristnu sem halda því fram að Lewis hafi verið lítið annað en satanisti sem hvetti börn til að drekka vín og dýrka heiðin goð með skrifum sínum.

**Námsmaður við Oxford**

C.S. Lewis, eða Jack Lewis eins og hann vildi frekar láta kalla sig, fæddist í Belfast á Írlandi árið 1898. Hann átti hamingjusama æsku og var viðkvæmt barn sem hreifst af fegurð náttúrunnar og hellti sér út í heim ævintýranna. Þegar hann var ellefu ára og missti móður sína úr krabbameini. Þá var hann sendur í heimavistarskóla í Englandi ásamt eldri bróður sínum, Warnie. Lewis þoldi illa við í skólanum þar sem reglur voru strangar og kennararnir óblíðir. Hann var barinn af kennurum, en það var lífsreynsla sem átti eftir að setja mark sitt á hann, einkum og sér í lagi kynferðislega, en Lewis átti síðar sadó-masókísk sambönd við konur. Honum til happs lokaði skólinn árið 1910 hann var sendur heim til Írlands. Ári síðar sneri hann aftur til Englands, en í þetta sinn var reynslan farsælli. Sem unglingur hreifst hann mikið af ljóðum Virgils og Hómers. Hann varð mjög fær tungumálamaður og talaði reiprennandi frönsku, þýsku og ítölsku. Árið 1916 fékk hann inngöngu í University College í Oxford en gerðist fljótlega sjálfboðaliði í hernum og barðist í skotgröfum í Norður-Frakklandi í fyrri heimsstyrjöldinni. Að stríði loknu sneri hann aftur til Oxford, fékk hæstu einkunn í klassískum fræðum og gerðist kennari í enskum bókmenntum við Magdalen College í Oxford. Þar vingaðist hann við ungan kennara að nafni J.R.R. Tolkien, sem varð heimsfrægur fyrir Hringadróttinssögu og fleiri bækur. Þeir voru báðir heillaðir af norrænni goðafræði og stofnuðu hópinn The Inklings þar þeir ræddu Bjólfskviðu og Íslendingasögurnar. Lewis þótti afbragðskennari, strangur, en hann veitti nemendum sínum mikinn innblástur. Tolkien og Lewis ræddu mikið um trúmál og Lewis hafði sérstakan áhuga á þeim táknum og sögum sem voru sameiginlegar í kristni og heiðinni trú.

„Sagan af Kristi er raunveruleg goðsögn,“ sagði Lewis. „Goðsögn sem verkar á okkur eins og aðrar goðsagnir, en munurinn er sá að þessi goðsögn gerðist í alvörunni.“ Þetta var vissulega dálítið sérstök leið að kristninni en Lewis áleit að sögurnar og ævintýrin sem mannfólkið býr til um heiminn sem það lifir í mikilvægan þátt í tilverunni.



**RITHÖFUNDURINN** C.S.Lewis, sem líkt og Tolkien klæddist tweed-jakka og reykti pípu.

**Rithöfundurinn Lewis**

Ásamt því að kenna við háskólann byrjaði Lewis að gefa út bækur. Fyrsta verk hans hét The Pilgrim's Regress og kom út árið 1933 og fjallaði um hans andlegu leit sem endaði í kristinni trú. Fleiri bækur fylgdu á eftir og fengu góða dóma. Fyrsta ævintýrabókin hans var vísindaskáldsaga sem hét Out of The Silent Planet þar sem söguhetjan var byggð á vini hans, J.R.R. Tolkien. Þegar Lewis ákvað að skrifa bækur fyrir börn reyndu vinir hans að telja honum hughvarf, þar sem þeir töldu þetta skemma orðspor hans. Tolkien gagnrýndi fyrstu Narníu-bókina harðlega, og fannst hún innihalda of mikið af því góða - jólasvein og vonda norn, talandi dýr og börn. Lewis hlustaði ekki á hann en hélt áfram og skrifaði fimm Narníu-bækur til viðbótar. Það sem einkennir bækurnar er að hann er ekkert endilega að skrifa fyrir börn. Hann er að skrifa ævintýri sem inniheldur öll þau atriði sem hann var hugfanginn af: Fyrirgefningu synda, dauða og upprisu Krists, og allt á sér stað í draumkenndu landslagi sem minnir á England að vetrar- og vorlagi. Bókin hefur mikinn tilfinningalegan kraft, eins og öll börn sem hafa lesið hana upplifa. Aslan, ljónið, sem er vissulega táknrænt fyrir Krist, hefur líka verið kristnum foreldrum áhyggjuefni. Ljón er dularfullt tákn fyrir Jesú Krist, og að mörgu leyti mjög svo andkristið. Samsæriskenningarmenn hafa bent á sterk tengsl þeirra Tolkiens og C.S. Lewis við leyniregluna Bræðralag Síons sem á uppruna sinn að rekja til Frakklands miðaldanna. Sagt er að bræðralagið trúi því að Jesús hafi ekki dáið á krossinum heldur hafi átt barn með Maríu Magdalenu og að Jesús eigi beina afkomendur meðal vissra fjölskyldna í Evrópu. ( Rithöfundurinn Dan Brown notaði Bræðralagið sem bakgrunn að spennusögunni um Da Vinci lykilinn). Ýmsir sagnfræðingar og spekúlantar hafa bent á tákn í Narníu, sér í lagi börnin fjögur, sem eiga rétt á einhvers konar konungdæmi, og að Lewis hafi verið að fjalla um borgina Narni á Ítalíu. Sögnin um ljónið sem er drepið af vondri norn á líka rætur sínar að rekja til Míþraista, en það var trúarhópur sem var uppi rétt eftir daga Krists. Míþras var guð þeirra og þeir voru ofsóttir af kristnum mönnum og var útrýmt á fjórðu öld eftir Krist - en vissir hlutar þessara trúarbragða hafa ratað inn í kristni, eins og afmælisdagur guðsins þann 25. desember.

Síðasta bókin um Narníu hét The Last Battle og kom út árið 1956. Engin bókanna fékk sérlega góða dóma gagnrýnenda, en þær urðu sífellt vinsælli í áranna rás. Bækurnar hafa núna selst í meira en 100 milljón eintökum. C.S. Lewis sneri sér nú aðallega að umönnun konu sinnar, Joy Gresham, sem hann giftist sama ár og síðasta bókin um Narníu kom út. Hún veiktist skömmu síðar af krabbameini og dó árið 1960. Heilsu Lewis fór hrakandi eftir dauða hennar, og hann dó sama dag og Kennedy forseti var skotinn, þann 22. nóvember árið 1963. ■

## ÖRSTUTTUR LEIÐARVÍSIR AÐ NARNÍU

**BÖRNIN** Lúsía er yngst og er fyrst barnanna til að finna Narníu inni í skápnum. Hún er afar góð og saklaus og er í sérstöku uppáhaldi hjá ljóninu Aslan.
Játvarður er þriðji í röðinni og svíkur systkini sín og ljónið Aslan. Hann er fremur illgjarn karakter í fyrstu bókinni en hefur verið dempaður niður í kvikmyndinni.
Súsanna er næstelst og gerir svo sem ekkert sérstaklega mikið í bókunum. Í þeirri síðustu er hún farin að nota varalit og er orðin óvinsæl í Narníu, kannski fyrir það eitt að verða dálítið fullorðin.
Pétur er elstur og er svona ekta góður enskur skólastrákur sem allir treysta á.



**SKÁPURINN** Börnin fjögur eru send í vist til leiðinlegs frænda sem býr í stóru húsi. Lúsía finnur skáp fullan af pelsum, og uppgötvar svo að á bak við yfirhafnirnar er önnur vídd, sem sagt opin gátt til landsins Narníu.

**LANDIÐ** Narnía er ævintýraland, sem er í einhvers konar annarri vídd sem liggur samhliða okkar. Í síðustu bókinni breytist Narnía í land þar sem hinir látnu koma saman, eins konar himnaríki fyrir hina trúuðu.



**ASLAN** Aslan er ljón, og er konungur, skapari og frelsari landsins Narníu. Í fyrstu bókinni er hann svikinn í hendur vondu nornarinnar af Játvarði, er líflátinn en rís aftur upp frá dauðum og sigrar hina illu. Já, við könnumst við svona sögu...

**BJÓRAR** Herra og frú Bjór eru vinir krakkanna og tákna verkamannastétt Breta - andspyrnuna á tímum stríðs.

**FÁNN** Fánn er að hálfu maður og hálfu geit. Lúsía hittir svona veru um leið og hún stígur út úr skápnum og inn í Narníu. Herra Túmnus ætlar fyrst að framselja Lúsíu til vondu nornarinnar en ákveður að snúast til betri vegar og berjast fyrir frjálsri Narníu.

**GOTT OG ILLT** Eins og í öllum góðum ævintýrum snýst sagan um baráttu góðs og ills, og það er enginn vafi á því hver er góður eða vondur í Narníu. Hinir vondu eru allir ljótir og illskulegir og dökkir á hörund en í góða hernum eru fallegir hestar, ernir og aðalsbornir Englendingar, ljósir á hörund og hafa fallegan hreim.

**NORNIN** Hvíta nornin Jadís hefur hneppt Narníu í álög svo að þar ríkir ævarandi vetur. Hún er ægifögur en afskaplega ill. Hún breytir fólki og öðrum verum í styttur, og í einni Narníu-bókinni freistar hún söguhetju með epli lífsins. Kannski einhvers konar kvenkyns Satan.

**KONUNGAR** Allar góðar sögur fjalla um konunga - góða, sterka, réttláta og göfuga konunga. Eins og til dæmis Artúr konungur, eða Aragorn í Hringadróttinssögu. Í Narníu er aðalkonungurinn Pétur, og honum er ekki enn vaxin grön.

# Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi árum.



HÚSGÖGNIN
HEIM

Svefn & heilsa







Listhúsinu Laugardal, sími 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, sími 461 1150

# KÆRI JÓN

## Jón Gnarr ræður lesendum Fréttablaðsins heilt á aðventunni >

**Kæri Jón**

mér langar að vita hvort einhver séns sé á að fóstbræður byrji einhverntímann aftur. Mér fanst þættirnir mjög findnir og langar frekar mikið til að sjá það aftur eða meira af þeim...

***Sæll, Ónefndur.***

*Ég vil byrja á að hvetja þig til að læra að setja upp bréf. Þú þarft að byrja á að heilsa og kynna þig.*



*Dæmi:*

*Sæll, Jón. Ég heiti.... og er....*

*Svo þarft þú að enda bréfið á einhvern snyrtilegan hátt, til dæmis með:*

*Kær kveðja, eða gleðileg jól.*

*En þá að innihaldi bréfsins. Ég held að ég hafi ekki heyrt neina spurningu eins oft og þessa. Ég á ekki von á því að Fóstbræður byrji aftur. Kannski mun sama fólkið og var í Fóstbræðrum vinna eitthvað saman en það verður aldrei undir nafni Fóstbræðra. Það sem ég hef meiri áhyggjur af er stafsetningin þín. Þú verður að fá einhvern til að hjálpa þér. Hér er eitt atriði: Byrjaðu setningar alltaf með stórum staf.*

*Gleðileg jól!*

*Jón*

Sendið Jóni spurningar. Netfangið er: jongnarr@frettabladid.is

**Kæri Jón**

Við erum hérna tveir félagar. (Þú manst kannski eftir öðrum okkar sem gaurnum í sænska bolnum á Stykkishólmi þar sem þú varst á ferðalagi með konunni þinni). Ástæðan fyrir því að við skrifum þetta bréf er að við eigum góða vinkonu sem tók þátt í íslenska Bachelornum. Við höfum alltaf verið miklir aðdáendur þínir og fundist þú fyndnasti maður á Íslandi og þótt víðar væri leitað. En þegar þú skrifaðir um Bachelorinn þá fannst okkur þú ganga aðeins of langt. A: Þú kallaðir Steina hórkall og B: Þá kallaðir þú stelpurnar hórur. Svona segir maður ekki Jón! Finnst þér þú ekkert ganga of langt? Það er fullt af fólki sem finnst þessi þáttur skemmtilegur og þú ert að drulla yfir það fólk. Það er annar þáttur sem er miklu verri og gerist á báti. Af hverju drullar þú ekkert yfir hann? Þarf kallinn ekki að fara að draga aðeins úr trúarofstækinu?

Kveðja að vestan

***Sælir félagar.***

*Ég vil nú alls ekki vera vondur við neinn en mér finnst þessi þáttur bara svo mikið drasl að ég get ekki orða bundist. Þetta er ekkert persónulegt gegn drengnum eða stúlkunum. Ég finn til með þeim. Ég var ekki að segja að þau væru hórur og hórkall heldur að verið væri að leika sér með þá ímynd. Mér finnst sárt að sjá Íslendinga á svona lágu plani. Það að allir séu að gera eitthvað gerir það ekki rétt. Þetta er alveg eins og þegar hópur Íslendinga fer á hóruhús í útlöndum. Þeir reyna allir að ljúga því að sér að það sé bara saklaus skemmtun en raunveruleikinn er annar og ógeðfelldur. Þetta er einfaldlega leikur að lygi. Þetta er eins og að borða bara kókosbollur og finnast það bara allt í lagi. En það er ekki í lagi. Það hefur alvarlegar afleiðingar fyrir líkamann. Svona hórerí hefur svipaðar afleiðingar fyrir sálina. Ég vona af öllu hjarta að við hættum að framleiða svona þætti eins og Bachelorinn og Ástarfleyið. Það er ekkert rómantískt eða fallegt eða saklaust við þetta. Þetta er hórerí og ekkert annað. Hafi ég sært vinkonu ykkar þá er það ekkert miðað við þann skaða sem hún hefur orðið fyrir eftir að hafa tekið þátt í þessu. Og kannski hafa skrif mín bjargað einhverri annarri stelpu frá að taka þátt í íslenska Hórkallinum 2. Ég vona það.*

*Guð blessi ykkur.*

Sæll, Jón

Mig langar svo að vita hvað þú ert menntaður. Vinkona mín segir að þú hafir verið að læra sálfræði en svo hef ég líka heyrt að þú sért guðfræðingur. Ertu eitthvað meira menntaður en bara leikari? Hvað er til í þessu?

Jólakveðja,

Mæja

***Sæl, Mæja.***

*Ég verð að hryggja þig með því að ég hef aldrei lært sálfræði og þaðan af síður hef ég lært guðfræði. Ég hef aldrei lært leiklist heldur. Sannleikurinn er sá að eina prófið sem ég er með er meirapróf, sem veitir rétt til að keyra vörubíl og leigubíl. Ég var nemandi í mörgum framhaldsskólum en lauk aldrei stúdentsprófi. Ég átti mjög erfitt með að læra. Ég var byrjaður að vinna fyrir mér 17-18 ára gamall. Og það er svo merkilegt, finnst mér, að mikilvægustu menntunina sem ég hef fengið hefði ég líklega aldrei fengið ef ég hefði menntað mig, vegna þess að það hefur menntað mig heilmikið að vera ekki menntaður. Skilur þú hvað ég meina? Óska þér gleðilegra jóla!*

*Jón*

Að lokum er hér bréf sem ég var beðinn um að birta frá manni sem kýs að vera nafnlaus.

**Kæra Oddný mín**

Ég vissi að þú myndir lesa þetta. Það þýðir að þú ert búin að fara í sturtu og komin í ljótu inniskóna sem ég þoli ekki. Eins og þú veist þá eru þetta þriðju jólin sem við höldum saman. Ég er alltaf búinn að vera að bíða eftir rétta tækifærinu og nú finnst mér það komið. Ég talaði við Jón og fékk hann til að birta þetta bréf. Þú ert fallegasta og besta kona sem ég hef nokkru sinni þekkt. Ég elska þig eins og þú ert, meira að segja þegar þú ert í ljótu skónum. Mig langar alltaf til að vera með þér. Ég vil að þú verðir konan mín. Og þess vegna vil ég biðja þig að giftast mér. Ég er (líklega) inni í herbergi og hlakka til að heyra í þér.

Þinn að eilífu (Hvað sem þú segir).

Isle of Wight jólin 2003









| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.23 | 13.27 | 15.32 |
| Akureyri | 11.38 | 13.12 | 14.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


**BETLEHEM**
Ekki er bjart yfir bænum þar sem frelsarinn fæddist
bls. 2



**LJÓSAHÚS**
Um allan heim skreytir fólk hús sín á jólum
bls. 4



FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.

*Góðan dag!*

Í dag er aðfangadagur 24. desember, 358. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**





## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**




Guðrún Guðbjörnsdóttir, ljósmóðir með nýfæddan Hlyns- og Linduson. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hátíðlegt um jólin

***Ljósmæður eru að störfum á ljósanna hátíð, meðal annars á fæðingardeild Landspítalans. Ein þeirra er Guðrún Guðbjörnsdóttir.***

Guðrún ætlar að vera á vakt í kvöld, eins og oft áður á aðfangadagskvöld á sínum þrjátíu ára ferli. Hvernig skyldi ganga að skapa jólastemningu á fæðingardeildinni? „Það gengur vel,“ svarar hún sannfærandi. „Deildin er fallega skreytt og auðvitað er borinn fram góður matur. Það er bara mjög hátíðlegt að vera hér um jólin.“ Hún segir þó allar sængurkonur fara heim sem á annað borð geti það en samt séu alltaf einhverjar á staðnum. „Sum árin er rólegt en stundum hafa fæðst þó nokkur börn sama aðfangadagskvöldið. Þetta vitum við auðvitað aldrei fyrirfram og það er það skemmtilega við þetta. Þarna ræður náttúran sjálf.“

Ekki kveðst hún muna eftir sögulegri fæðingu um jól. „Það kemur samt alveg fyrir að börn fæðist um klukkan sex á aðfangadag og þá undir klukknahljómi frá Hallgrímskirkju sem er mjög hátíðlegt,“ lýsir hún og er því næst spurð hvort konur séu ósáttar við að fæða á jólum. „Nei, ég tek ekki eftir því,“ svara hún og heldur áfram. „Auðvitað vilja allar vera heima á hátíðinni og það er alltaf spenna fyrir jólin að vera búinn að öllu. En þegar út í alvöruna er komið er það auðvitað fæðingin og barnið sem allt snýst um og þá skiptir dagurinn ekki máli.

Ég er á sængurkvennagangi og þar reynum við auðvitað að skapa þægilegt andrúmsloft, höfum heimsóknartímana mjög opna þannig að fjölskyldan geti verið hér meira en ella,“ Hversu margar konur heldur hún við að verði hjá henni um þessi jól?

„Ég hef ekki hugmynd um það og ætla ekki að reyna að spá. En hér er starfsfólk sem er búið að vinna saman lengi og er vant að láta þeim konum líða vel sem þurfa að dvelja hér um hátíðarnar.“

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU

### JÓLIN KOMA

**Hjálpum þeim,** nýi geisladiskurinn með hinu ástsæla lagi þeirra Axels Einarssonar og Jóhanns G. Jóhannssonar, hefur selst vel fyrir jólin. Þar með hefur hann þjónað því markmiði sínu að vekja fólk til umhugsunar um bág lífskjör ýmissa bræðra okkar og systra og hala inn fé til hjálpar þeim sem verst urðu útí í hamförunum í Pakistan en þangað fer söluhagnaðurinn óskiptur. Búum til betri heim.

**Jólasveinasaga** eftir Bergljótu Arnalds er uppseld hjá útgefenda. Hún er nýtt ævintýri um íslensku jólasveinana og Grýlu gömlu og hefur prýtt metsölulistana undarfarnar vikur. Sagan var einnig gefin út á ensku undir nafninu The Thirteen Icelandic Santas og er líka uppseld hjá útgefanda.

**Skreytingar** með lifandi ljósum eru fagrar en krefjast aðgæslu. Aldrei má skilja við logandi kerti í mannlausu herbergi eða þegar farið er að heiman, jafnvel þó að aðeins eigi að skreppa litla stund í burtu. Einnig þarf að huga vel að staðsetningu kertaskreytinga og brýna fyrir börnum að hætta stafi af hinum hátíðlegu logum.

**Miðnæturguðsþjónusta** verður í Fríkirkjunni í Reykjavík kl. 11.30 með Páli Óskari og Móniku. Gott er að mæta snemma til að fá sæti því mikið fjölmenni hefur verið í þessari stund undanfarin ár.




KÆRU VIÐSKIPTAVINIR
ÓSKUM YKKUR
GLEÐILEGRA JÓLA OG
FARSÆLS KOMANDI ÁRS
ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á
ÁRINU.

IANA
Laugaveg 53 s. 552 3737
Opið mán. - föst. 10 -18
Laugard. 10 -16

Gleðileg jól

Óskum landsmönnun öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á líðandi ári.

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Opið kl. 10-18 - Laugardaga 11-15

Keramik fyrir alla

Við óskum
gleðilegra jóla
og farsældar
á komandi ári.

Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

GÍTARINN
HLJÓÐFÆRAVERSLUN

Óskum landsmönnum
gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða

Starfsfólk Gítarsins



Fæðingarkirkjan er sá staður sem flestir skoða í Betlehem. MYND ANNA TRYGGVADÓTTIR

# Englar í Betlehem

*Á aðventunni heimsóttu vinkonurnar Anna Tryggvadóttir og Þorbjörg Sveinsdóttir staðinn þar sem jesúbarnið fæddist. Anna komst að því að það er ekkert sérstaklega bjart yfir Betlehem um þessar mundir.*

Bærinn Betlehem hefur yfir sér mikinn ævintyrablæ. Ekki státa öll úthverfi stórborga af því að vera fæðingarstaður frelsara og órjúfanlegur hluti sjálfra jólanna. Því skal engan undra að fólk um allan heim dreymi um að koma til Betlehem. Já dreymi, því bærinn er núna fyrir innan mörk hins svokallaða Vesturbakka þar sem undanfarin ár hefur verið talið hættulegt að vera.

Þegar komið er að Betlehem dylst engum að þar er enginn venjulegur túristastaður. Í stað hirða og hjarðarinnar í biblíusögunum gæta löggur með risabyssur þess að enginn óviðkomandi komi inn bæinn (og reyndar sérstaklega fari ekki út úr honum). Þeim til halds og trausts er svo átta metra hár aðskilnaðarmúr sem þarf að komast yfir til að komast að upphafsstað friðarboðskaparins.

Hinum megin við múrinn blasir svo við bær sem eitt sinn var vinsæll áfangastaður ferðamanna en er það greinilega ekki lengur. Meira að segja á þriðja sunnudegi í aðventu var varla sála í Betlehem. Reyndar var einni rútu lagt eins nálægt Fæðingarkirkjunni og mögulegt var svo óttaslegnir ferðamennirnir gætu hlaupið inn í kirkjuna og aftur út á mettíma, rétt til að lágmarka líkurnar á að vera sprengdir í loft upp.

Eftir heimsóknir í Fæðingarkirkjuna ákváðum við Þorbjörg í ævintýraþrá okkar að ganga um þennan sögufræga stað. Á öðru hverju horni voru risastórar verslanir fullar af jólavarningi sem greinilega hafði ekki verið hreyfður í mörg ár. Við heimsóttum nokkrar þeirra þar sem tekið var á móti okkur, fátækum námsmönnunum, eins og kóngunum sem forðum komu með gullið og reykelsin til Betlehem og okkur sagðar sögurnar af árinu sem ferðamennirnir fóru. Yfirbugaðar af samviskubiti og jólagæsku keyptum við poka eftir poka af jesúbörnum og Betlehemstyttum og ekki stóð á viðbrögðunum hjá kaupmönnunum. Einn gladdist svo mikið yfir kaupgleði okkar að hann fékk tár í augun og annar hrópaði upp yfir sig þegar við gengum inn í búðina hans: „Are you an angel?“

Nokkrum verslunum seinna komumst við að því að við gætum ekki styrkt alla kaupmennina í Betlehem þótt við fegnar vildum. Uppgötvunin varð eiginlega til þess að við hrökkluðumst út úr bænum, svo mikið tók á að ganga framhjá sorgmæddum augum þeirra og segja kurteislega „nei, takk“ við gylliboðunum. Við flúðum aftur yfir vegginn þó við yrðum aldrei varar við sprengjur eða hryðjuverkamenn. Það var eitthvað annað sem gerði Betlehem að fráhrindandi áfangastað. ■



Jólasveinarnir seljast alls ekki eins og heitar lummur í Betlehem. MYND: ÞORBJÖRG SVEINSDÓTTIR



Varningur frá Betlehem.



Þorbjörg Sveinsdóttir við vegginn sem umlykur Betlehem og á fátt skylt við friðarboðskapinn. MYND: ANNA TRYGGVADÓTTIR



Hjalti, Vala og Jökull hlakka öll til jólanna.

# Hin fyrstu jól

*Hin fyrstu jól, eftir Ingibjörgu Þorbergsdóttur og Kristján frá Djúpalæk, er uppáhalds jólalag margra. Ekki kæmi á óvart ef lagið hljómaði á heimili Jökuls Hjaltasonar, sex mánaða snáða sem upplifir brátt sín fyrstu jól. Hann er ekki einn um nýjungarnar í fjölskyldunni því hann er fyrsta barn foreldra sinna, Hjalta Halldórssonar og Völu Þórólfsdóttur, sem nú halda jól í fyrstu íbúð sinni.*

Þegar blaðamann bar að garði var Vala í óða önn að pakka inn jólagjöfunum, Jökull svaf úti í vagni en húsbóndinn á heimilinu kom færandi hendi með kúbverkst kaffi. Við fengum okkur sæti í eldhúsinu og ég byrjaði að spyrja um hann Jökul litla. „Hann er afskaplega hraustur og honum heilsast bara vel,“ segir Hjalti og það leynir sér ekki að hann er stoltur af stráknum sínum. En hvernig kom nafnið til? „Þegar við vorum ný byrjuð saman gengum við upp á Hvannadalshnjúk og þaðan er hugmyndin komin,“ segir Vala. Hjalti glottir og hristir hausinn og eitthvað segir blaðamanni að gangan hafi ekki verið að hans frumkvæði heldur stefnumót þar sem markmiðið var sett heldur hátt.

Hin fyrstu jól Jökuls verða með hefðbundnu sniði. Hjónaleysin fara með Jökul heim til foreldra Hjalta og þegar klukkan slær sex ganga þau til kirkju. Þar fær Jökull að að hlusta á afa sinn syngja. „Pabbi Hjalta er náttúrulega í Langholtskirkjukór og er búinn að vera þar í mörg ár þannig að það er hefð. Ég hef reyndar aldrei farið í kirkju á jólunum svo þetta verður í fyrsta sinn fyrir bæði mig og Jökul,“ segir Vala. „Það er líka spurning hvort systir mín verður þarna með sínum manni og nýfæddum syni, honum Ísaki,“ stingur Hjalti að, „en hann er svo ungur ennþá að það getur verið að hún verði heima.“

Hvorki Hjalti né Vala geta bent á fyrstu jólaminningu sína. Þess í stað segjast þau muna eftir stemningunni, spennunni og eftirvæntingunni eftir pökkunum. „Eitt af því fyrsta sem ég man er að ég og frændi minn vorum vanir að klæða okkur í jólasveinabúninga og setja upp skegg í jólaboðum hjá ömmu. Ég held að við höfum fyrst fundið búningana sex ára en þá voru þeir allt of stórir. Svo liðu árin og á endanum komumst við ekki lengur í búningana,“ segir Hjalti og hlær. „Reyndar þótti okkur þetta svo gaman að við gerðum þetta einhverja páska líka. Það vakti mikla lukku.“

Völu er eftirminnilegast þegar fjölskylda hennar eyddi jólunum í Kaliforníu. „Mér fannst svo skrítið að koma þarna á aðfangadag því það var allt appelsínugult út af appelsínutrjánum,“ segir Vala. „Auðvitað var enginn snjór en samt voru seríur út um allt og jólasveinar og hreindýr uppi á öllum þökum og í öllum görðum. Svo komu áramótin og þar sem flugeldar eru bannaðir þá fékk fólk útrás fyrir sprengigleðina með því að skjóta úr byssum upp í loftið,“ segir Vala.

Nú var klukkan að ganga sex og Jökull vaknaður. Blaðamaður fékk að halda á snáðanum og gott ef það vottaði ekki fyrir jólatilhlökkun í andliti hans. Hver veit nema að eftir fimm ár verði hann og Ísak frændi hans farnir að klæða sig upp í jólasveinabúninga í boðum hjá ömmu og afa, gestum til afar lítils gagns en þeim mun meira gamans.

tryggvi@frettabladid.is

# Snjókorn falla

*Öll þráum við jólasnjó og óskum þess að falleg hvít snjókorn falli til jarðar yfir hátíðarnar. Aldrei er þó hægt að treysta veðrinu og grípa má til annarra ráða til að fá snjókornin til að fegra umhverfi okkar.*



Glitrandi snjókorn úr Debenhams.

Þegar tvísýnt er um hvort snjórinn falli á aðfangadag eða hann haldist á jörðu í hita og regni yfir daginn er gott að grípa til annarra ráða. Margir skreyta með gervisnjó inni hjá sér og aðrir skreyta með fallegum snjókornum sem eru gerð af mönnum en ekki veðurguðunum.

Engin tvö snjókorn eru eins og því er í takt við náttúruna að hengja upp fjölbreytileg og litrík snjókorn víða um heimilið. Kannski hafa líka þessi manngerðu snjókorn aðdráttarafl á alvörusnjókornin og fá þau til að langa til að falla til jarðar. Væri það ekki indælt?



Litrík snjókorn úr IKEA.



## jólasveinar }



## Allir eru þeir komnir til byggða

*Á sjálfa jólanóttina,*
*sagan hermir frá,*
*á strák sínum þeir sátu*
*og störðu ljósin á.*

*Svo tíndust þeir í burtu,*
*það tók þá frost og snjór.*
*Á Þrettándanum síðasti*
*sveinstaulinn fór.*

*Fyrir löngu á fjöllunum*
*er fennt í þeirra slóð.*
*En minningarnar breytast*
*í myndir og ljóð.*

*Höf. Jóhannes úr Kötlum*

Við þökkum þá jólasveinunum fyrir þær fallegu gjafir sem þeir gáfu okkur í desember og hlökkum til að sjá þá að ári liðnu.

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Verið velkomin að Dalvegi 18.

Gallerí Húsgögn

Sími 554 5333

Gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Þökkum viðskiptin á árinu

BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN




Gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Sjáumst í Galleríi Fold

Opið á aðfangadag kl. 10–13.

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is



Heimildir herma að piparkökukarlinn búi hér, eða að minnsta kosti aðdáandi hans.

# Hátíð ljóss og meira ljóss

***Jólin eru víst haldin víðar en á Íslandi og um allan heim má finna fólk sem kýs að lýsa upp húsin sín með jólaljósum.***

Sumum nægir að kveikja á litlu kerti til að komast í hátíðaskapið. Aðrir þurfa þó meira ljós en það. Þessir aðrir eru þeir sem eyða dögum ef ekki vikum í að skreyta húsið með seríum og fígúrum, hanga í stiga og uppi á þaki, fá nokkur raflost og brjóta jafnvel bein. Ekki gerir það þó mikið til, sumir njóta ljósadýrðarinnar meira en aðrir og gera þetta allt af gleðinni einni saman.



Jólin eru komin í Massachusetts; þetta hús gæti jafnvel sést úr geimnum.



Sérlega jólalegt og fallega skreytt hús í Bandaríkjunum.




Þessir íbúar í Baltimore í Bandaríkjunum þurfa ekki á götulýsingu að halda þessi jól.



Íbúar hér eru fremur settlegir miðað við aðra. Skreytingarnar eru fallegar og engu ofaukið.

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Versins

VERIÐ
Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári

Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða

VIRKA Húsgögn
Mörkin 3, sími 568 7470

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

aman
Skeifunni 11d
Sími 533 1020

Gleðileg jól og farsælt komandi ár!
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða

Webasto bílahitarar
Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | Sími 567 2330

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Rc Hús Grensásvegi 22. Sími. 511 5550. Veffang. www.rchus.is

TEXTÍLGALLERY



SKIPHOLTI 21 (NÓATÚNSMEGIN)
SÍMI 561 0847

Létt 96,7
Jólastöðin þín!

# Jólastund Baggalúts

***Jólalög Baggalúts hafa vakið verðskuldaða athygli. Í ár gerðu þeir bæði lagið Föndurstund sem er þeirra útsetning af lagi AC/DC, Thunderstruck, og Söguna af Jesú, sem er upprunalega þýskt þjóðlag.***


Baggalútsmenn eru ekki bara liðtækir í kántrítónlist. Þeir eru líka góðir í að semja jólalög.

Bragi Valdimar Skúlason, ein aðalspíra Baggalúts, segir að þeim hafi fundist það vera afar fyndin hugmynd að taka gamla rokkslagara og breyta þeim í íslensk jólalög. „Við reynum að vera alltaf með svona jólaflipp. Aðallega fannst okkur þetta fyndið á sínum tíma. Rokkið er líka einhvern veginn minnst jólalega tónlistarstefnan,“ segir Bragi.


Bragi Valdimar Skúlason, einn af meðlimum Baggalúts.

Síðan í fyrra hafa félagarnir í Baggalút einnig gefið út aðventulag. Í ár var þýskt þjóðlag, sem flestir ættu að þekkja, tekið fyrir. Lagið heitir Sagan af Jesú og hefur fengið umtalsverða spilun. Nú í desember hefur lögum Baggalúts verið halað um 50 þúsund sinnum niður af síðunni, baggalutur.is. Bragi segir að þeir ætli sér að halda í þessa skemmtilegu hefð og á næsta ári gæti vel farið svo að Baggalútur sendi frá sér jólapötu. „Við erum komnir með ein sjö lög núna og ætli þetta fari ekki að skríða upp í plötu. Sú plata hefur örugglega verið lengst í vinnslu af öllum jólaplötum sögunnar,“ segir Bragi galvaskur að lokum.

**Aðventulag Baggalúts 2005 -**

***SAGAN AF JESÚSI***

Það var um þetta leyti
þarna suðurfrá - í Mið-Austurlöndum.
Þar var ungt par á ferli
konan kasólétt - þeim var vandi á höndum.

Öll mótelin vor'upptekin
og yfirbókuð gistiheimilin.

Og þannig byrjaði sagan af því
þegar hann Jesús kom heiminn í.

Þau létu fyrirberast
inní fjárhúsi - með ösnum og kindum.
En það var ósköp kósí
ekki ósvipað - gömlum biblíumyndum.

Þar kom í heiminn - mannkyns von
hinn kunni Jesús Kr. Jósepsson.
Hann endaði í jötunni
beint undir Betlehemstjörnunni.

Og þannig hljómar nú sagan af því
þegar hann Jesús kom heiminn í.

Hallelúja!

Og þannig hljómar nú sagan af því
þegar hann Jesús kom heiminn í.

Svo rák'inn nefið vitringar
sem fyrir rælni voru staddir þar.
Þeir óðu inn með gras og gull
og eitthvað óríental jurtasull.

Ó, Jósep sendi SMS.
Ó, María, var bara furðu hress.
Ó, barnið lá og snuðið saug
með bros á vör - og soldinn geislabaug

Og þannig endar nú sagan af því
þegar hann Jesús kom heiminn í.

Já, þannig hljómaði sagan af því
þegar hann Süssi kom heiminn í.
Þið ráðið sjálf hvort þið trúið því
Amen.








ÓSKUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI.
ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á LIÐNU ÁRI
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322




Óskum nemendum okkar og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári, þökkum viðskiptin á árinu.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:
Nytsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurð, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta, frábært, markvisst, hnitmiðað.
(sjá umsagnir nemenda á www.h.is)

Erum byrjuð að bóka á fyrstu námskeið 2006:
Hraðlestrarnámskeið 10. janúar 2006 (nokkur sæti laus)
Hraðlestrarnámskeið 30. janúar 2006 (skráning hafin)
Skráning fer fram á www.h.is eða í síma 586-9400.

HRAÐLESTRARSKÓLINN

Við óskum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári
Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Þú getur það með Herbalife! 6 ára reynsla/góð eftirfylgni. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

www.betriheilsa.is Betri heilsa með næringuna að leiðarljósi Ásta s:692 3504

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug

Flugfélagið Geirfugl heldur bóklegt einkaflugmannsnámskeið sem hefst 9. jan. nk. Skráning á www.geirfugl.is eða í s: 511-5511

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Hvolpar - alger ofurkrútt. Border Collie hvolpa vantar góð heimili. Fást fyrir lítið. Uppl. í s. 482 3143 eða gsm 896 5768.

**Hundaræktunin Dalsmynni.**
Óskar öllum landsmönnum gleðilegra jóla og þakkar fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða. Og megið þið njóta guðsblessunar.

**Hundaræktunarfélagið Íshundar.**
Óskar öllum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs og þakkar fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

## Barnavörur



**Ný Disel sending**
.Róbert Bangsi og unglingarnir. Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 www.robertbangsi.is sími 555 6688.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ljósmyndun

Tekur þú myndir? Eru þær í öruggri geymslu? Fyrir 9,95 US$ á mánuði færðu 15 gígabita öruggt geymslupláss, 100 framkallaðar myndir á gæðapappír, gefins vörur að verðgildi 40 - 60US$ og heildsöluver á öðrum vörum. Og þetta er í hverjum mánuði. Aðrir áskriftarpakkar í boði. Hafið samband, Heimsmynd ehf s. 699 1114 www.heimsmynd.myphotomax.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu er rúmgóð og falleg 2ja herbergja íbúð, laus frá 1. janúar. Er á jarðhæð í tvíbýlishúsi með sérinngangi og miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðinni fylgir húsbúnaður. Nánari uppl. í síma 820 1814.

Mjög rúmgóð og snyrtileg 2ja herbergja íbúð í Mosfellsbæ. Uppl. um fjölskylduhagi sendist á netfang cgtms@hotmail.com.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**BÍLSTJÓRAR**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstarf á Reyðarfirði.
Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf.
Starfið stendur báðum kynjum jafnt til boða.
**Allar nánari upplýsingar veitir: Már í síma 474-1525 tölvupóstfang mar@odr.is**

**Stýrimaður**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða skipstjórnarmann í olíustöðina í Örfirisey og á olíubátinn Laugarnes. Umsækjendur þurfa að hafa B 4 réttindi eða meiri.
Starfið stendur báðum kynjum jafnt til boða.
**Allar nánari upplýsingar veitir: Einar Sveinn í síma 550 9944, tölvupóstfang einar@odr.is.**

**Grunnskóli Seltjarnarnes Valhússkóli.**
Laus er til umsóknar staða kennara í tæknimennt frá og með 1. jan. 2006.
**Uppl. veitir Sigfús Grétarsson í s. 595 9250.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Ræsting hentar vel fyrir heimavinnandi**
Morgunvinna, unnið frá 08:00-12:00 og 08:00-14:00 til skiptis tvo daga aðra vikuna og 5 daga hina vikuna. Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is

**Ræstingar**
Vantar duglegt fólk við heimilisþrif á daginn, 50-100% vinna. Góð laun í boði. Uppl. í s. 578 1450 eða sendið mail á nostra@nostra.is.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM
OPIÐ Í DAG AÐFANGADAG FRÁ 10:00 -16:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 0909 / 587 0909
WWW.TANTRA.IS

# ATVINNA/TILKYNNINGAR

**Klárt mál ehf. óskar eftir málarameistara með landslöggildingu til starfa, samstarfs eða verktöku.**
Upplýsingar veitir Alexander í síma 824 3020.

**FISK**
## Vélstjóri
Vélstjóri óskast á frystitogarann Arnar HU 1
Umsækjandi þarf að hafa VF1 réttindi
Upplýsingar í síma 825 4417
Umsóknum skal skila á netfangið
joningi@fisk.is

**LANDSPÍTALI**
## Sérhæfður starfsmaður
óskast á dauðhreinsun E-4 í Fossvogi. Starfshlutfall 100%. Starfið felst í pökkun aðgerðarbakka og frágang á verkfærum. Þjónustulund ásamt góðum samskiptahæfileikum og sveigjanleika í starfi eru skilyrði.

Umsóknir berist fyrir 7. jan. 2006 til Guðríðar Vestmann, deildarstjóra E-4 Fossvogi og veitir hún jafnframt upplýsingar í síma 543 7901, netfang *gvestman@landspitali.is.*

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Starfsfólk Kjöreignar*
*óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla. Við þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða og liðnum árum.*
Frum
Kjöreign ehf
Kjöreign fasteignasala • Ármúla 21 • Reykjavík • Sími 533 4040 • www.kjoreign.is

vinna.is atvinnumiðlun
Gleðileg jól
*Kveðja* vinna.is

IMG MANNAFL LIÐSAUKI
Gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum samskiptin á árinu.

VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Aðfangadagur jóla

**HVERS VEGNA ER HÁTÍÐLEGAST HJÁ OKKUR Á AÐFANGADAG ÞEGAR VIÐ OPNUM PAKKANA, EN Á JÓLADAG VÍÐA ANNARS STAÐAR?**

Fæðingarhátíð Jesú Krists, jólin, er haldin 25. desember. Undirbúningur hátíðahaldsins er aðventan eða jólafastan og lokadagur hennar, 24. desember, nefnist hjá okkur aðfangadagur jóla. Nafnið er gagnsætt. Þá skal undirbúningi lokið og aðföng öll komin til hátíðahaldsins. Helgin hefst síðan um miðjan aftan eða kl. 18. Þá er orðið heilagt og í hönd fer jólanóttin.



**Gyðinglegt tímatal**

Í þessu fylgjum við Íslendingar fornum sið. Helgidaga- og hátíðahald kristinna manna studdist upprunalega við gyðinglegt tímatal, en hjá þeim hefst dagurinn við sólsetur. Þetta kemur fram í sköpunarsögunni þar sem segir um hvern dag: „Það varð kveld og það varð morgunn ...“ Utan gyðinglegs landsvæðis var hins vegar ekki miðað við sólsetur heldur við miðaftan. Þetta er í fullu gildi hjá okkur um jólin. Um miðaftan 24. desember er orðið heilagt, jólin komin með aftansöngnum í kirkjunum, 25. desember runninn upp. Að loknum aftansöng hefst aðalveisla jólanna og eftir það eru pakkarnir opnaðir.

**Kirkjuklukkum hringt um miðaftan**

Okkar siðir eru skemmtilegir og styðjast við forna venju, en við þurfum jafnframt að gæta merkingar þeirra og láta jólahaldið sjálft ekki hefjast of snemma. Jóladagurinn er 25. desember. Við teljum hann renna upp kl. 18 þann 24. Sama gildir um aðra hátíðisdaga kirkjuársins og raunar sunnudagana líka. Hátíðin hefst um miðjan aftan daginn áður. Áður fyrr - og sums staðar enn meðal nágrannaþjóðanna – er kirkjuklukkum hringt um miðaftan á laugardögum og aðfangadögum hátíðanna til að minna á upphaf helginnar. Í fornum reglum sagði að hátíðirnar jól, páska og hvítasunnu ætti að hringja inn milli kl. 17 og 18 á aðfangadag þeirra.

*Einar Sigurbjörnsson,*
*prófessor í guðfræði við HÍ*

**EF GULLIÐ SEM VITRINGARNIR ÞRÍR GÁFU JESÚ KRISTI HEFÐI VERIÐ SETT Í BANKA, HVERSU MIKILS VIRÐI VÆRI ÞAÐ Í DAG?**

Ýmis vandkvæði eru á að svara þessari spurningu. Einn vandinn liggur í því að ekki er ljóst hve mikið gull vitringarnir þrír færðu Jesú. Annar vandi liggur í því að ekki er augljóst hvaða vexti ætti að miða við til að reikna út hvernig gullið hefði ávaxtast í 2000 ár.

**Vextir í 2000 ár**

Engu að síður er vandalaust að leika sér með tölur. Útkoman verður þá alltaf sú að litlu skiptir hve lítið hefði verið lagt til hliðar fyrir 2000 árum og hve lágir vextir hefðu verið, hefðu þeir á annað borð verið jákvæðir; innstæðan væri núna orðin óheyrilega há upphæð. Skýringin er einfaldlega sú að uppsafnaðir vextir á 2000 árum verða alltaf mjög háir í hlutfalli við upphaflegu töluna. Upphæð sem liggur á reikningi sem ber fasta (og jákvæða) vexti, hækkar samkvæmt svokölluðum veldisvexti og á 2000 árum skilar það alltaf mikilli hækkun, nema vextirnir séu hverfandi, það er að segja nálægt núlli.

**Leikur að tölum**

Svo að dæmi sé tekið þá verður ein króna sem ávöxtuð er með 1% vöxtum að 440 milljónum króna á 2000 árum. Ef vextirnir eru 2% verður krónan að um 160 milljónum milljarða króna eða nánar tiltekið 158.614.732.760.369.000 krónum. Þjóðarframleiðsla Íslendinga er um 800 milljarðar króna á ári svo að þetta er um 200-þúsundföld sú upphæð.

**Þrjátíu silfurpeningar**

Þess má einnig geta að talið er líklegt að silfurpeningarnir sem Júdas fékk fyrir svik sín hafi vegið rúm 14 grömm hver. Peningarnir voru 30 og hafa því vegið samtals rúm 400 grömm. Hefði það magn vaxið um 1% á ári í 2000 ár væri það nú hátt í 200 þúsund tonn eða litlu minna en allur þorskafli Íslendinga árið 2004. Hefði vöxturinn verið 2% á ári væri silfrið nú hátt í 70 þúsund milljarðar tonna. Ef vextirnir hefðu verið 3% væri silfrið orðið þyngra en jörðin öll.

*Gylfi Magnússon,*
*dósent í hagfræði við HÍ*

**HVAÐ ER MYRRA SEM VITRINGARNIR KOMU MEÐ?**

Myrra kemur nokkrum sinnum fyrir í Biblíunni. Í Matteusarguðspjalli er sagt frá því þegar að vitringarnir færðu Jesú gjafir, gull, reykelsi og myrru (2:11). Í Markúsarguðspjalli er Jesú fært vín blandað myrru fyrir krossfestinguna en hann þiggur það ekki (15:23). Í Esterarbók er því lýst hvernig konur snyrtu sig áður en þær gengu fyrir Ahasverus konung sem var að leita að fríðum meyjum. Höfðu þær tólf mánuði samkvæmt kvennalögum til hreinsunarundirbúnings. Í sex mánuði báru þær á sig ilmsmyrsl en í hina sex myrruolíu. (2:12). Unnustanum í Ljóðaljóðunum er eitt sinn lýst svo: „Varir hans eru liljur, drjúpandi af fljótandi myrru“ (5:13).

**Þykk trjákvoða**

Samkvæmt þriðju útgáfu Íslenskrar orðabókar er myrra þykk, gul viðarkvoða úr hitabeltisstrjám, notuð sem ilmefni. Latneska heitið á trénu er Commiphora spp. Orðið myrra er tökuorð úr miðlágþýsku, mirre, og þangað er það komið úr latínu og grísku. Í arabísku merkir orðið murr beiskur.

Myrru er safnað á sama hátt og gúmmíi úr gúmmítrjám, það er að segja með því að rista í trjábörkinn og leyfa kvoðunni að renna hægt og rólega úr sárinu og storkna.

*Jón Gunnar Þorsteinsson,*
*bókmenntafræðingur*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Nýlega var birt ýtarlegt svar um kjarnorkusprengjur sem Skúli Sigurðsson vísindasagnfræðingur skrifaði ásamt fleirum. Rétt er að benda sérstaklega á svar Skúla sem er með skýringarmyndum og hefur fjölda tilvísana, bæði í önnur svör á Vísindavefnum og efni á Veraldarvefnum. Meðal annarra nýrra svara má til dæmis nefna svör við spurningunum: Hvað getið þið sagt mér um jólasveina, hvernig er lykt, hvers vegna lygnir oft á kvöldin og hvaðan er orðið krummafótur komið. Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.



# Einmana á jólanótt

Jólin eru alls staðar. Mest í hjörtunum og barnatrúnni á Jesúm Krist, einkason guðs, sem í dag er afmælisbarn veraldar. Það er tími til að gleðjast, krúttast saman með ástvinum, hjúfra sig hver að öðrum; gefa, þiggja, gefa aftur og gefa enn meira. Jól eru óheppilegasti tími ársins til að vera einn. Einmanakenndin verður aldrei meiri en einmitt á jólanótt. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** og ***Freyr Gígja Gunnarsson*** höfðu hugann hjá sjúkum og þjáðum jólabörnum, og litu inn til þriggja presta sem allir þekkja vel til hlutskiptis þeirra sem eru fjarri ástvinum sínum þegar jólin ganga í garð.

## Ekki pláss fyrir útlendinga á aðfangadagskvöld jóla

**Séra Toshiki Toma frá Japan er prestur innflytjenda á Íslandi, sem margir halda jólin einir, langt frá föðurlandinu og ástvinum. Sjálfur þekkir Toshiki einmanaleika jólanna af eigin raun, en segir útlendinga viðbúna einveru um jólin.**



**SÉRA TOSHIKI TOMA, PRESTUR INNFLYTJENDA Á ÍSLANDI** Hefur bæði kynnst kærleiksríkum fjölskyldujólum Íslendinga, en einnig napurri einsemdinni sem fylgir því að vera einn og yfirgefinn á jólanótt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þegar einstaklingur tekur ákvörðun um að flytja til annars lands verður hann óhjákvæmilega útlendingur í því landi og reiknar með því, er tilbúinn til þess og venst því fljótt að vera einn," segir séra Toshiki um útlendinga sem dvelja um tíma á Íslandi, eins og aðra innflytjendur sem gerst hafa nýir Íslendingar.

„Margir útlendinganna reyna að hittast innbyrðis og gera sér glaðan dag um jólin. Hins vegar býr einmanakennd í hverjum manni á jólanótt því einmanaleiki er samofinn því að vera fjarri ástvinum og ættjörðinni á þeirri hátíð sem snýst helst um kærleiksríkar samverustundir fjölskyldunnar," segir Toshiki sem sjálfur þekkir napran einmanaleika jólanna.

„Ég var áður kvæntur íslenskri konu og við eignuðumst tvö börn saman. Á meðan við vorum hjón var jafnan mikið að gerast yfir hátíðarnar; jólaboð og góðar stundir innan stórfjölskyldunnar, en þegar við skildum voru börnin hjá móður sinni á jólunum og ég algjörlega einn á aðfangadagskvöld, sem og jóladag. Ég gleymi ekki einsemdinni á jóladag þegar enginn hringdi né heimsótti mig, og ég hitti ekki sálu þann helga dag. Alla jafnan uni ég glaður með sjálfum mér, en jólin eru ekki besti tíminn til einveru. Það er hverri manneskju raun að vera ein um jólin þegar mannfólkið fagnar saman fæðingu frelsarans og skapar góðar minningar, en einmanaleikinn kemur mjög skýrt fram við þær aðstæður," segir Toshiki sem veit af líku hlutskipti margra útlendinga sem áður fundu ástina á Íslandi en skildu eftir hjónaband og barneignir.

„Því miður eru flestir þeirra einir á jólum og hafa ekki sama aðgang að tengdafjölskyldunni og áður. Þeir eru því bæði fjarri fjölskyldu sinni hér á landi, sem og ættjörðinni heima. Hins vegar hafa útlendingar fæstir væntingar til sams konar jólahalds og Íslendingar og fer eftir sjálfsbjargarviðleitni hvers og eins hvort hann leitar sér félagsskapar um jólin," segir Toshiki og bætir við að Íslendingar bjóði sjaldnast útlendingum að jólaborðinu.

„Íslendingar eru fullbókaðir um jól og þurfa að hitta fjölskyldu sína og ástvini. Þar er ekki alltaf pláss fyrir útlending og ekki hægt að áfellast Íslendinga því jólin eru þeim heilög stund sem snýst um samveru og endurfundi fjölskyldunnar. Á þann fund mundi ókunnur útlendingur ekki passa inn í og alltof margir gestir á undan í röðinni á forgangsgestalista Íslendinga. Þetta er oft eina tækifæri stórfjölskyldunnar til að hittast, en fer auðvitað eftir því hve fjöskyldan kemur oft saman á árinu. Útlendingar kvarta í það minnsta undan því að erfitt sé að eignast vini meðal Íslendinga, en vissulega þurfa landsmenn að umvefja útlendinga kærleika jólanna líka."

**thordis@frettabladid.is**

## Fjarri fjölskyldu á aðfangadag

**Sr. Hreinn Hákonarsson hefur verið fangelsisprestur í þrettán ár og starfsins vegna ferðast hann á milli fangelsa allan aðfangadag og langt fram á kvöld.**

Hreinn var að keyra í Norðurárdalnum á leiðinni í fangelsið á Akureyri þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Hreinn stoppaði þó bílinn við fyrsta tækifæri. „Ég er fjarri fjölskyldunni allan aðfangadag. Fer að heiman um eitt leytið og fer austur til að vera með guðsþjónustu klukkan tvö á réttargeðdeildinni á Sogni," útskýrir Hreinn. Þaðan fer hann á Litla-Hraun þar sem er messa klukkan fjögur en heldur svo í bæinn aftur klukkan fimm og sér um guðsþjónustu í Hegningarhúsinu klukkan sex, og klukkan rúmlega sjö er guðsþjónusta fyrir vistmenn í Kópavogsfangelsinu. „Um átta leytið er síðan jólafagnaður Verndar í Hjálpræðishúsinu og þar er ég í rúman klukkutíma." Hreinn er því yfirleitt ekki kominn heim til sín fyrr en klukkan hálf tíu á aðfangadag. „Þá er heimilisfólkið yfirleitt búið að borða og blessuð börnin byrjuð að taka upp pakkana sína," segir hann. „Þegar þau voru lítil spurðu þau oft hvort ekki væri kominn tími til að fá sér aðra vinnu," segir Hreinn og hlær en eftir því sem þau urðu eldri hafi þetta vanist. „Þegar ég lít yfir fangahópinn, sem lokaður er á bak við lás og slá á þessari fjölskylduhátíð, þá gleðst ég yfir því að fá að aðstoða við að koma með jólin til þeirra," segir Hreinn og bætir við að fangar finni oft sterkt fyrir því að vera fjarri fjölskyldunni á þessari hátíð ljóss og friðar. „Þrátt fyrir góðan mat og gjafir þá eru margir þeirra hryggir innra með sér." Hreinn á frí á jóladag. „Ég legg samt mikla áherslu á að þetta er starfið og ég er ánægður með það. Það er mikil gleði fólgin í því að fá að þjóna föngunum á þessari hátíð og styðja við bakið á þeim."

**freygrigja@frettabladid.is**



**HREINN HÁKONARSON** Starf fangelsisprests krefst þess að hann sé á stöðugu ferðalagi allan aðfangadag. Hreinn hefur sinnt því starfi í þrettán ár og gerir það með gleði í hjarta. FRÉTTABLAÐIÐ / TEITUR



**SÉRA JÓNA HRÖNN BOLLADÓTTIR, SÓKNARPRESTUR Í GARÐABÆ** Var sjö ár í starfi miðborgarprests og upplifði mikla sorg og depurð utangarðsfólks þegar jólin gengu í garð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Stundum er engin leið aftur heim

**Jóna Hrönn Bolladóttir tók nýlega við embætti sóknarprests í Garðaprestakalli, en hefur undanfarin sjö ár starfað sem miðborgarprestur fyrir Reykjavíkurborg og þar kynnst okkar minnstu bræðrum. Hún segir sorg oft bærast í hjörtum utangarðsfólks þegar kærleikur og samfélag mannanna skín hvað skærast á jólum.**

„Það er allt til í mannhafinu og alltaf einhverjum úthýst eins og frelsaranum sjálfum á jólanótt. Jólin eru mikil samskiptahátíð og fyrir þá sem hafa misst tengsl vegna neyslu og erfiðleika eru jólin enn sársaukafyllri tími en endranær, því þá verður svo augljóst hvað erfiðleikarnir eru miklir og fólk fyllist sorg og kvíða," segir séra Jóna Hrönn og nefnir vímugjafa sem helsta mein sundraðra fjölskyldna.

„Í alvarlegri neyslu brjóta menn oft allar brýr að baki sér í samskiptum, en það er engin fjölskylda í þessari stöðu nema af því að Bakkus stendur í veginum. Sökum þess finna bæði þeir sem eru í neyslunni til, eins og þeir sem ekki getað tekið á móti ástvinum sínum vegna þess sem á undan er gengið," segir séra Jóna Hrönn og bætir við að stundum sé engin leið fær heim, meðan á neyslu stendur.

„Neyslan hefur fært þetta ógæfufólk frá fjölskyldunni og það rof verður svo áþreifanlegt þegar jólin koma því þá eigum við að hjúfra okkur saman og njóta samverustunda. En meðan víman ræður ferðinni og skilur eftir sig ljóta slóð er erfitt að koma aftur og þá finna allir svo mikið til," segir séra Jóna Hrönn sem uppgötvaði einlæga trú þeirra sem eru utangarðs.

„Ég hef aldrei hitt trúarlausan utangarðsmann og almennt ríkir mjög sterk trú hjá þessu fólki. Margir hafa sagt við mig að það eina sem ekki sé búið að skíta út hjá þeim sé trúin á guð. Þess vegna veit ég að sumt af þessu fólki upplifir mjög svo heilagt og fallegt trúarlíf, og þótt tengslin við alla séu full af sársauka eru tengslin við guð svo falleg og hrein," segir séra Jóna Hrönn, en margir utangarðs hafa sagt að ættu þeir ekki von og trú væri dauðinn fyrir löngu orðinn hlutskipti þeirra.

„Jólin búa í hjörtum utangarðsfólks og ég er sannfærð um að hinn eiginlegi boðskapur jólanna sé nær þeim en mörgum öðrum Íslendingum. Enda fæddist Jesús kristur á jólunum í algjöru skjólleysi, eins og margt af þessu fólki er að upplifa, svo guð er ekki fjarlægur þeim," segir séra Jóna Hrönn sem verið hefur í leitarstarfi í miðborg Reykjavíkur næturlangt í mörg ár.

**thordis@frettabladid.is**

### SKJÓLSHÚS Á JÓLANÓTT

**GEÐHJÁLP**, Túngötu 7: Jólamatur klukkan 17 á aðfangadagskvöld, jóladagskvöld og í hádeginu á annan í jólum. Máltíðin kostar 350 krónur.

**GISTISKÝLIÐ**, Þingholtsstræti 25 veitir konum og körlum skjól allan sólarhringinn, allan ársins hring. Jólamatur verður í hádeginu á jóladag, en farið verður saman í jólamat á aðfangadags- og jóladagskvöld á Hjálpræðisherinn og lagt af stað þangað klukkan 17.30. Skýlið opnar aftur klukkan 21, eftir hátíðamatinn.

**HJÁLPRÆÐISHERINN**, Garðastræti 38 býður heimilislausum og öllum sem eru einir og langar í samfélag til kvöldmatar klukkan 18. Sungnir eru jólasálmar, gengið í kringum jólatréð og gjafir gefnar. Skráning er æskileg í síma 561 3203.

**KAFFISTOFA SAMHJÁLPAR** á Hverfisgötu 42 er opin á aðfangadag og jóladag frá klukkan 11 til 14.30. Boðið upp á létta jólamáltíð báða dagana.

**KONUKOT-NÆTURATHVARF** fyrir heimilislausar konur að Eskihlíð 4 verður opið allan sólarhringinn frá 22. desember. Þar verður í boði bæði jólamatur alla jóladagana og hlýtt næturskjól.

OG 58 ERLENDAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR




## NÝR MYNDLYKILL SEM GEYMIR DAGSKRÁNA FYRIR ÞIG - STAFRÆNT

MEÐ NÝJUM STAFRÆNUM UPPTÖKULYKLI FRÁ DIGITAL ÍSLANDI GETUR ÞÚ...

- HORFT Á EINA SJÓNVARPSSTÖÐ OG TEKIÐ UPP AÐRA SAMTÍMIS
- ÝTT Á „PÁSU“ ÞEGAR ÞÉR HENTAR
- SPÓLAÐ TIL BAKA EF ÞÚ HEFUR MISST AF EINHVERJU
- NÝTT ÞÉR EINFALT UPPTÖKUVIÐMÓT TENGT DAGSKRÁRVÍSI
- HORFT Á UPPTÖKU FRÁ BYRJUN ÞÓ HÚN SÉ ENN Í GANGI
- VISTAÐ UPPTÖKU INN Á HARÐAN DISK

NJÓTTU ÞESS AÐ HORFA Á DAGSKRÁNA OKKAR – HVENÆR SEM ÞÉR HENTAR. ÞÚ FÆRÐ NÝJA STAFRÆNA UPPTÖKULYKILINN HJÁ VERSLUNUM OG VODAFONE OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚUM Á ÚTSENDINGASVÆÐI DIGITAL ÍSLANDS. VERÐ 7.990 KR. OG MÁNAÐARGJALD 790 KR.



digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS


MP & BRAGI
1
GJALDMIÐILL TONGA
ELSKA
ÍÞRÓTTA-FÉLAG
GRIMMDAR-LEGUR
ÆÐA
HELTAKA
SMÁATRIÐI
KIRTILL
FARSÍMI
KVK NAFN
SKÁLD
LAUMU-LEGUR
FLANA
SKÍRARI
ÓNEFNDUR
LEIGU-BÍLASTÖÐ
SKIPU-LEGGJA
HRAÐBANKI
GREIÐA
OK
ÞÁTTA
TUTLARI
HLEKKIR
TIL SAUMA
NÚLL
GÓNA
TVEIR EINS
HÚSAMEISTARI
HEILKENNI
GANGÞÓFI
OFBRÚKA
TVEIR EINS
FUGL
SKJALDAMERKI
ENGI
KLETTA-SPRUNGA
LOKKA
HJÖR
TALIÐ
GJALDMIÐILL
HÁR-BRÚSKUR
50
ÞANGAÐ TIL
SKVAMP
EINKENNISST.
ÓSKIPT
NÓTU
REKUR UPP
GJÁLFUR
SUÐA
ELDSNEYTIÐ
BORÐAÐI
GÖSLA
KÚGUN
FOR
EINN
HRISTING
PÚSTRAR
JÁRNA
URG
SLÁ ÚT
FÉLAG
SEFAST
GÆSLA
KOLL
SNJÓ
EINS UM J
KLUKKAN
GLJÚFUR
LOFTTEGUND
NEMA
SVARA
INNYFLA
ÓJÁ!
SAMTÖK
DURTUR
EINS UM Ó
ÓRÓLEG
STÓ
GRUNA
SPRAUTI
GALLALAUS
ÍÞRÓTTAFÉLAG
VELTA
URG
LÁTAST
HERMA
MÁNUÐUR
FLANA
STÆRÐF. HUGTAK
TVEIR EINS
RÍKIDÆMIS
PLOTTER
ÍÞRÓTTAFÉLAG
GUÐ
FRELSISHER
FLÝTI
Á KROSSI


Jóladansleikur
MILLJÓNAMÆRINGANNA
Hótel Sögu - Súlnasal 26. des. 2005
Fram koma: Bogomil Font, Páll Óskar, Bjarni Arason, Raggi Bjarna. Miðaverð kr. 2000.
Forsala miða á Hótel Sögu frá kl. 13.00 samdægurs. Húsið opnar kl. 23.00
hausverk / SÍA / 6393



# TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA

**Þriðja starfsönn Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna hefst í janúar.**
**Boðið er upp á TÓNVINNSLUNÁM, söngnám og hljóðfæranám þar sem valinkunnir atvinnumenn leiðbeina og miðla reynslu sinni.**
**Tónvinnsluskólinn hefur komið sem ferskur andblær í íslensku tónlistarflóruna og hafa viðtökurnar verið hreint með ólíkindum.**
**Áherslur Tónvinnsluskólans miða að því að gera nemendur undirbúna til að starfa við tónlist í framtíðinni,**
**hvort sem áhuginn er að vinna bakvið tjöldin eða standa á stóra sviðinu.**

## TÓNVINNSLA - AÐALNÁMSBRAUT

Það að læra kúnstina að semja, útsetja, hljóðrita og eftirvinna tónlist er fag sem marga dreymir um að ná tökum á. **Tónvinnsluskóli Þorvaldar Bjarna** býður sérhæft nám, þar sem ferlið frá lagasmíð alla leið þar til lagið er orðið útgáfuhæft , er kennt. Námið er **160 klst.** á lengd og **4 mánuðir** á breidd.

Fyrsta mánuðinn er stærsta áherslan lögð á lagasmíðar. Hver nemandi er studdur áfram í því að semja lag sem verður í kjölfarið það "verkefni" sem hann vinnur við það sem eftir er námskeiðsins. Samhliða lagasmíðum þá eru undirstöðuatriði tónvinnsluforritanna **Pro Tools** og **Reason** kennd.

Á öðrum mánuði er vinnan í "verkefninu" hafin fyrir alvöru. Grunnur lagsins er lagður þar sem svokallað "blueprint" af laginu er útbúið. Þarna er laginu stillt upp og útsetningarvinna hefst fyrir alvöru.

Á þriðja mánuði er farið fast í saumana á því hvernig upptökur fara fram, hvernig gögn úr Reason er færð yfir í Pro Tools og svo hvernig hljóðfæri og raddir eru tekin upp. Á þessu stigi námsins fá nemendur virkilega að kynnast hljóðversumhverfinu og þeirri vinnu sem þar fer fram. Hver og einn nemandi vinnur með hljóðfæraleikurum og söngvurum á þessu stigi námsins og hljóðritar "verkefnið" sitt.

Á fjórða og síðasta mánuði námsins þá er það eftirvinnsla "verkefnisins" sem er aðalatriðið. Hljóðblöndun, lagfæringavinna og fullklárun eru þau mál sem farið er fast í sálmana á og fyrir vikið eru "verkefnin" kláruð. Námskeiðinu lýkur með lagasamkeppni þar sem besta lagið er valið.

Endamarkmið námskeiðsins er að hvert "verkefni" sem að endingu varð lag sé fullbúið til markaðssetningar og útvarpsspilunar.





*** Kennsla fer fram að hefðbundnum vinnutíma loknum, þannig að flestir ættu að geta stundað námið samhliða fullri vinnu.**
*** Um helgar gefst nemendum tækifæri til að bóka tíma í hljóðveri og æfa sig þar.**
*** Tónvinnslunámið er metið til eininga sem valáfangi í sumum framhaldsskólum.**

## *FRÁBÆR VIÐBÓT - SAMSTARF VIÐ STÚDÍÓ SÝRLAND*

**Stúdíó Sýrland** og **Tónvinnsluskólinn** hafa gert með sér samstarfssamning og fyrir vikið er kennt í tveimur gjörólíkum hæsta klassa hljóðverum, hljóðveri RMP og Stúdíó Sýrlandi, sem gerir það að verkum að reynslan sem nemar öðlast er víðtækari og meiri.

NÁMSKEIÐIÐ HEFST 13. FEBRÚAR
VERÐ: 319.900.- KR.
SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á **WWW.TONVINNSLUSKOLI.IS**

# SKRÁNING ER HAFIN

**WWW.TONVINNSLUSKOLI.IS**
**OG Í SÍMA 534-9090**

sena

Reykjavík Music Productions • Nýbýlavegi 18 • 200 Kópavogi • Iceland • Tel.: +354 534-9090 • Fax +354 534-9091 • info@reykjavikMP.com • www.reykjavikMP.com

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# AFGREIÐSLUTÍMAR YFIR HÁTÍÐAR

## NEYÐARAÐSTOÐ

Slysa og bráðamóttaka Landspítala - háskólasjúkrahúss við Hringbraut og í Fossvogi er opin allan sólarhringinn og sinnir neyðartilfellum. Aðalsímanúmer er 543 1000. Beint innval á bráðamóttöku Landspítala við Hringbraut er 543 2050 og beint innval á slysadeild Landspítala í Fossvogi er 543 2000.

**Læknavakt heilsugæslunnar**
Vitjanasíminn 1770 er opinn allan sólarhringinn.
Læknavaktin er opin á aðfangadag frá klukkan 9 til 18 og opnar aftur klukkan 20.30 og verður opin til 23.
Á Annan í jólum og jóladag er opið eins og venjulega frá 9 til 23.30.

**Neyðarlínan**
Neyðarlínan er opin allan sólarhringinn í númeri 112 og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðir og lögreglu um allt land.

**Rauði krossinn**
1717 er sími vinalínunnar og Rauða krossins og er svarað í því númeri hvenær sólarhrings sem er yfir hátíðarnar.

**Stígamót**
Stígamót eru lokuð yfir hátíðarnar. Hægt er að leita til neyðarmóttökunnar.

**SÁÁ**
Skrifstofur SÁÁ verða lokaðar yfir hátíðarnar. Bráðamóttakan á Vogi verður opin fyrir hádegi á annan í jólum. Bent er á slysadeild og bráðamóttöku Landspítala komi alvarleg tilfelli upp.

**Kvennaathvarfið**
Kvennaathvarfið er opið allan sólarhringinn yfir hátíðarnar. Síminn er 561 1205.

**Tannlæknaþjónusta**
Opið verður á stofum eftirtalinna tannlækna yfir hátíðarnar:

*Aðfangadagur*
Hlynur Þór Auðunsson og Kristinn Kristinsson, Síðumúla 25, Reykjavík. Sími 553 3210. Opið milli 9.30 til 12.
*Jóladagur*
Ragnar Árnason, Hamraborg 7, Kópavogi. Sími 554 2515. Opið á milli 11 og 13.
*Annar jólum*
Stefán Hallur Jónsson, Miðstræti 12, Reykjavík. Sími 511 4010. Opið á milli 11 og 13.


Sjúklingum er bent á að snúa sér til slysadeildar sjúkrahúsanna komi upp alvarleg tilfelli utan opnunartíma.

## APÓTEK

**Lyf og heilsa**
*Aðfangadagur*
Apótekið í Austurveri er opið frá 10 til miðnættis.
Apótekið í JL-húsinu er opið frá 9 til 14.
Önnur apótek Lyf og heilsu sem eru að venju opin á laugardögum eru opin frá 9 til tólf.

*Jóladagur og annar í jólum*
Opið í Austurveri frá 10 til miðnættis en önnur apótek eru lokuð.

**Lyfja**
Lyfja í Lágmúla og á Smáratorgi verða opin á aðfangadag frá klukkan 8 til 18.
Á jóladag og annan í jólum er opið frá 8 til miðnættis. Önnur apótek fylgja hefðbundnum opnunartíma verslana.

**Árbæjarapótek**
Opið frá 9 til 12 á aðfangadag og lokað á jóladag og annan í jólum.

**Rimaapótek**
Opið frá 10 til 12 á aðfangadag og lokað á jóladag og annan í jólum.

**Lyfjaval**
Opið á aðfangadag frá 9 til 13 og lokað á jóladag og annan í jólum.

**Bílaapótekið**
Opið á aðfangadag frá klukkan frá 9 til 16. Á jóladag og annan í jólum er opið frá 10 til 12.

**Apótekarinn á Akureyri**
Lokað á aðfangadag en opið frá 15 til 17 á jóladag og annan í jólum.

Þeir sem þurfa á lyfjum að halda geta haft samband við læknavaktina utan þjónustu apótekanna ef brýna nauðsyn ber til.

## STÓRMARKAÐIR

**10-11**
*Aðfangadagur*
opið til kl. 16.00.
*Jóladagur*
Lokað. Opnar í sólarhringsverslunum á miðnætti.
*Annar í jólum*
Opið frá 9 til miðnættis. Sólarhringsverslanir opnar allan sólarhringinn.

**11-11**
*Aðfangadagur*
Opið 9-16. Á Hellu og Hvolsvelli verður opið frá 9 til 13.
*Jóladagur*
Lokað, en opnað á Skúlagötu um miðnætti.
*Annar í jólum*
Opið frá klukkan 12 til 23. Á Hellu og Hvolsvelli frá klukkan 12 til 18.

**Bónus:**
*Aðfangadagur*
Opið frá 9 til 12.
Lokað á jóladag og annan í jólum.

**Fjarðarkaup**
*Aðfangadagur*
Opið frá klukkan 10 til 12.30.
Lokað verður á jóladag, annan og þriðja í jólum.

**Hagkaup**
*Aðfangadagur*
Opið frá klukkan 9 til 13. Í Smáralind er opið til klukkan 15.
Lokað á jóladag og annan í jólum.

**Krónan**
*Aðfangadagur*
Opið frá 10 til 13.
Lokað á jóladag og annan í jólum.

## SAMGÖNGUR

**Strætó bs.**
*Aðfangadagur*
Ekið á öllum leiðum samkvæmt áætlun laugardaga en akstri lýkur um það bil klukkan 16.
*Jóladagur*
Ekið samkvæmt áætlun helgidaga og hefst akstur um 15.30.
*Annar í jólum*
Akstur hefst klukkan 10 og er ekið eftir áætlun sunnudaga og helgidaga.



**Herjólfur**
*Aðfangadagur*
Siglt frá Vestmannaeyjum klukkan 8.15 og frá Þorlákshöfn klukkan 11.
*Jóladagur*
Engar siglingar.
*Annar í jólum*
Siglt frá Vestmannaeyjum klukkan 13 og frá Þorlákshöfn klukkan 16.

**Flugfélag Íslands**
*Aðfangadagur*
Síðasta brottför frá Reykjavík er klukkan 12.30, frá Akureyri klukkan 13.25,
frá Egilstöðum klukkan 13.55.
Ekki er flogið á jóladag.
Flogið er samkvæmt áætlun á annan í jólum.
Nánari upplýsingar á www.flugfelag.is

**Sérleyfishafar á BSÍ**
Brottför frá BSÍ
*Aðfangadagur*
Reykjanesbær 10.30,
Hveragerði og Selfoss 8.30 og 12.30,
Laugarvatn og Geysir 8.30,
Stokkseyri og Eyrarbakki 8.30,
Þorlákshöfn, Eyrarbakki og Stokkseyri 10.40,
Árnes og Flúðir 8.30,
Hella og Hvolsvöllur 8.30 og 12.30,
Akranes og Borgarnes 13.
*Jóladagur*
Lokað.
*Annar í jólum*
Ekið samkvæmt helgaráætlun nema hvað ekki er farin morgunferð á Snæfellsnes.

## SUNDLAUGAR

**Sundlaugar í Reykjavík og nágrenni**
*Aðfangadagur*
Sundlaugarnar í Reykjavík opnar frá 8 til 12.30, í Kópavogi frá 8 til 12 og í Hafnarfirði frá 8 til 11.
*Jóladagur*
Lokað.
*Annar í jólum*
Opið í Laugardalslaug frá 10 til 18.

**Sundlaug Akureyrar**
*Aðfangadagur*
Opið 8-11.


2
MEISTARINN
Hver slær alla út fyrir
5 milljónir?
Fimmtudagskvöld kl. 20:30
Fjölskyldan sameinast öll í spennandi spurningaleik og Logi Bergmann fer á kostum í leitinni að Meistaranum. Þetta er bráðskemmtilegur spurningaþáttur með útsláttarfyrirkomulagi fyrir alla fjölskylduna þar sem Meistarinn sem slær alla út og fær 5 milljónir króna að launum í beinhörðum peningum.
ÍSLANDSBANKI
GOTT FÓLK McCANN





# STUÐ MILLI STRÍÐA Útvarp Reykjavík. Gleðileg jól.

**JÓHANNA SVEINDÓTTIR** HVERFUR UNDIR TRÉÐ



Allir hafa sínar hefðir á aðfangadag. Sumir standa yfir eldumennsku allan daginn og dilla sér við jólalög meðan hrært er í sósunni. Aðrir fara á jólarúntinn, hlaða bílinn af pökkum og glaðningi og bera gleðina um allan bæ. Svo eru það þeir sem slaka á heima hjá sér og taka á móti jólarúnturunum og gefa þeim sörur og kakó sem orkugjafa.

Einstaka drollarar hlaupa í óðagoti milli verslana til að fylla í jólapakkana. Prestarnir fara yfir hátíðarpredikanirnar og tóna í takt við tindrandi jólaljós. Orgelleikarinn fær fingranudd hjá makanum og kirkjuklukkuhringjarinn hitar upp með armbeygjum til að geta sett kraft í klukknahljóminn klukkan sex. Útvarpsþulur RÚV stendur fyrir framan spegil og æfir margs konar útgáfur af „Útvarp Reykjavík. Gleðileg jól," og einstaka jólasveinn bankar upp á hjá séra Flóka, prestinum til mikillar furðu.

Mín hefð á aðfangadag er að gera allt sem ég má ekki. Ég laumast í konfektið sem búið er að setja á stofuborðið. Svo færi ég mig varfærnislega nær trénu og pota í nokkra pakka með tánum. Fer svo inn í eldhús og þykist hrósa ilminum sem þaðan berst, en er í raun að tryggja að enginn sjái til mín þegar ég fer að káfa á pökkunum fyrir alvöru. Svo rýk ég aftur inn í stofu og kíki á nokkur pakkakort og þreifa á þeim pökkum sem eru girnilegastir, kanna stærð, mýkt og þyngd. Þegar mamma kallar svo á mig úr eldhúsinu „hvað ertu að gera?!" svara ég „ekki neitt, fá mér konfekt," í sakleysistón, því ég veit ég fæ minni skammir fyrir að borða nokkra mola en að kíkja á pakkana.

Þegar klukkurnar hringja klukkan sex gerist það sama hjá mér og öllum landsmönnum, ég fæ hugarró, fyllist gleði (og svengd) og held gleðileg jól. Ég nýti svo tækifærið, þar sem ég sendi engin jólakort, og óska öllum gleðilegrar pakkastundar, góðs áts og ljúfrar hátíðar.






## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Överli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og Pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 5 | | 2 | | | | |
| | | 6 | 9 | 5 | | | | 4 |
| | | | | | | | 7 | 5 |
| | | | 2 | | 8 | 3 | | |
| 4 | 2 | | | | | | 5 | 9 |
| | 8 | | 5 | | 9 | | | |
| 1 | 5 | | | | | | | |
| 6 | | | | 1 | 5 | 2 | | |
| | | | | 3 | | 5 | 8 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 5 | 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 7 |
| 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 2 | 3 | 1 | 8 |
| 2 | 8 | 3 | 1 | 4 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 6 | 5 | 9 | 7 | 3 | 1 | 2 | 8 | 4 |
| 7 | 3 | 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 8 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 5 | 1 | 6 | 9 | 7 | 3 | 8 | 4 | 2 |
| 9 | 2 | 8 | 4 | 1 | 5 | 6 | 7 | 3 |
| 3 | 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 1 | 9 | 5 |





GILLZENEGGER
PARTÝ-HANZ
NÝ ANDLIT
Á SIRKUS
2006
ÁRIÐ 2006 BYRJA YFIR 20 NÝIR INNLENDIR OG ERLENDIR ÞÆTTIR Á SIRKUS.
MEÐAL ÞEIRRA ERU MARGIR AF VINSÆLUSTU SJÓNVARPSÞÁTTUM HEIMSINS
Í DAG EINS OG AMERICAN IDOL OG MY NAME IS EARL.
FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS

!

**Kl. 18.00**

*Aftansöngur í Dómkirkjunni. Séra* ***Hjálmar Jónsson*** *prédikar og séra* ***Jakob Ágúst Hjálmarsson*** *þjónar fyrir altari.* ***Dómkórinn*** *syngur og* ***Marteinn Friðriksson*** *leikur á orgel. Einleik á trompett leika* ***Ásgeir Steingrímsson*** *og* ***Sveinn Birgisson****. Messunni verður að venju útvarpað á RÚV.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Vekur lukku í Finnlandi

Fyrir nokkrum dögum kom skáldsagan Höfundur Íslands eftir Hallgrím Helgason út í Finnlandi í þýðingu Juha Peura. Finnskir fjölmiðlar eru fljótir að bregðast við tíðindunum og lofa bókina í hástert. Stærsta dagblað landsins, Helsingin Sanomat, birti í vikunni dóm um verkið og segir að leitun sé að jafn litríkri frásagnarlist og birtist í þessari skáldsögu. Í ritdómnum segir að saga Hallgríms sé fullkomlega sjálfstætt verk þótt sumir kollega hans sigli á lík mið. „Ferðalag aðalsöguhetjunnar um lönd bókmenntanna er ævintýri líkast og þýðing Juha Peura frábær. Á köflum verður að staldra við lesturinn svo maður missi ekki samhengi í sérkennilegu myndmáli, ljóðrænum lýsingum og mikilli kaldhæðni. Efnisval bókarinnar segir gagnrýnandi vera hreinustu snilld. Sagan vísi til Halldórs Laxness sem hafi verið mjög umdeildur, tekið kaþólska trú og aðhyllst sósíalisma í landi sem á aðild að Nato. „Frásögn Hallgríms Helgasonar líkist eldgosi í jökli, dökkar hliðar mannshugans – bældar tilfinningar



– brjótast fram sem ofbeldi. Jökullinn bráðnar og myndar flóð sem rýfur vegi og tilveru. Hallgrímur breytir óhræddur um sögusvið, tímasvið og sögupersónur.“

## > Ekki missa af …

… jólaleikriti Þjóðleikhússins, Túskildingsóperunni eftir Bertolt Brecht og Kurt Weill, sem frumsýnd verður í annan í jólum.

… sjálfum Skugga-Sveini, leikriti Matthíasar Jochumssonar sem flutt verður í útvarpinu á jóladag. Í þessari uppfærslu verður sérstök áhersla lögð á tónlistina.

… hinum árlegu Þorláksmessutónleikum Bubba á Nasa, sem verða endurteknir á annan í jólum fyrir þá sem ekki komust að í gær.





Stóra svið

**SALKA VALKA**
Mi 28/12 kl. 20 Su 8/1 kl. 20
Su 22/1 kl. 20 Fi 26/1 kl. 20

**WOYZECK**
Fi 29/12 kl. 21 Fö 30/12 kl. 21
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20
Lau 21/1 kl. 20 Su 29/1 kl. 20

**KALLI Á ÞAKINU**
Má 26/12 kl. 14 UPPS Su 8/1 kl. 14
Su 15/1 kl. 14 Lau 21/1 kl. 20
Su 22/1 kl. 20

**CARMEN**
Fi 12/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Fö 13/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fi 19/1 kl. 20 Fö 20/1 kl. 20
Fö 27/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20

Nýja svið/Litla svið

**MANNTAFL**
Mi 28/12 kl. 20 Su 8/1 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fi 29/12 kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT
Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT

**BELGÍSKA KONGÓ**
SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í JANÚAR. MIÐAVERÐ 2.500-. KR.
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20
Fö 20/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20

**GJAFAKORT**
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST
MIÐASALAN ER OPIN: 24.12. 10-12
BORGARLEIKHÚSIÐ ÓSKAR LANDSMÖNNUM GLEÐILEGRA JÓLA

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN
**Frumsýning mán. 26/12 uppselt**, 2. sýn. þri. 27/12 **uppselt**, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 5/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 6/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 7/1 nokkur sæti laus.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 22/1 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
**Frumsýn. fim. 29/12 uppselt**, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, lau. 7/1 **kl. 17:00,** sun. 8/1.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN

LEITIN AÐ JÓLUNUM
Þri. 27/12 kl. 15:00 og 17:00, mið. 28/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 15:00 **uppselt** og kl. 17:00 **uppselt**. **Síðustu sýningar.**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.**
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

23 24 25 **26** 27 28 29

**Mánudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Hinir árlegu Þorláksmessutónleikar **Bubba** verða endurteknir á Nasa í kvöld.

☐ 23.00 Árlegir jólatónleikar hljómsveitarinnar **Jan Mayen** verða á Grand Rokk. Einnig koma fram hljómsveitin **Jeff Who?** og **Jara**.

### LEIKLIST

☐ 20.00 **Túskildingsóperan** eftir Bertolt Brecht og Kurt Weill verður frumsýnd í Þjóðleikhúsinu í leikstjórn **Stefáns Jónssonar**.



Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

Fim. 29. des. örfá sæti laus
Fös. 20. jan.
Lau. 21. jan.

Gleðileg jól!

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is



HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA



| | | |
|---|---|---|
| þriðjudagur | 27.12 | uppselt |
| miðvikudagur | 28.12 | örfá sæti laus |
| fimmtudagur | 29.12 | uppselt |
| fimmtudagur | 05.01 | laus sæti |
| föstudagur | 13.01 | laus sæti |
| laugardagur | 14.01 | laus sæti |

GJAFAKORT - TILVALIN JÓLAGJÖF
MIÐASALA: www.midi.is og í Iðnó s. 562 9700
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.




## HALLDÓR GUÐMUNDSSON
**> SKRIFAR UM BÓKMENNTIR**

# Lesandinn á leik

Þá eru bestu bækur veraldar komnar út, rétt einu sinni enn. Ný sölumet hafa verið slegin, önnur eins upplög hafa aldrei verið prentuð, gagnrýnendur sjaldan komist í viðlíka snilld. Útlendir forleggjarar hafa borist á banaspjót til að tryggja sér nýjustu sakamálasögurnar úr vígabælinu Reykjavík og sett heimsmet í fyrirframgreiðslum, íslenskar skáldsögur hafa verið seldar til fleiri landa en rúmast í Sameinuðu þjóðunum. En nú ert kyrrt um hríð. Krónprinsarnir og alþjóðlegu meistararnir hafa dregið sig hlé, stórskáldin rogast með verðlaun og tilnefningar af sviðinu. Síðasta vitlausa skjalið hefur verið sent í prentsmiðju, síðasta sölubókin verið endurprentuð, síðasta bindið af ævisögu Laxness komið út. Og að minnsta kosti fimm aðrir höfundar áttu víst upphaflega að fá Nóbelsverðlaunin, auk þeirra sem nú bíða við símann. En það er þögn, meira að segja hjá sænsku akademíunni.

Nú á lesandinn leik. Lestur kann að vísu að vera þjóðaríþrótt, en hann er einstaklingsframtak, maður á mann ef svo má segja. Lesandinn hittir höfundinn á blaðsíðum bókarinnar, og hefur í farteskinu ímyndunarafl sitt. Hann sækir sér næringu í textann, en skapar sjálfur persónurnar og dregur upp mynd af sögusviðinu – helmingur hverrar bókar er eftir lesandann. Enda ræður hann sér sjálfur, við lestur erum við meira að segja herrar tímans. Við ráðum hvað við lesum bækur hratt, getum dregið atburði á langinn eða hespað þá af – fullkomlega að eigin vild. Stundum treinum við okkur bækur, viljum helst ekki að lestrinum ljúki, stundum geysumst við áfram: Ólíkt sjónvarpinu ræður lesandinn för.

Sagnalistin er jafngömul manninum, en það var ekki fyrr en fyrir svona tveimur og hálfri öld, sem venjulegt fólk á Vesturlöndum fór að taka svo til orða að það læsi í frítíma sínum. Í Evrópu var ekki farið að tala um frístundir fyrr en á átjándu öld og um líkt leyti efldist skáldsagan sem bókmenntagrein. Allt gerðist þetta seinna á Íslandi, enda ólíkt mannvænlegra að falla ekki verk úr hendi heldur en að taka sér bók í hönd. En þegar leið á tuttugustu öldina eignuðust Íslendingar líka frístundir og urðu vitni að baráttunni um þær. Ástæðan fyrir auglýsingastríði bókaútgefenda fyrir jólin er ekki bara samkeppni þeirra innbyrðis, heldur stríðið um frítímann við alla aðra afþreyingu; og kannski öðru fremur sjónvarpið.

Þrátt fyrir illar spár hefur sjónvarpið aldrei haft fullan sigur á bókinni. Og margt af því sem sjónvarpsstöðvar kynna nú sem stórkostlegar nýjungar er bóklesendum gamalkunnugt: Að geta valið sína dagskrá sjálfur, að geta hlaupið yfir auglýsingahlé, að geta stöðvað dagskrána um stund og látið hana síðan halda áfram, að geta geymt einn þátt til að horfa á annan – þetta hafa lesendur alltaf getað. Hver lesandi er sinn eigin dagskrárstjóri. Og nú, þegar kyrrð jólanna hefur færst yfir, er um að gera að velja sér góða dagskrá ótruflaða af þeim auglýsingum sem eru óhjákvæmilegur fylgifiskur vertíðarinnar.

Þá kemur í ljós, bara svo dæmi sé tekið, að tvö snilldarverk frá byrjun tuttugustu aldar komu í haust þegjandi og hljóðalaust út á íslensku í fyrsta sinn. Þetta eru skáldsögurnar Fall konungs eftir danska Nóbelsverðlaunahöfundinn Johannes V. Jensen og Dauðinn í Feneyjum eftir mesta sagnamann Þjóðverja, Thomas Mann. Gerólíkar bækur gerólíkra höfunda, en fjalla þó báðar um nánd lífsnautnar og hruns, ástar og dauða. Bækur sagðar á öðrum hraða en tíðkast nú, en ef lesandinn slæst í för vekja þær með honum þessa leyndardómsfullu óskilgreindu þrá sem einkennir góðar sögur. Þess vegna er enn verið að gefa þær út (svo er bara að vona að einhver af frægðarverkum þessa árs veki áhuga góðfúsra lesenda eftir öld eða svo). Fátt er skemmtilegra en góð enduruppgötvun, og ég get í því sambandi ekki stillt mig um að nefna hálfrar aldar gamalt snilldarverk sem leynist meðal þýðinga: Kertin brenna niður eftir ungverska höfundinn Sandor Marai. Nóg er úrvalið, hvort sem menn sækjast eftir klassík eða afþreyingu eða hvoru tveggja, eins og við flest. Nú á lesandinn leik.

Að svo mæltu er lesendum Fréttablaðsins óskað gleðilegra bókajóla.


SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

# Hattlaus kúreki á veraldarvafri

## BÆKUR

[UMFJÖLLUN]

Áferð er fyrsta skáldsaga Ófeigs Sigurðssonar og jafnframt fyrsta afurð útgáfugemlingsins Traktors en Ófeigur hefur áður gefið út ljóðabækurnar Skál fyrir skammdeginu og Handlöngun.

Hvatvís en hugumsmár ráfar sögumaðurinn Offi stefnulaust um heiminn, í leit að hatti eða einhverju öðru fullnægjandi. Í lýsingum sínum minnir hann á ungæðislegan Attenbrough, heimsósómamessandi en ábúðarfullur. Þetta er hlaðin og áleitin saga. Persónurnar eru ævintýralegar og aðstæðurnar líka. Á sínu ólínulega ferðalagi þeytist frásögnin milli heimsálfa og ferðalangurinn, útlifaður, analístur og gagnrýninn lendir í klandri innra með sér og út á við. Hann er lunkinn við að koma sér í kynni við forvitnilegt fólk. Þetta er langt því frá að vera hversdagsleg ferðasaga. Hún er þvert á móti bullandi af hormónum og speki sem er undarleg blanda en heillandi svört og hárbeitt. Höfundinum tekst stórvel upp að lýsa þessu ævintýralega ferðalagi og fólki, myndmálið og orðfærið er skemmtilega eftirtektarvert, retró en slangurskotið.



**ÓFEIGUR SIGURÐSSON** Fangar nútímann betur í fyrstu skáldsögu sinni en margt sem bókarýnir hefur lesið undanfarið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

Offi tekst á við við hugmyndir, skepnur, konur og önnur ólíkindatól. Hann er með fortíðina í farteskinu, þjóðsögurnar vofandi yfir sér og samtímann á hælunum. Þó sagan sé kaotísk eru ákveðnir þræðir sem njörva hana niður. Þetta er kannski fyrst og fremst karlmennskusaga, íslenski kúrekinn er ekki týndur og ekki leitandi, nema að hattinum. Hann hittir fyrir ólíkar holdtekjur karlmennskunnar og þarf á stundum að beita hörku þótt honum líði oft eins og barni eða aumingja. Það er líka draugagangur í sögunni, slatti af dópi og húsdýrum og mikið af rútuferðum og brautarstöðvum. Þessar endurtekningar eru kærkomnar vörður því oft er maður alls ekki viss um hvar Offi er staddur. En það er hluti af því að vera til, að vera ungur og stjórnlaus kúreki.

Tví- eða þríklofinn á Offi í sambandi við „litla karlinn við stjórnborðið“ sem staðsettur er í höfðinu á honum og vill sínu fram þrátt fyrir vilja hulstursins. Síðan safnar hann hugleiðingum og sögum í umslag og sendir til hr. Heiguls sem situr heima og borgar vísareikninginn fyrir ferðalanginn. Þetta er draumastaða fyrir Offa, sem er hr. Hugrakkur og þorir að lenda í ævintýrum í útlöndum þó hann sé oft hræddur, hrakinn og svangur.





**ÁFERÐ**

HÖF. ÓFEIGUR SIGURÐSSON
ÚTG. TRAKTOR

**Niðurstaða:** Þetta er alveg hugljómandi bók sem vekur bjartsýni. Það má hlæja og grenja yfir óförum ferðalangsins, nótera hjá sér ráðleggingar hans og kannski redda sér sjálfskeiðungi.

Samband sögumannsins við lesandann er meðvitað og í einlægni sinni fangar persóna Offa eitthvert andrúmsloft þess sem er „núna“, tryllt og skrítið, vel meinandi en ofbeldishlaðið og þrúgað af ístöðuleysi. Það er töluverð nostalgía í þessari bók þó hún fangi nútímann betur en margt sem ég hef lesið undanfarið. Nostalgían er eftir öfgunum og alvörunni á tímum markleysis og meðalmennsku, Offi er utangarðs og á enga samleið með því fólki sem hann hittir, hann lærir margt af þeim en kemur hugðarefnum sínum ekki frá sér nema til lesenda. Þetta er hetjusaga nútímamanns sem endar samt alveg stórfurðulega og kúrekinn skilur mann eftir hálf rasandi.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

**ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR** á nýju ári - sunnudagskvöldið 8. janúar kl. 20
Kammersveitin Ísafold flytur Vínartónlist í útsetningum eftir Arnold Schönberg og Anton von Webern. Stjórnandi: Daníel Bjarnason, einsöngvari: Ágúst Ólafsson barítón
Tryggðu þér miða á óvenjulega og skemmtilega tónleika!

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola - eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er lokuð til 2. janúar. Miðasalaá Netinu allan sólarhringinn: www.opera.is
Íslenska óperan óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári!

ÍSLENSKA ÓPERAN

Vínartónleikar
Frábær byrjun á nýju ári

Helstu perlur höfuðtónskálda Vínar með Strauss-feðga í broddi fylkingar, hinn frábæri einsöngvari Anton Scharinger og einn mesti sérfræðingur í Vínartónlist, hljómsveitarstjórinn Peter Guth. **Tryggðu þér miða núna á www.sinfonia.is** á hina bráðskemmtilegu og sívinsælu Vínartónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar.



GRÆN TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI
MIÐVIKUDAGINN **4. JANÚAR** KL. 19.30
FIMMTUDAGINN **5. JANÚAR** KL. 19.30
AUKATÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI
FÖSTUDAGINN **6. JANÚAR** KL. 19.30
LAUGARDAGINN **7. JANÚAR** KL. 17.00 – NOKKUR SÆTI LAUS



Hljómsveitarstjóri ::: Peter Guth
Einsöngvari ::: Anton Scharinger

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS

Fiton/SÍA F1015028





> **Spreyjaðu ...**

*... á þig dásamlegum jólailmi yfir hátíðirnar. Amor Amor frá Cacharel er dýrðlegur ávaxtailmur, blanda af mandarínukeim, bláberjailmi, White musk og liljum. Ekki skemmir fallega jólalega glasið.*

# útlit

**SMEKKURINN: SIGRÍÐUR ELLA JÓNSDÓTTIR, ANNAR VERSLUNARSTJÓRI ALL SAINTS**

## *Bleiku angórugrifflurnar í uppáhaldi*

**Spáir þú mikið í tískuna?** Já svona upp og niður.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Einfaldur og oftast frekar litríkur.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Aftur systurnar eiga gott hrós skilið og Buddish punk finnst mér oft svaka fallegt en ég á ekkert uppáhald. Hrífst bara af því sem mér finnst fallegt óháð merkinu eða hönnuðinum.

**Flottustu litirnir?** Ég er alltaf frekar veik fyrir grænum og fjólubláum.

**Hverju ertu veikust fyrir?** Töskum og skarti, ekki spurning.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Grá leðurstígvél í Spúútnik og fjólubláan tiger kjól.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Fjölbreytnin sem er að myndast og það að strákar eru að verða svooo miklar tískudrósir, elska það.

**Hvað finnst þér nauðsynlegt að eiga á veturna?** Hlýja úlpu og ekki má gleyma húfu og vettlingum.

**Uppáhaldsverslun?** Gyllti kötturinn, Rokk og rósir, All saints, Tríólógía, Kronkron, Spúútnik og æji bara fullt fullt meira.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Úff ég vil ekki vita það.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Ætli ég verð ekki að segja ullarsokkarnir hennar Ástu í Kalmarstungu, þeir eru geggjaðir og grifflurnar hennar líka.

**Uppáhaldsflík?** Skærbleiku yndislegu angórugrifflurnar mínar.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Ferðin myndi hefjast á nokkrum secondhand búðum í Barcelona, svo væri förinni heitið í róterí í Camden. Þaðan færi ég sveitt með pokana fulla til Berlín og endaði svo í New York þar sem ég myndi eyða öllu sem ég ætti eftir af yfirdrættinum mínum í fallega skó og kjóla.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Þær eru nú nokkrar en ég verð að minnast á einn mega pirrandi mallabol sem ég keypti í Barcelona í sumar.





**MÓÐUR VIKUNNAR**
> **ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON**

# Melankólísk hátíð

Á meðan mandarínugula hnakkavæðingin hefur tröllriðið öllu hér á Íslandi var biblía tískunnar, breska Vogue, með grein nýlega sem fjallaði um hversu vinsæl föl húð er að verða. Fínar dömur í Evrópu vilja nú vist skilgreina sig sem mest frá plebbunum og sækjast hart eftir postulínshúð. Tíska Viktoríutimabilsins er lika í algleymingi ásamt þvi dálítið drungalega og gotneska lúkki sem réði rikjum þá. Oft á tíðum voru konur þessa tímabils lasnar, kannski með berkla, tæringu eða sýfilis eða hreinlega óhamingjusamar sem lýsti sér í baugum og fölum vöngum. Svo reyktu þær sennilega of mikið ópíum. Kannski er eitthvað heillandi við konur sveipaðar sorg. Tískuhönnuðum finnst það greinilega líka þennan veturinn. Sjáið allar þessar fyrirsætur með fílabeinshvítu húðina, útstæð, glansandi augu, svarta eða eldrauða lokka sem til samans minna á málverk pre-Rafaelítanna. Falleg kona fyrir hundrað árum síðan átti að vera samkvæmt ljóðskáldi tímabilsins með „óhugnanlega hvíta húð, stór, opin augu með bláa hringi í kringum þau“. Í París gengu fyrirsæturnar niður pallana eins og klipptar út úr teiknimyndasögu eftir Edward Gorey. Hjá Dior voru sýningarpallarnir þaktir brotnum styttum, steinum og köngulóarvefjum, eins og um drungalegan kirkjugarð væri að ræða. Hjá Chloé voru fyrirsæturnar klæddar í blúndur upp í háls og hjá Comme des Garcons litu þær út eins og svartar brúðir, beint út úr Dickens-skáldsögu. En hvað er betra en dapurleg Dickens-saga um sorgmæddar sálir á jólum. Hlusta á Bach og fá tár á hvarminn. Út dimmu vetrarmánuðina virðist boðorð tískuhúsanna vera í takt við franska skáldið Baudelaire sem skrifaði: „Soi belle et soi triste.“ Vertu falleg og vertu döpur. Skammdegisþunglyndið er kannski bara smart.


Stökktu til
Kanarí
10. janúar
frá kr. 39.990

Síðustu sætin - 2 vikur

Kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 2 vikur 10. janúar. Innifalið flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Aukavika kr. 10.000 á mann (þ.e. þriðja vikan).

Kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/íbúð/stúdíó í 2 vikur 10. janúar. Innifalið flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Aukavika kr. 10.000 á mann (þ.e. þriðja vikan).

Tvær vikur á verði einnar

Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina til Kanaríeyja í janúar á frábærum kjörum. Þú dvelur í tvær vikur á verði einnar. Bókaðu og tryggðu þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is





**NAGLALAKK** Rautt naglalakk um jólin. Gæti ekki verið meira glamúrus.

**JÓLAKJÓLL** Þessi fallegi kjóll úr Whistles myndi sóma sér vel á jólaballinu.

**JAKKAPEYSA** Örlítið ömmuleg peysa úr Whistles.

**PERLUR** Ómissandi jólaskart og væru dásamlegar við svartan jólakjól. Fást í Oasis.

**GLÆSILEG** Smart taska úr Karen Millen.

**GAMMELDAGS** Sætir Dóróteuskór úr GS skóm.



**EMMY ROSSUM** Geislar í fallega vínrauðum kjól.

# Dásamlega rauð jól

Veðurfræðingar hafa spáð rauðum jólum og það er nokkuð víst að sú spá rætist. Hvort sem það er í formi snjólausra jóla eða fallegra kvenna spásserandi um í rauðum jólakjólum og með rauðan varalit. Það getur enginn þrætt fyrir það að rauði liturinn er sá allra jólalegasti og nú þegar svarti liturinn er svo vinsæll þá er auðvelt að „jóla“ hann aðeins upp með því að klæðast einhverju fallega rauðu við. Hvort sem það er rauð sixtís kápa yfir svartan jólakjól eða einfaldlega eldrauður fallegur varalitur þá er nokkuð ljóst að rauði liturinn hristir upp í hlutunum. Rauður jólakjóll er svo bara það flottasta í heimi.

Stjörnurnar eru sérlega vel meðvitaðar um dýrðleg áhrif rauða litsins og í ófá skipti sjást þær flottustu í dásamlega fagurrauðum glamúrkjólum.

hilda@frettabladid.is



**SLÁ** Dásamlega falleg slá úr Karen Millen. Frábært fyrir einfalt dress.



**JERRY** Flottust í kjól sem fæst í Karen Millen, Kringlunni.



**FALLEG** Þessi væri flott yfir svartan jólakjól. Fæst í Whistles.

**FÍNGERÐ** Vönduð og fíngerð skyrta úr Karen Millen.



**ARMBÖND** Flott armbönd úr Oasis.



**JÓLASKÓRNIR** Glæsilegri jólaskór fást ekki. Úr Karen Millen.



**CHANEL** Rauði varaliturinn er ómissandi um jólin.



**ÚR** Groddaralegt en um leið glæsilegt úr. Fæst í Rhodium.



**CHARLIZE** Sýnir fallegustu jólaförðunina. Látlaus sanseraður hvítur augnskuggi og flauelsrauðar varir.



**RAUÐAR VARIR** Hún er oft með rauðan varalit og hefur vakið athygli fyrir glæsileika.

# Litli franski söngfuglinn

Vanessa Paradis er sennilega þekktust hérlendis fyrir að vera konan hans Johnnys Depp. Hún á þó flottan söngferil að baki og söng sig ung að aldri inn í hjörtu frakka með laginu Joe le Taxi en þá var hún einungis fjórtán ára.

Johnny Depp hefur alltaf þótt flottur í tauinu en nú þegar hann er með Vanessu upp á arminn er það sjaldnast hann sem fær athyglina. Hún er afar falleg á örlítið barnslegan máta, grönn og fíngerð. Hún hefur einnig unnið talsvert sem fyrirsæta og sést þessa dagana í glæsilegri Chanel-auglýsingu.



**CHANEL** Hér er hún í Chanel Couture.

Hún klæðir sig í klassísk og örlítið gamaldags og hippaleg föt. Einnig virðist hún hrifin af fötum í stíl sem tíðkaðist á þriðja áratugnum. Hún trúir ekki á ytri fegurð. „Það eina sem þú þarft er að vera falleg að innan," segir hún. „Það er ágætt að sjá einhvern með fullkomið nef, fullkominn munn og augu, en hvar er sjarminn? Ég er hrifin af ófullkomnun," segir Vanessa sem sjálf er með sjarmerandi skarð á milli tannanna.



**NÁTTÚRULEG** Vanessa er falleg frá náttúrunnar hendi og leyfir krulluðu hárinu að njóta sín.



**VANESSA PARADIS** Söngfuglinn frá Frakklandi er orðin að tískufyrirmynd í Hollywood.



**RENEE** Sæt í rauðu.



**NÆRFÖT** Glæsileg silkinærföt úr La Senza.

**SIXTÍS** Dásamlega flott og eldrauð sixtís kápa frá Miss Sixty's. Fæst í Centrum.




fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngkonan Pink, sem hélt tónleika hér á landi í fyrra, ætlar að giftast mótorhjólakappanum Carey Hart á gamlárskvöld. Athöfnin mun fara fram í Kosta Rica. Pink bað Carey um að giftast sér í sumar á samkomu mótorhjólakappa.

Næstkomandi föstudagskvöld verður haldið klúbbakvöld á Nasa þar sem eingöngu íslenskir tónlistarmenn koma fram. Dj Danni, Funk Harmony Park, Dr Mr & Mrs Handsome, Tobybox og Grétar G troða upp og er miðaverð 1000 krónur. Þetta er þriðja klúbbakvöldið sem þeir Grétar G og Heiðar Hauksson standa fyrir.





**BUBBI MORTHENS** Verður á Nasa.



**JEFF WHO?** Rokka á Grandrokk.

# Hvað er í gangi á annan í jólum?

Annar dagur jóla hefur oftar en ekki verið notaður undir partístand og tónleikahald og þetta ár er ekki undantekning á þeirri hefð.

**ÓÐAL** Eins og áður hefur komið fram í blaðinu verður hið margrómaða diskókvöld Margeirs á Óðali þennan dag og eru allir diskóboltar vinsamlegast beðnir um að drífa sig á Óðal.

**GRANDROKK** Á Grandrokk verður mikið um dýrðir því nokkrar af efnilegustu hljómsveitum landsins munu tilbiðja listagyðjuna þar undir yfirskriftinni Jól með Stóru Joði. Þarna er um að ræða árlega jólatónleika hljómsveitarinnar Jan Mayen sem verða haldnir á öðrum degi jóla á Grand Rokki. Húsið opnar kl. 23.00 og kostar litlar 500 krónur inn. Hljómsveitirnar Jeff Who? og Jara koma einnig fram á tónleikunum sem verða að öllum líkindum þeir síðustu sem þessir listamenn spila á Grandrokk.

**NASA** Þá má ekki gleyma jólatónleikum Bubba Morthens sem verða haldnir á Nasa þann 26. desember. Þar mun Bubbi spila frá klukkan 21.00 og ljóst er að fólk verður að fara að huga að því að ná sér í miða þar sem vafalaust verður uppselt nokkrum dögum fyrir tónleikana. Eftir að Bubbi lýkur spili sínu á Nasa tekur Auðunn Blöndal við með uppistand sitt, Typpatal, þar sem fjallar verður nánar um kynfæri karla á kómískan hátt. Byrjar Auðunn skemmtidagskrá sína um miðnættið. Það er því nóg að gera á Nasa á annan í jólum.

**HÓTEL SAGA** Á Hótel Sögu verður mikið um dýrðir þar sem í Súlnasalnum munu Milljónamæringarnir leika fyrir dansi. Með þeim í för verða ekki minni menn en Páll Óskar Hjálmtýsson, Bogomil Font, Bjarni Ara og Raggi Bjarna. Munu þessir miklu tónleikasnillingar leika fyrir dansi fram á rauða nótt. Hægt er að ná sér í miða samdægurs og opnar miðasalan klukkan 13.00. Verður húsið síðan opnað klukkan 11.00 stundvíslega.

**GAUKURINN** Á Gauknum verða íslenskir plötusnúðar sem munu þeyta skífum og sömu sögu er að segja af Dillon þar sem verður opnað á miðnætti. ■



**JAN MAYEN**





Jólin eru hátíð umhyggju og friðar.

Bestu óskir um friðsæla jólahátíð og megi nýtt ár færa þér og þínum hamingju, góða heilsu og vellíðan.

**Verslanir Lyfju Lágmúla og Smáratorgi**
**eru opnar öll jólin frá 8:00 - 24:00**
**nema aðfangadag og gamlársdag frá 8:00 - 18:00**

LYFJA - Lifið heil

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási



ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á vísir.is



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



98,9 BYLGJAN Allir eru að hlusta!
Gleðilega hátíð
Bjarni Ara
Alla virka daga 13-16

# Fléttaðu jólahárið

Fléttur eru einstaklega hentugar til að hrista upp í hinu klassíska uppsetta hári sem fylgir hátíðahöldum, veislum og böllum. Hægt er að búa til endalausar útgáfur af fléttuðu uppsettu hári og um að gera að prófa sig áfram. Auðvelt er að ná fram mismunandi áhrifum og geta flétturnar bæði verið í rómantískum og töffaralegum stíl.

Gott er að sleppa öllu geli og hárspreyji og einfaldlega setja froðu í hárið blautt áður en það er fléttað. Þannig helst hárið náttúrulegt og greiðslan verður síður drusluleg með tímanum. Þó að flétturnar verði aðeins úfnar þegar líður á daginn þá gerir það ekkert til, það er bara fallegt og laust við alla þá tilgerð sem getur stundum fylgt uppsettum hárgreiðslum.



**TÖFF** Þessi hárgreiðsla er örlítið töffaralegri.



**RACHEL MCADAMS** Uppsett hár með rómantískum blæ.




# Gullmoli




**ÝMSIR**

ÚR VÍSNABÓK HEIMSINS

**NIÐURSTAÐA:** Hér er á ferðinni algjör perla sem heillar hvern mann upp úr skónum. Platan rennur ljúflega í gegn og erfitt er að brosa ekki út í annað við að heyra barnslegar raddir syngja fallegar vísurnar.

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Hérna er lítill gullmoli á ferðinni. Á þessari plötu syngja íslensk börn af ýmsum uppruna vísur frá 18 löndum. Diskurinn er settur fram sem barnadiskur en mig grunar einhvern veginn að hann eigi eftir að falla fleirum í geð. Útlitið á plötunni er ekkert sérstaklega spennandi að mínu mati og kom það mér skemmtilega á óvart hversu gott innihaldið er. Ekki er hægt annað en að hrífast með barnslegum röddum sem syngja hér gullfallegar vísur. Það er eitthvað við það að heyra lítil börn tala og syngja á tungumálum sem manni sjálfum finnst flókin sem er svo heillandi.

Lögin eru að sjálfsögðu misgóð en platan rennur samt ljúflega og áreynslulaust í gegn. Best þykja mér lögin frá Kína, Danmörku, Perú, Serbíu og Írlandi. Krakkarnir syngja allir dásamlega skemmtilega og stundum er hægt að heyra í rödd þeirra hversu ákveðin þau eru í að standa sig vel. Undirleikurinn er í alla staði vel framkvæmdur en börnin sungu undir stjórn þeirra Eyþórs Gunnarssonar og Ellenar Kristjánsdóttur.

Þessi diskur er einfaldlega dásamlega fallegur og það er erfitt að brosa ekki við að heyra barnslegar raddirnar syngja eins vel og þau mögulega geta. Það er þó ekki það eina sem er fallegt við diskinn því allur ágóði af honum rennur óskiptur til aðstoðar Rauða Krosssins við munaðarlaus börn í sunnanverðri Afríku. Það er óskandi að sem flestir fái þennan disk í jólagjöf þar sem ég er viss um að það muni allir falla fyrir honum, börn, unglingar sem og fullorðnir.

**Borghildur Gunnarsdóttir**













## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Peter Andre** og unnusta hans **Jordan**, hafa ákveðið að gefa út smáskífu á næstunni. Mun hún bera nafnið A Whole New World og kemur hún út snemma á næsta ári. Jordan sagði í samtali við tímaritið Now, að þau væru himinlifandi yfir þessari skífu. „Við erum mjög spennt fyrir þessu. Það verður reyndar ekki nein plata gefin út í kjölfarið en við sjáum hvert þetta leiðir.“



Leikarinn og leikstjórinn, **George Clooney**, hefur sagt að hann hafi mikinn hug á því að ganga í hjónaband og eignast börn í allra nánustu framtíð. Í viðtali við tímaritið OK segist hann helst af öllu vilja giftast og eignast sex börn strax á næsta ári. „Ég vil eignast sexbura og það sem allra fyrst. Ég nýt lífsins í botn um þessar mundir og börn eru klárlega á planinu hjá mér.“



Leikaranum **Colin Farrell** gengur mjög vel í meðferðinni sem hann gengst nú undir. Að sögn góðvinar leikarans, Johnathan Rhys-Mayers, hjálpar meðferðin honum meira en hann sjálfur bjóst við. „Ég er ánægður með það að hann tók sjálfur þessa ákvörðun að fara í meðferð. Honum gengur eins vel og ætla mætti og honum batnar með hverjum deginum.“ Farrell skráði sig á meðferðarstofnun sama dag og tökum á endurgerð af Miami Vice lauk, þar sem hann leikur aðalhlutverkið.



# Hefnd nördanna

**Sjónvarpsþátturinn FC Z, um nörda í fótbolta, sló óvænt í gegn í Svíþjóð. Ætlunin var að gera lítið úr nördunum en þeir sneru dæminu sér í hag og slógu í gegn. Kristján Hjálmarsson skoðar sigurgöngu FC Z.**

Einn vinsælasti sjónvarpsþáttur Svíþjóðar á þessu ári var raunveruleikaþátturinn FC Z. Þátturinn fjallaði um fimmtán stráka, frá tuttugu til þrjátíu ára, sem var safnað saman til að mynda fótboltaliðið FC Z. Þjálfari liðsins var Glenn Hysén, einn frægasti knattspyrnumaður Svíþjóðar, sem lék um tíma sem atvinnumaður með Liverpool og Fiorentina á Ítalíu. Hann er auk þess einn helsti sparkfræðingur landsins. Hysén fékk tvo mánuði til að þjálfa drengina upp fyrir stórleik gegn sænsku meisturunum í Djurgården sem átti að fara fram fyrir fullum velli af áhorfendum. Einn hængur var þó á, því drengirnir vissu varla hvað fótbolti var áður en þeir gengu til liðs við FC Z.



**FC Z** Knattspyrnuliðið FC Z er samansett úr fimmtán strákum sem vissu varla hvað knattspyrna var fyrr en þáttaröðin hóf göngu sína. LJÓSMYNDIR: ZTV/ULF BERGLUN

### Hinir fullkomnu nördar

Strákarnir í FC Z eru hver öðrum lúðalegri – hinir fullkomnu nördar – ekki síst í Svíþjóð þar sem íþróttir eru í hávegum hafðar. Áhugamál þeirra eru meðal annars að yrkja ljóð, myndlist, kvikmyndagerð og svo mætti lengi telja. Það er kannski til marks um það hversu lítinn íþróttaáhuga drengirnir höfðu að þegar Hysén tók við þeim spurði einn þeirra: „Og hver ert þú?“ og undir hljómaði dramatísk tónlist. Sömu sögu var að segja þegar það þurfti að útskýra fyrir þeim helstu grundvallarreglur leiksins sem og leikskipulag á borð við 4-4-2 og rangstöðu. Allt var gert til þess að draga upp eins asnalega mynd af þeim og mögulegt var.



**ROBIN WIKSANDER** Helsti markaskorari FC Z. Hefur áhuga á tónlist og spilar með hljómsveitinni Helvíti og hommarnir.



**MATTI HAAPAMÄKI** Skáldið í hópnum og varnartröll.



**TORE KULLGREN** Eftirlæti flestra áhorfenda, ekki síst fyrir einlægni sína þegar hann var að reyna kryfja leikinn til mergjar.

### Gerðir að fíflum

Til að koma strákunum í gott form fyrir stóra leikinn gegn Djurgården fékk Hysén þjálfari hjálp frá hinum ýmsu aðilum. Áhættuleikarar kenndu strákunum hvernig á að láta sig detta á sem raunverulegastan hátt til að plata dómarann, atvinnumaður í hnefaleikum lét þá berja hvor annan til að draga fram drápseðlið í þeim og þeir voru píndir til að stökkva fram af fimmtán metra háu stökkbretti ofan í sundlaug, svo fátt eitt sé nefnt. Þeir fengu meira að segja góð ráð frá atvinnumönnum í knattspyrnu og þar á meðal Pétri Hafliða Marteinssyni, leikmanni Hammarby og íslenska landsliðsins. Eins og gefur að skilja báru piltarnir sig misvel að við undirbúninginn, en oftast á heldur klaufalegan hátt svo sjónvarpsáhorfendur skelltu upp úr í hvert sinn sem þeir reyndu eitthvað nýtt. Það var nánast allt reynt til að gera þá að fíflum.



**FYRIRSÆTAN** Vinsældir strákanna í FC Z eru slíkar að þeir eru farnir að sitja fyrir í nærfataauglýsingum.

### Nærfatamódel

Piltarnir voru einnig settir í spor eins frægasta knattspyrnumanns Svía, Fredriks Ljungberg, sem hefur einnig starfað sem nærfatamódel. Piltarnir fóru í ýmsar stellingar og pósur, klæddir nærbuxum einum fata, með heldur misjöfnum árangri, á meðan ljósmyndari myndaði þá í bak og fyrir. Síðar var gefið út almanak með myndum af drengjunum. Þeir tóku einnig upp myndband við stuðningsmannalag sitt sem einn úr hópnum hafði samið textann við.

### Tap en samt sigur

Í stuttu máli má segja að nördarnir hafi snúið þættinum sér í hag og vel það. Til að byrja með hló fólk að þessum asnalega klunnalegu strákum en þegar fór að líða á og áhorfendur tóku eftir einlægni og áhuga drengjanna breyttist viðhorfið til þeirra. Leikurinn gegn Djurgården endaði 7-2 fyrir sænsku meisturunum, jafnvel þótt þeir hafi aðeins verið sjö inni á vellinum og FC Z hafi fengið hjálp frá Thomasi Bodström, dómsmálaráðherra Svíþjóðar sem er fyrrum leikmaður í efstu deild. Það skipti þó engu máli fyrir strákanna í FC Z því þeir fögnuðu báðum mörkunum eins og þeir hefðu verið að vinna sjálfan heimsmeistaratitilinn. Á þessum stutta tíma sem þættirnir voru sýndir hafa strákarnir í FC Z orðið að einum vinsælustu sjónvarpsstjörnum Svíþjóðar.

### Að græða á óförum annarra

Hugmyndin að þættinum um FC Z er komin frá danskri sjónvarpsstöð sem sýndi fyrir nokkru svipaðan þátt um fótboltaliðið FC Zulu. Þessir þættir, þar sem venjulegt og jafnvel frekar hallærislegt fólk er í aðalhlutverki, eru frekar ný hugmynd framleiðenda raunveruleikasjónvarps sem hafa fyrir löngu komist að því að ófarir annarra selja, ekki síst þegar hægt er að horfa á þær sem fluga á vegg.

Það voru ekki margir sem höfðu trú á að þátturinn um FC Z myndi ganga vel. Strákarnir slógu hins vegar svo rækilega í gegn að sjónvarpsstöðin ZTV hefur ákveðið að gera aðra þáttaröð um stráka sem reyna fyrir sér í ísknattleik, þjóðaríþrótt Svía.







# Zellweger fær hjónaband sitt ógilt

Leikkonan Renée Zellweger og sveitasöngvarinn Kenny Chesney, sem giftu sig fyrr á árinu, hafa nú fengið brúðkaupið ógilt af dómstólum í Bandaríkjunum. Sóttu þau um ógildingu hjónabandsins í september síðastliðnum og hefur hún nú gengið í gegn.

Ógilding giftingar hefur það í för með sér að það er eins og brúkaupið hafi aldrei farið fram, ólíkt skilnaði sem kemur fram í opinberum skjölum. Parið gifti sig á Jómfrúareyjum nú í sumar og voru einungis búin að vera gift í fjóra mánuði þegar þau ákváðu sameiginlega að skilja að skiptum. Fyrir nokkrum mánuðum sagði Chesney opinberlega að hann væri líklega heppnasti maður í heiminum. Nú er ljóst að annað hljóð er komið í kútinn. „Ég er sár, reiður og sorgmæddur. Þetta er ekki það sem ég ímyndaði mér að myndi gerast.“ Zellweger var ekki eins opinská í sinni tilkynningu sem blaðafulltrúi hennar kom á framfæri. „Kenny og ég höfum ákveðið að ræða ekki samband okkar opinberlega vegna þess að það gæti komið sér illa fyrir báða aðila. Ég óska honum velfarnaðar í öllu sem hann gerir í framtíðinni.“


Renée Zellweger og Kenny Chesney eru skilin að skiptum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það lítur út fyrir að Beckham-hjónin séu orðin uppiskroppa með eðlilegar gjafir handa hvort öðru enda eiga þau sennilega allt. David Beckham hefur gripið til þess ráðs að gefa Victoriu súkkulaðigosbrunn í anda Charlie and the Chocolate Factury. Úr brunninum kemur belgískt gæðasúkkulaði og hægt er að dýfa ávöxtum eða sælgæti ofan í súkkulaðið.



Michael Jackson mun koma fram í bandarískum raunveruleikaþætti sem snýst um fjölskyldu hans. Jackson kemur fram í fyrsta þættinum en þættirnir sjálfir fjalla um Tito bróður hans og þrjá syni hans sem reyna fyrir sér í tónlistariðnaðinum á ný en þeir áttu stuttan frama á tíunda áratugnum sem hljómsveitin 3T. LaToya og Jermaine Jackson munu einnig koma fram í þáttunum.



Poppstjarnan Kelly Osbourne ákvað að klæðast einungis svörtu eftir að móðir hennar greindist með krabbamein. Kelly sem er ljóshærð frá náttúrunnar hendi er fræg fyrir drungalegt útlit sitt en hún segist einu sinni hafa gengið í skærum litum. „Þegar mamma fékk krabbamein þá litaði ég allt svart-hárið á mér, fötin mín, allt varð að vera svart. Það var svo mikið myrkur í lífi mínu. Ég neitaði jafnvel að ganga í hvítum nærfötum,“ sagði hún.











## Krullumaður ársins

Jón Ingi Sigurðsson, fyrirliði Mammúta úr krulludeild SA, hefur verið kosinn krullumaður ársins 2005. Undir stjórn Jóns Inga náðu Mammútar fjórða sæti á alþjóðlegu móti á Akureyri.

# sport

sport@frettabladid.is



# 60 SEKÚNDUR MEÐ EGGERTI MAGNÚSSYNI

**Kex eða kaffi?** Kex.

**Ásgeir eða Atli?** Báðir jafngóðir.

**Guðjón Þórðarson er...** stórmeistari.

**Hvenær fer Ísland á stórmót?** Fljótlega.

**Íslenskur fótbolti er...** í framför.

**Eiður Smári er...** frábær.

**Besti íslenski knattspyrnumaður allra tíma?** Eiður Smári.

**Hvenær verður liðum fjölgað í Landsbankadeildinni?** Fyrr en seinna.

**Hvað ferðu oft til útlanda á ári?** Það er óteljandi.

**Er Lennart Johansson fyndinn?** Að mér fjarstöddum.

**Uppáhaldsleikvangur?** Nou Camp í Barcelona.

**Hvenær muntu loka hringnum á Laugardalsvellinum?** Fyrr en margir halda.

**Hvenær hættirðu sem formaður KSÍ?** Fyrr en seinna.

**Hvern viltu sjá sem arftaka þinn?** Duglegan framkvæmdamann.

**Er Kaká besti leikmaður heims?** Nei. Það er hinn síbrosandi Ronaldinho.

**Hvað hleypurðu marga km á viku?** Að meðaltali myndi ég segja 50-60 km.

**Trúirðu á jólasveininn?** Að sjálfsögðu!

## > Flott hjá Keflavík

Rúnar V. Arnarson afhenti foreldrum Hugins Heiðars Guðmundssonar, sem er ungur drengur sem á við veikindi að stríða, 300 þúsund krónur í gær sem knattspyrnudeildin safnaði til handa fjölskyldunni í samvinnu við Sparisjóð Keflavíkur. Frábært framtak hjá Rúnari og félögum sem aðrir mættu taka til fyrirmyndar.






ANNAR Í JÓLUM

15:15 ABSOLUTELY FABULOUS
16:00 HARRY POTTER AND THE PHILOSOPHER'S STONE
18:50 THE CAT IN THE HAT
20:15 MEISTARINN
21:05 LORD OF THE RINGS: THE RETURN OF THE KING

GOTT FÓLK McCANN


# Ég mun fá mér ábót

**Hermann Hreiðarsson ætlar að taka vel á hinum íslenska jólamat sem verður á boðstólum á heimili hans yfir hátíðirnar. Hermann segir álagið á leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar yfir jólin vera gríðarlegt.**

**FÓTBOLTI** Eins og venjulega er mjög mikið álag á leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar yfir jólin sem framundan eru. Segja má að álagið hafi aldrei verið meira því nú munu liðin í deildinni leika alls fjóra leiki á einni viku í stað átta daga eins og verið hefur á síðustu árum. Í ár er leikið á gamlársdag í stað nýársdags og svo er önnur umferð strax 2. janúar. Eins og venjulega er leikið á öðrum degi jóla og síðan aftur tveimur dögum síðar.

„Já, það má segja að svona álag sé í það mesta. Það er ekkert grín að spila fjóra leiki á einni viku," segir Hermann Hreiðarsson, leikmaður Charlton. Hermann og félagar eiga mjög erfiða törn framundan þar sem liðið mætir Arsenal á öðrum degi jóla og kjölfarið fylgja leikir gegn Newcastle, West Ham og Everton.

Þegar Fréttablaðið ræddi við Hermann í gær var hann nýkominn af æfingu þar sem stjórinn Alan Curbishley var að hefjast handa við að undirbúa lið sitt fyrir jólatörnina. Hermann segir að það sé æfing á hverjum einasta degi yfir hátíðirnar og það sé fjarri því að leikmenn fái eitthvað jólafrí eins og þekkist í flestum öðrum starfsstéttum.

„Næsti frídagur er 6. janúar," segir Hermann en bætir því við að álagið í kringum hátíðirnar sé að mörgu leyti komið í vana, enda hefur hann leikið á Englandi í mörg ár. „Þrátt fyrir að jólin séu svona er ég samt sem áður í mínu draumastarfi. Þetta er lítil fórn í sjálfu sér."



**JÓLASLAGUR** Hermann Hreiðarsson mun líklega bera ábyrgð á Thierry Henry í leik Charlton og Arsenal annan í jólum en þrátt fyrir það ætlar Hermann að borða vel af íslenskum jólamat á aðfangadag og jóladag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Hermann segir að leikmenn Charlton hafi ekki sett sér nein ákveðin markmið fyrir þessa fjóra leiki sem framundan eru yfir hátíðirnar, en gengi liðsins hefur ekki verið upp á marga fiska að undanförnu og er það sérstaklega varnarleikur liðsins sem er í molum.

„Við höfum ákveðið að einbeita okkur fyrst og fremst að okkar leik og hafa ekki áhyggjur af leik andstæðinganna. Við þurfum að fara að spila eins og menn," segir Hermann sem mun verða með hefbundinn íslenskan jólamat á boðstólum í kvöld. „Ég held uppteknum hætti og verð með alíslenskan hamborgarhrygg í matinn á aðfangadag og svo er hangikjötið tekið út á jóladag," segir Hermann og bætir því við að hann muni að sjálfsögðu fá sér ábót, jafnvel þó að hann muni þurfa að kljást við Thierry Henry tveimur dögum síðar.

„Að sjálfsögðu fæ ég mér ábót. Maður þarf að borða eitthvað til að hafa orku í skrokknum. Ég mun taka vel á því," segir Hermann og hlær.

vignir@frettabladid.is

Graeme Souness farinn að krukka í Alan Shearer:

# Ekki hætta næsta sumar

**FÓTBOLTI** Graeme Souness, knattspyrnustjóri Newcastle, er byrjaður að setja mikla pressu á fyrirliðann sinn, Alan Shearer, en hann vill að Shearer endurskoði þá ákvörðun sína að leggja skóna á hilluna næsta sumar.

„Hann verður að vilja það sjálfur. Ef hann getur spilað eins vel og hann er að gera núna þá hefur hann fullt erindi í úrvalsdeildina næsta vetur. Hann er knattspyrnumaður sem hefur gaman af starfinu sínu svo af hverju ætti hann að hætta?" sagði Souness en Shearer, sem er orðinn 35 ára, fór í aðgerð snemma í vetur og hefur verið allt annar maður síðan.

„Meiðslin héldu aftur af honum og það er frábært að fylgjast með honum í dag," sagði Souness en Shearer er aðeins einu marki frá 200 mörkunum sem Jackie Milburn skoraði fyrir Newcastle á sínum tíma. Shearer er að ná vel saman með Michael Owen og Souness vonar að sú samvinna verði einnig til þess að Shearer ákveði að bæta einu ári við ferilinn. - hbg



**OWEN OG SHEARER** Hafa verið að ná vel saman í vetur og gætu leikið áfram í framlínu Newcastle næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**Veldu Focus C-Max** www.ford.is

## Vertu smart á nýju ári

- Kauptu stærri bíl á minna verði
- Kauptu bíl á betri kjörum
- Kauptu fjölhæfari og smartari bíl

Ford

*Nýtt tákn um gæði*

**Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu**

**Focus C-Max. Nú einnig með öflugri 2 lítra, 145 hestafla vél og sjálfskiptingu**




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Nýársuppbót á nýjum Focus C-Max

# Kauptu C-Max ódýrastur í dag

Ford Focus C-Max er skemmtilegur bíll - fallegur og fjölbreyttur. Smart hönnun og einstaklega þægilegt aðgengi gerir þér kleift að njóta lífsins til fullnustu á nýju ári. Focus C-Max hentar fjölskyldufólki afar vel enda sérstaklega hannaður fyrir alla – stóra sem smáa. Komdu í Brimborg. Skoðaðu smart hönnun, breytilegt farangursrýmið, sætin. Finndu þægindin. Þú situr hærra, meira útsýni. Finndu hvað hann er lipur í akstri. Nýttu þér nýárstilboð Brimborgar – Focus C-Max er ódýrastur í dag.

Tækni og búnaður Focus C-Max er mjög sérstakur. Spurðu söluráðgjafa Ford á Íslandi hvers vegna þú ættir að fá þér Focus C-Max. Focus C-Max er ríkulega hlaðinn búnaði sem ekki er að finna í öllum bílum. Framrúðan er upphitanleg sem þýðir að þú þarft ekki að skafa framrúðuna í vetur. Ath. Öll upphituð! Komdu í Brimborg. Veldu Ford.

### Tugþúsunda tilboðskarfa að verðmæti allt að 283.000 kr.

- Betri kjör en áður
- Meiri afsláttur en áður
- Lægra verð en áður
- Upphitanleg framrúða (öll upphitanleg)
- Gæða vetrardekk undir bílinn (og sumardekkin í skottið)

### Og meira er að finna í tilboðskörfu Brimborgar

- Lægri útborgun en áður
- Lægri vextir en áður
- Lægri lánagjöld en áður
- Lægri mánaðargreiðslur en áður
- Meiri gæði en áður
- Meiri staðalbúnaður en áður
- Örugg og ennþá betri þjónusta en áður

LÝSING *Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Focus C-Max.*

**Vertu smart. Nýr C-Max fyrir nýtt ár**

**Ofurlétt stýri eftir þörfum hvers og eins[1)]**
**Þú getur stillt léttleika stýrisins á mjög einfaldan hátt eftir aðstæðum**

**Þú færð án aukakostnaðar vetrardekkin undir bílinn og sumardekkin í skottið**



C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
1,6i 5 gíra, Ford Focus C-Max Trend

| | |
|---|---|
| Verð með nýársuppbót | **1.845.000** kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**20%** útborgun | 22.200 kr.<br>369.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**10%** útborgun | 25.000 kr.<br>184.500 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 32.200 kr. |



C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Trend

| | |
|---|---|
| Verð með nýársuppbót | **2.070.000** kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**20%** útborgun | 25.000 kr.<br>414.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**10%** útborgun | 28.000 kr.<br>207.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 34.600 kr. |



C-Max Ghia dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Ghia

| | |
|---|---|
| Verð með nýársuppbót | **2.260.000** kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**20%** útborgun | 27.250 kr.<br>452.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**10%** útborgun | 30.600 kr.<br>226.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 37.800 kr. |

**Kraftmikil vél, 2 lítra, 145 hestöfl**

**Ný frábær sjálfskipting[1)] á frábæru verði**

**Veldu Ford Focus C-Max**

## Skoðaðu dæmin. Spurðu um fjármögnunarleiðirnar. Veldu leið sem hentar þér best.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (140% aukning frá 2003) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

**brimborg**
***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% eða 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. 1)Aðeins með 2 lítra vél.



**TIGER WOODS** Verður þrítugur 30. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Tiger Woods:

## Alveg að verða þrítugur

**GOLF** Besti kylfingur heims, Tiger Woods, mun taka sér örlítið frí í upphafi ársins til að fagna þrítugsafmæli sínu en hann á afmæli 30. desember. Hann mun svo hefja tímabilið á Buick-mótinu sem hefst 26. janúar.

„Mig grunaði aldrei að ég myndi vinna 10 stórmót áður en ég yrði þrítugur. Vonandi eru samt bestu árin mín eftir. Mér finnst ég ekki vera gamall en það er engu að síður frekar óhugnanlegt að vera búinn að keppa á mótaröðinni í tíu ár,“ sagði Tiger sem lék mjög þétt á árinu og ætlar þess vegna að taka frí og hlaða batteríin. - hbg

Frank Lampard er búinn að spila 162 leiki í röð fyrir Chelsea:

# Lampard er ekkert þreyttur

**FÓTBOLTI** Næstbesti fótboltamaður heims, Frank Lampard, virðist aldrei fá hvíld hjá Chelsea og það er ekkert grín því hann er búinn að spila 162 leiki í röð með Chelsea. Það þarf vart að taka fram að það er félagsmet.

Jólatörnin er fram undan þar sem Chelsea mun spila fjóra leiki á einni viku og það yrði kraftaverki líkast ef Lampard spilaði alla þessa leiki. Þrátt fyrir það hefur Lampard ekki í hyggju að biðja um frí.

„Það hafa komið tímar þar sem fæturnir hafa verið þreyttir en ég hef lært að dreifa orkunni. Það er vissulega mannskapur til staðar sem getur leyst mig af hjá Chelsea og ég myndi alveg skilja það ef ég væri hvíldur. Ég hef samt ekkert áhuga á því enda er ég ekkert þreyttur,“ sagði Lampard og bætti við að síðasta vika væri nægt frí fyrir sig.

Lampard hefur verið þráfaldlega orðaður við Barcelona upp á síðkastið en hann lætur slíkt ekki trufla sig frá markmiðum sínum.

„Ég vil vinna allt sem er í boði. Ég greini ekki á milli bikara enda er ég mjög metnaðarfullur og vil vinna allar þær keppnir sem ég tek þátt í,“ sagði Frank Lampard. - hbg



**FRANK LAMPARD** Búinn að setja glæsilegt félagsmet hjá Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**ADRIANO** Rotaðist um síðustu helgi.

Adriano rotaðist:

## Skelfileg lífsreynsla

**FÓTBOLTI** Brasilíski framherjinn Adriano lenti í eftirminnilegri lífsreynslu um síðustu helgi þegar hann rotaðist eftir aðeins 14 mínútna leik gegn Empoli. Hann lenti í slæmu samstuði og lá eftir óvígur og steinrotaður.

„Ég var vissulega mjög hræddur en þetta er allt í fortíðinni núna,“ sagði Adriano sem var fluttur á sjúkrahús og látinn vera þar í sólarhring. „Læknarnir sögðu mér að ég væri í lagi og myndi ná mér að fullu. Þetta var engu að síður skelfileg lífsreynsla.“ - hbg



**SIR BOBBY CHARLTON** Skammar leikmenn United en stendur þétt við bak Fergusons. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Bobby Charlton um Man Utd.:

## Leikmenn gefa ekki nóg af sér

**FÓTBOLTI** Sir Bobby Charlton situr í stjórn Manchester United og þessa aldna kempa hefur í fyrsta sinn tjáð sig um gengi Man. Utd á leiktíðinni sem hefur verið dapurt.

„United átti ekkert erindi áfram í Evrópukeppninni og vonandi læra leikmennirnir af reynslunni. Þeir munu horfa til baka og vonandi gleyma þeir seint hvað gerist þegar menn gefa ekki 100% í alla leiki,“ sagði Charlton sem hefur tröllatrú á Sir Alex Ferguson ólíkt mörgum öðrum.

„Hann mun finna út úr vandanum en ég veit ekki nákvæmlega hvað hefur gerst. Það er Sir Alex að finna út úr því og ég veit að hann mun gera það,“ sagði Bobby Charlton. - hbg

Arrigo Sacchi:

## Vil ekki vera í hlutastarfi

**FÓTBOLTI** Ítalinn Arrigo Sacchi hefur yfirgefið herbúðir Real Madrid þar sem hann gegndi starfi íþróttastjóra en það var starf sem hentaði honum ekki.

„Mér líkar ekki að fá borgað fyrir hlutastarf,“ sagði Sacchi sem var ár í starfi. „Það er ekkert varið í að fá borgað fyrir vinnu sem er ekki einu sinni full vinna.“

Sacchi bar einna mesta ábyrgð á því að Wanderley Luxemburgo kom til félagsins en hann var rekinn í upphafi mánaðarins og má í raun segja að illa hafi gengið hjá Real þann tíma sem Sacchi var hjá félaginu. - hbg



★★★★★

## „Ótrúlega magnaður DVD...stútfullur af hágæðaefni... þéttur og hlaðinn aukaefni...einstaklega vel heppnaður!“

– Hjörvar Hafliðason, Sirkus RVK




**SAMTALS TÆPLEGA 4 KLST. AF FRÁBÆRU GRÍNI OG GLENSI.**

**160 MÍNÚTUR AF AUKAEFNI**

Brot úr Extreme sýningunni (30 mín) • Brot úr Stöðvar 2 sýningu í Iðnó (11 mín) • Sjónvarpsauglýsingarnar (2 mín)
Baksviðs í viðtölum, þ.á.m. hjá Strákunum (27 mín) • Brot úr landsbyggðarsýningum (15 mín) • 5 skólar heimsóttir (18 mín)
Brot af því besta frá sýningum á Broadway í september 2004 (57 mín) • Ljósmyndasafn

Splunkuný og áður óséð heimildarmynd um ótrúleg ævintýri fyndnasta grindávalds heims á Íslandi. Brot af því besta úr sýningum hans hérlendis og viðtöl við fjölmarga Íslendinga sem tekið hafa þátt í sýningunum, um hvernig lífsreynsla það er að verða að stjörnu, koldáleidd uppi á sviði fyrir framan fjölda fólks. Auk þess yfir tveir tímar af krassandi og áður óséðu aukaefni.

BT



**GEFÐU VEGLEGA JÓLAGJÖF**


**BODE MILLER** Er skíðakóngurinn og hlustar ekki á neitt bull. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Skíðakappinn Bode Miller:

## Hótar að hætta keppni

**SKÍÐI** Bandaríski skíðakappinn Bode Miller hefur hótað því að hætta keppni á heimsbikarmótunum eftir að hann var sektaður fyrir að mæta ekki í skóskoðun. Miller er núverandi heimsmeistari í samanlögðu og sættir sig ekki við sektina.

„Ef þeir draga sektina ekki til baka þá hætti ég að keppa á mótaröðinni. Þetta er algjört bull,“ sagði Miller en skipuleggjendur eru þegar byrjaðir að róa kappann niður og eru meiri líkur en minni á að hann þurfi ekki að greiða sektina sem var rúmlega þrjátíu þúsund krónur. - hbg


**GEORGE BURLEY** Tekur við af Redknapp. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

George Burley:

## Tekur við Southampton

**FÓTBOLTI** George Burley var í gær ráðinn knattspyrnustjóri enska 1. deildarliðsins Southampton. Burley tekur við starfinu af Harry Redknapp sem stakk af frá borð og fór til Portsmouth.

Dave Bassett og Dennis Wise hafa verið með liðið til bráðabirgða. Sir Clive Woodward, fyrrverandi landsliðsþjálfari Englands í rúgbý, er einnig kominn til Saints en hann verður yfirmaður knattspyrnumála.

# Skjóttu ef þú vilt verða frægur

**Það er augljóslega enginn skortur á sjálfstrausti hjá goðsögninni Diego Armando Maradona. Hann skoraði á öryggisvörð sem beindi að honum byssu að skjóta sig því þá yrði hann heimsfrægur.**

**FÓTBOLTI** Knattspyrnuhetjan fyrrverandi, Diego Armando Maradona, lenti í heldur óskemmtilegri lífsreynslu í fyrradag þegar byssu var miðað á andlit hans þegar hann var staddur á flugvelli í Río de Janeiro í Brasilíu. Lögregla sakar Maradona um ólæti á flugvellinum en sjálfur segir hann það af og frá.

„Ég braut ekkert eins og þeir vilja meina. Ef svo væri þá væri ég ekki að tala við ykkur hér,“ sagði Maradona á blaðamannafundi í gær. „Lögreglan hélt greinilega að við værum með byssur því einn af vörðunum beindi sinni að hálsinum á mér. Ég sagði: „Ef þú vilt verða frægur skora ég á þig að skjóta mig,““ bætti Maradona við, greinilega ískaldur.

„Maradona átti rétt á því að vera reiður því þegar við ætluðum að ganga um borð í vélina var hurðinni lokað á okkur og sagt að við fengjum ekki að fara með, án nokkurra skýringa. Auðvitað urðum við reiðir en þá var strax kallað á lögregluna sem otaði að okkur byssum. Þetta var með ólíkindum,“ sagði Alejandro Mancuso, einn af ferðafélögum Maradona á flugvellinum.

Maradona var handtekinn og þurfti að dúsa í gæsluvarðhaldi í nokkra tíma áður en honum var sleppt. Lögreglan í Brasilíu hefur aðra sögu að segja en Mancuso og segir að Maradona og félagar hans hefðu verið með mikil læti í flugstöðinni og meðal annars rústað biðstöðuherbergi þeirra farþega sem ferðast á fyrsta farrými. Búist er við að lögreglan geri kröfu um að Maradona greiði fyrir skemmdirnar sem urðu á hinu svokallaða VIP-herbergi.

Maradona var staddur í Brasilíu vegna þess að hann tók þátt í góðgerðarleik sem Zico, fyrrverandi landsliðsmaður Brasilíu og núverandi landsliðsþjálfari Japans, stóð fyrir til að berjast gegn fátækt í Río. Maradona lék í úrvalsliði Zico í leiknum og þótti sína gamla takta í leiknum sem endaði með 4-4 jafntefli. Maradona skoraði eitt marka úrvalsliðsins. - vig




**HEFUR ENGU GLEYMT** Maradona sýndi gamla takta í leiknum. Hann var léttur á sér og virkar í fínu formi.



**VERNDAÐUR** Maradona mætti til leiks í Río umkringdur lífvörðum sem beindu frá æstum aðdáendum argentínsku goðsagnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Marcus Bent:

## Undir smásjá Charlton

**FÓTBOLTI** Fastlega er búist við því að Charlton Athletic, félag Hermanns Hreiðarssonar, muni bjóða Everton eina og hálfa milljón punda fyrir framherjann Marcus Bent í janúar.

Bent hefur fá tækifæri fengið hjá Everton síðan James Beattie kom til félagsins og hefur aðeins skorað eitt mark á þessari leiktíð. Allan Curbishley, stjóri Charlton, vill ólmur setja hann í framlínuna ásamt nafna hans Darren Bent. Eina sem talið er geta komið í veg fyrir kaupin er að Man. City er einnig talið hafa áhuga á honum.


**MARCUS BENT** Líklega á leið til Charlton.

Hollendingurinn Ron Vlaar:

## Ekki viss með Tottenham

**FÓTBOLTI** Hollenski miðvörðurinn Ron Vlaar, leikmaður AZ Alkmaar, mun ákveða á næstu tveim vikum hvort hann vilji ganga í raðir Tottenham. Alkmaar hefur tekið 1,7 milljón punda tilboði Spurs í leikmanninn en hinn tvítugi Vlaar er ekki viss um hvort nú sé rétti tíminn til að fara frá Hollandi.

Vlaar er talinn efnilegasti varnarmaður Hollands og er oft líkt við Jaap Stam. Þótt hann hafi aðeins leikið ellefu leiki í hollensku deildinni er hann þegar kominn í landsliðshóp Marcos Van Basten.


**RON VLAAR** Getur valið úr félögum þegar hann vill. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES




**Blikkás – Funi** óskar landsmönnum gleðilegrar jóla og farsæls nýárs.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Verkstæði okkar að Skemmuvegi 36, Kópavogi, verður lokað frá 24. desember vegna flutninga.

**Opnum 9. janúar í nýju húsnæði að Smiðjuvegi 74, Kópavogi.**

Starfsfólk Blikkás – Funa.

Frum


Jose Mourinho neitar að halda kjafti í eitt skipti fyrir öll:

## Ég mun halda áfram að tjá skoðanir mínar

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, stjóri Chelsea, lætur sér fátt um finnast þó enska knattspyrnusambandið ætli sér hugsanlega að sekta hann fyrir ummæli sem hann lét falla í garð Lee McCullough, leikmanns Wigan, en Mourinho kallaði hann svindlara.

„Það hafa allir rétt á sinni skoðun. Ég get komið til Englands og tjáð mína skoðun. Það er mikilvægt að hafa skoðun og vera óhræddur við að tjá hana þótt maður verði gagnrýndur fyrir það. Ég mun ekki hætta að tjá mínar skoðanir,“ sagði Mourinho ákveðinn, en hann hefur á síðustu vikum átt í miklu orðastríði við kollega sinn hjá Arsenal, Arsene Wenger, og meðal annars kallað hann svindlara.

Þess má geta að Mourinho var sektaður um fimm þúsund pund á síðustu leiktíð fyrir að kalla leikmenn Man. Utd svindlara eftir leik Chelsea og Man. Utd í deildarbikarnum.


**JOSE MOURINHO** Ávallt umdeildur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES




Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„You see George, you've really had a wonderful life. Don't you see what a mistake it would be to just throw it away?"**

**Svar:**
Clarence úr kvikmyndinni It's a Wonderful Life frá árinu 1946.

## 24. desember, aðfangadagur jóla

# dagskrá

## Í TÆKINU NICOLE KIDMAN LEIKUR Í THE HOURS Í SJÓNVARPINU KL.00.05

# *Glæsileg leikkona*

Nicole Kidman fæddist í Honolulu á Hawaii árið 1967. Móðir hennar var af skosk-írskum ættum en fædd í Ástralíu. Fjölskyldan bjó í Washington, D.C., þar sem faðirinn starfaði við krabbameinsrannsóknir. Þegar Kidman var fjögurra ára hélt fjölskyldan til Ástralíu en þar tók faðirinn við prófessorstöðu í Tækniháskólanum í Sydney. Sama ár fór Kidman í ballettnám og sótti ýmsa dans- og leiklistarskóla. Nicole birtist fyrst á skjánum í myndbandi Pat Wilsons fimmtán ára gömul. Í lok sama árs hafði hún tryggt sér aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Five Mile Creek ásamt hlutverki í fjórum kvikmyndum.
Á áttunda áratugnum birtist Nicole í fjöldamörgum áströlskum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Í lok þess áratugar hafði hún leikið í hryllingsmyndinni Dead Calm as Rae sem vakti umtalsverða athygli í Bandaríkjunum.
Fyrsta hlutverkið í bandarískri mynd, Days of Thunder, fékk Nicole árið 1990. Þar kynntist hún Tom Cruise sem hún giftist innan árs og ættleiddi með honum tvö börn.

Eftir tíu ára hjónaband skildu þau og Nicole fór að birtast í fleiri myndum en áður. Hún varð þekktari sem stjörnuleikari en áður hafði hún að mestu leyti kunn sem eiginkona Toms.
Nicole er þekkt fyrir fágaðan stíl og er með langtímasamning við Chanel. Hún hefur hlotið fjöldamargar tilnefningar og verðlaun. Hún hefur meðal annars verið sjö sinnum tilnefnd og þrisvar unnið Golden Globe-verðlaunin, þrisvar verið tilnefnd og einu sinni unnið BAFTA-verðlaunin og tvisvar verið tilnefnd og einu sinni hlotið óskarsverðlaunin. Enn fremur hlaut Nicole stjörnu í gangstéttina Walk of Fame árið 2003.



**Þrjár bestu myndir Nicole:** **Dogville** – 2003 **The Hours** – 2002 **Moulin Rouge!** – 2001



**Kl.19.30** *Tónlist*

FROSTRÓSIR



**Kl. 20.00** *Kvikmyndir*

FORREST GUMP



**Kl. 21.20** *Raunveruleiki*

ÁSTARFLEYIÐ



**Kl. 20.00** *Kvikmyndir*

TWINS



**Kl. 20.00** *Fótbolti*

SAGA HM

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís **8.08** Bubbi Byggir **8.19** Fæturnir á Fanney **8.32** Fræknir ferðalangar **8.58** Villi spæta **9.19** Gormur **9.42** Gló magnaða **10.08** Jólaappelsínan **10.31** Jóladagatal Sjónvarpsins **10.36** Stundin okkar **11.03** Jól Albertínu **11.53** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan

**12.50** Táknmálsfréttir **13.00** Fréttir, íþróttir og veður **13.30** Lottó **13.35** Beðið eftir jólum **13.40** Töfrajól Mikka **14.42** Pósturinn Páll **15.10** Gæludýr úr geimnum **15.35** Latibær **16.00** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (24:24) **16.05** Hlé

**19.00** **Nóttin var sú ágæt ein** Helgi Skúlason les kvæðið og Sigríður Ella Magnúsdóttir syngur ásamt kór Öldutúnsskóla. Upptaka frá 1986. e.

**19.15** **Brautarholtskirkja á Kjalarnesi** Þáttur um Brautarholtskirkju sem áður var á Esjubergi en var flutt á Kjalarnes.

**19.30** **Frostrósir** Upptaka frá tónleikum sem haldnir voru í Grafarvogskirkju á aðventunni í fyrra.

**20.30** **Norrænir jólatónleikar** Upptaka frá jólatónleikum Hjálpræðishersins í Noregi sem haldnir voru í Osló. Meðal þeirra sem koma fram eru systkinin Haukur og Ragnheiður Gröndal og Sissel Kyrkjebö.

**22.00** **Aftansöngur jóla** Biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, prédikar og þjónar fyrir altari í Kópavogskirkju.

**23.00** Fyrir þá sem minna mega sín **0.05** Stundirnar (Bönnuð börnum yngri en 12 ár) **1.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Rúdólfur **8.15** Christmas Carol: The Movie **9.35** The Tale of Jack Frost **10.10** It's a Very Merry Muppet Chri **11.45** Galdrabókin (24:24)

**12.00** Fréttir Stöðvar 2 **12.20** Jesús og Jósefína (24:24) (e) **12.45** Eloise at Christmastime **14.25** Looney Tunes: Back in Action **15.55** Adams Sandler's Eight Crazy Nights **17.10** HLÉ Á DAGSKRÁ

**20.00** **Forrest Gump** Sexföld Óskarsverðlaunamynd um hinn treggáfaða Forrest Gump sem nær ótrúlega langt. Hann er alls staðar þar sem sögulegir atburðir eiga sér stað en óvíst er að hann meðtaki þýðingu alls þess sem gerist í kringum hann. Aðalhlutverk: Tom Hanks og Robin Wright.

**22.20** **Miss Lettie and Me** (Frú Lettie og ég) Falleg jólasaga með Mary Tyler Moore og Burt Reynolds í aðalhlutverkum sem fjallar um unga stúlku sem tekst með jákvæðni og sönnu jólaskapi að sameina fjölskyldu sína sem hefur verið sundruð í mörg ár. Aðalhlutverk: Mary Tyler Moore, Holliston Coleman og Charles Robinson.

**23.50** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.15** Party at the Palms (5:12)
**18.40** **Friends 5 (14:23) (e)** (Vinir)
**19.05** **Game TV**
**19.35** **Fabulous Life of (6:20)** (Fabulous Life of: Leo & Giselle)
**20.00** **Friends 5 (15:23) (e)** (Vinir)
**20.25** **Friends 5 (16:23) (e)** (Vinir)
**20.50** **Sirkus RVK (8:30)**
**21.20** **Ástarfleyið (10:11)** Þátturinn er gerður að erlendri fyrirmynd, Loveboat. Loveboat hefur verið einn vinsælasti veruleikaþátturinn um heim allan undanfarin ár og nú er komið að Íslandi!
**22.00** **HEX (12:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi.
**22.45** **Idol extra 2005/2006**

**23.15** Girls Next Door (8:15) **23.40** Paradise Hotel (25:28) **0.25** Coffee and Cigarettes

### SKJÁREINN

**11.30** Popppunktur (e)

**12.25** Rock Star: INXS (e) **12.45** Rock Star: INXS (e) **14.05** Charmed (e) **14.50** Brúðkaup Rob & Amber (e) **16.45** Jamie Oliver's School Dinners (e) **17.30** Survivor Guatemala (e)

**19.00** **The King of Queens (e)**
**19.30** **Will & Grace (e)**
**20.00** **Twins** Julius og Vincent Benedict eru afleiðing tilraunar sem miðaðist að því að búa til fullkomið barn. Julius var sá hluti tilraunarinnar sem heppnaðist en Vincent var rannsóknarstofuslys. Vincent er komið fyrir á munaðarleysingjahæli en Julius er alinn upp af heimspekingum á eyju í Suðurhöfum. Vincent kallar ekki allt ömmu sína og er á sífelldum flótta undan handrukkurum. Julius kemst þá að því að hann á bróður og hefur leit að honum.
**21.50** **Police Academy 6: City Under Siege**

**23.10** C.S.I. (e) **0.00** Law & Order: SVU (e) **0.45** Boston Legal (e) **1.30** Ripley's Believe it or not! (e) **2.15** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.45** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**20.00** **Saga HM** (1954 -Sviss – Þýsku risarnir) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Þættirnir eru alls tíu en í þeim fyrsta er fylgst með keppninni í Sviss árið 1954.

**21.30** **Saga HM** (1958 Svíþjóð – Heini ) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Í þessum þætti er fylgst með keppninni í Svíþjóð árið 1958.

**22.50** **Saga HM** (1962 – Chile – Viva Brazil) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Í þessum þætti er fylgst með keppninni í Chile árið 1962. Brasilíumenn áttu titil að verja en fengu harða keppni frá bæði heimamönnum og Tékkum sem komu verulega á óvart.

**0.15** Saga HM **1.55** Saga HM

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Catch Me If You Can **8.20** Top Gun **10.05** Secondhand Lions **12.00** Along Came Polly **14.00** The Whole Ten Yards (Bönnuð börnum) **16.00** Secondhand Lions **18.00** Two Weeks Notice **20.00** **Along Came Polly** (Svo kom Polly) Rómantísk gamanmynd. **22.00** **Two Weeks Notice** (Uppsagnarfresturinn) **0.00** The Whole Ten Yards (Bönnuð börnum) **2.00** Catch Me If You Can **4.20** Top Gun

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** The E! True Hollywood Story **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** The E! True Hollywood Story **17.00** The E! True Hollywood Story **18.00** The E! True Hollywood Story **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Dr. 90210 **23.00** The Soup UK **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** Wild On Tara **0.30** Wild On Tara **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Dr. 90210

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**13.30** Upphitun (e)
**14.00** Wigan – Charlton frá 17.12
**16.00** Wigan – Charlton frá 17.12
**18.00** Dagskrárlok





ÞAÐ ER VERIÐ AÐ FYLGJAST MEÐ ÞÉR

LOST MÆTIR X-FILES Í ÞESSUM FRÁBÆRU NÝJU ÞÁTTUM. MIKILL STORMUR SKELLUR Á SMÁBÆ Í FLORIDA OG DULARFULL LJÓS SJÁST Á HIMNI. BRÁTT GERAST YFIRNÁTTÚRULEGIR ATBURÐIR. EKKI MISSA AF ÞESSUM!

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Fyrir þá sem minna mega sín** RÚV **kl. 23.00**

*Tónleikar í Fíladelfíukirkjunni*

### *Stórsöngvarar koma fram*



Í dag sýnir Sjónvarpið eins og undanfarin ár upptöku frá jólatónleikum Fíladelfíukirkjunnar í Reykjavík. Fram koma einsöngvararnir Garðar Thor Cortes, Maríanna Másdóttir, Edgar Smári Atlason og Þóra Gréta Þórisdóttir ásamt kór og hljómsveit undir stjórn Óskars Einarssonar. Kynnir er Hrönn Svansdóttir og Vörður Leví Traustason flytur upphafs- og lokaorð. Stjórn upptöku sér Björn Emilsson um.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur **10.03** Laugardagsmorgunn

**12.10** Hádegisútvarpið **13.00** Bókmennaþátturinn **14.00** Úr skríni **15.03** Glópagull og gisnir skógar e **16.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **17.03** Frjálsar hendur Illuga e. **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Bílaþáttur e. **20.00** Laugardagsmorgunn e. **22.00** Hádegisútvarpið e. **23.00** Bókmenntaþátturinn e.

**0.00** Úr skríni e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Laugardagur til lukku **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Jólaklukkur **11.00** Eins og mamma gerði það

**12.00** Hádegisútvarp **13.00** Geng ég fram á gnípur **14.00** Útvarpssagan: Í barndómi **14.30** Með klukknahreim **15.05** Við höldum heilög jól **16.10** Drýgstur er styrkur stráa **17.00** Húmar að jólum **17.45** HLÉ **18.00** Aftansöngur í Dómkirkjunni í Reykjavík **19.00** Jólatónleikar **20.00** Jólavaka Útvarpsins **22.15** Jólaþáttur úr Messías eftir Handel **23.15** Oss barn er fætt í Betlehem **0.10** Jólatónlist til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Tónlist að hætti hússins **13.00** Rauðar skotthúfur **16.08** Þau eru að koma – jólin!

**18.00** Aftansöngur í Dómkirkjunni í Reykjavík **19.00** Jóla – Jóla

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsd. **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartans. **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielss. **3.00** Rósa Ingólfs **4.00** Kjartan G. Kjartanss. **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm /** Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**Kl. 13.00**
*Fréttir*

DÆMALAUS VERÖLD – MEÐ ÓLA TYNES

## NFS

**10.00** Fréttir **10.10** Sögur af fólki – með Helgu Völu **11.00** Helgin – með Eiríki Jónssyni

**12.00** Hádegisfréttir **12.35** Hugvekja á aðfangadag **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.10** Sögur af fólki – með Helgu Völu **14.05** Helgin – með Eiríki Jónssyni **15.05** Kompás **16.00** Fréttir **16.35** Hugvekja á aðfangadag

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

12.30 Football: UEFA Champions League Classics 13.30 Ski Jumping: World Cup Kuusamo 14.45 Ski Jumping: World Cup Trondheim 16.00 Football: Goooal ! 16.30 Football: UEFA Champions League 18.00 All sports: WATTS 18.30 All sports: WATTS 19.00 All sports: WATTS 19.30 All sports: WATTS 20.00 Snooker: Snooker Hall of Frame 21.00 Poker: European Tour Monte Carlo Monaco 22.00 Football: Football World Cup Season Legends 23.00 Football: Football World Cup Season Legends 0.00 Football: Goooal ! 0.30 Football: Top 24 Clubs

**BBC PRIME**

12.30 Changing Rooms: Xmas 1998 13.00 Doctors 13.30 Doctors 14.00 Doctors 14.30 Doctors 15.00 Some Mothers Do 'Ave 'Em 15.50 Porridge 16.30 Top of the Pops 2 Specials 16.50 The Weakest Link 17.40 Strictly Come Dancing 18.40 Casualty 19.30 Strictly Come Dancing: Christmas Special 19.50 The Divine Michelangelo 20.50 French and Saunders 21.30 Grumpy Old Men at Christmas 22.30 Carols From Kings 23.40 Christmas Midnight Mass 1.05 The Private Life of a Masterpiece 2.00 Discovering Science

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Quest for Dragons 13.00 Howard Hughes – The Real Aviator 14.00 Megastructures 15.00 2005 – The Earth in Review 16.00 Monster Lobster 17.00 King Tut's Curse 18.00 Polar Bear Alcatraz 19.00 Norway's Hidden Secrets 20.00 Most Amazing Moments 21.00 Cassandra Crossing 23.30 Plague Hunters 0.30 King Tut's Curse 1.30 Treasures of the Titanic

**ANIMAL PLANET**

12.00 Miami Animal Police 13.00 The Natural World 14.00 The Natural World 15.00 Monkey Business 15.30 Meerkat Manor 16.00 Big Cat Diary 16.30 Predator's Prey 17.00 Crocodile Hunter 18.00 Britain's Worst Pet 18.30 Animal Planet at the Movies 19.00 Awesome Pawsome 20.00 Ten Deadliest Sharks 21.00 Ten Deadliest Sharks 22.00 Fangs – Eaten Alive 23.00 Maneaters 23.30 Predator's Prey 0.00 Britain's Worst Pet 0.30 Animal Planet at the Movies 1.00 Ten Deadliest Sharks 2.00 Ten Deadliest Sharks

**DISCOVERY**

12.05 The Greatest Ever 13.00 Nuclear Dynamite 14.00 Europe's Richest People 15.00 Europe's Richest People 16.00 Reel Race 17.00 A Walking with Dinosaurs Special 17.30 A Walking with Dinosaurs Special 18.00 Walking with Beasts 18.30 Walking with Beasts 19.00 Walking with Beasts 19.30 Walking with Beasts 20.00 Walking with Beasts 20.30 Walking with Beasts 21.00 Rides 22.00 American Chopper 23.00 American Chopper 0.00 American Hotrod 1.00 FBI Files 2.00 Europe's Richest People

JETIX

12.20 So Little Time 12.45 Braceface 13.10 Franklin 14.25 Hamtaro 14.50 Super Mario Bros 15.15 Three Friends and Jerry II 15.30 Gadget and the Gadgetinis 16.00 Eek the Cat 16.05 Dennis 16.30 Life With Louie



KOMPÁS

JÓL Á HRAUNINU

Í þessum sérstaka jólaþætti Kompás fylgjumst við með Jóhannesi Kr. Kristjánssyni fréttamanni sem gisti á einni af deildum fangelsisins og var lokaður inni í klefa klukkan tíu eins og aðrir fangar. Jóhannes dvaldi í fangelsinu í 30 klukkustundir og ræddi við fjölda fanga og fangavarða. Einstakar myndir sem ekki hafa birst áður af lífinu innan fangelsisins.

Ekki missa af þessum þætti – á **NFS á jóladag kl. 19:00.**
Endursýndur á **Stöð 2 þriðjudaginn 27. des. kl. 22:45.**

NFS

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„If I was a woodcutter, I'd cut. If I was a fire, I'd burn. But I'm a heart and I love. That's the only thing I can do.“**

**Svar:** Jesús úr kvikmyndinni The Last Temptation of Christ frá árinu 1988.

## 25. desember, jóladagur

# dagskrá

## Í TÆKINU KEIRA LEIKUR Í LOVE ACTUALLY Í SJÓNVARPINU KL. 21.45

# *Átti erfitt með lestur og skrift*

Keira Christina Knightley fæddist í Suður London þann 26. mars árið 1985 en bæði faðir hennar og móðir höfðu starfað í leiklist. Aðeins sex ára gömul hafði hún fengið umboðsmann og árið 1993 fékk hún sitt fyrsta hlutverk í sjónvarpsþáttunum Royal Celebration. Snemma kom í ljós að Keira átti bæði í erfiðleikum með að lesa og skrifa en var þó aldrei formlega greind með dyslexíu. Hún náði þó að vinna sig í gegnum þessi vandamál á unglingsárum sínum. Frá 1994 til 1998 kom Keira fram í nokkrum breskum sjónvarpsþáttum án þess þó að vekja neina sérstaka athygli á sér. Það var ekki fyrr en að Keira lék tvífara Amidölu drottningar í Star Wars: Episode I að hjólin fóru almennilega að snúast. Árið 2001 lék hún svo í fótboltamyndinni Bend it Like



Beckham. Myndin reyndist óvæntur smellur og gaf henni enn frekari tækifæri. Árið 2003 lék Keira svo í stórmyndinni Love Actually sem varð seinna til þess að hún fékk hlutverk í Disney-myndinni Pirates of the Caribbean. Í kjölfar myndarinnar fékk framleiðandinn Jerry Bruckheimer Keiru til þess að leika Gínevru í myndinni King Arthur. Með þeirri mynd hafði Keira komið sér á stall með stærstu stjörnum Hollywood. Á þessu ári lék hún á móti Adrien Brody í sálfræðitryllinum The Jacket og nú fyrir stuttu síðan fékk hún tilnefningu til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni Pride and Prejudice. Sú mynd er væntanleg hér á Klakann bráðlega en einnig eru væntanlegar myndirnar Domino og tvær framhaldsmyndir um sjóræningjana í Karíbahafinu.

**Þrjár bestu myndir KEIRU:** **Pirates of the Caribbean** (2003) **Love Actually** (2003) **Pride and Prejudice** (2005)



▶ 19.20 *Tónlist*

JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU



▶ 19.45 *Spjall*

SJÁLFSTÆTT FÓLK



▶ 20.55 *Lífsstíll*

FABULOUS LIFE OF



▶ 20.00 *Ævintýri*

10TH KINGDOM



▶ 20.30 *Körfubolti*

MIAMI – L.A LAKERS

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.03** Skordýr í Sólarlaut (4:26) **8.27** Sammi brunavörður (25:26) **8.39** Hopp og hí Sessamí (34:52) **9.01** Disneystundin **9.02** Stjáni **9.28** Sígildar teiknimyndir (15:42) **9.36** Líló og Stitch (53:65) **10.00** Leikfangasaga II **11.30** Töfrajól Franklíns

**12.25** Hátíð í bæ **13.45** Harry Potter og leyniklefinn **16.20** Hnotubrjóturinn **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Jólastundin okkar

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

▶ **19.20 Jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju** Ásamt kórnum koma fram Ísak Ríkarðsson söngvari, Björn Steinar Sólbergsson orgelleikari og Sigurður Flosason saxófónleikari.

**20.10 Græna landið** Leikrit eftir Ólaf Hauk Símonarson.

**21.45 Ástin grípur alla** (Love Actually) Í myndinni eru sagðar sögur af ástalífi átta afar ólíkra para einn viðburðaríkan desembermánuð í London.

**0.00** Eilíft sólskin hins flekklausa hugar **1.30** Láttu það ganga (Bönnuð börnum yngri en 10 ára) **3.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Svampur Sveins **7.20** Scooby Doo **7.40** JoJo **8.10** Kýrin Kolla **8.20** Leo et Popi **8.25** Lína langsokkur á ferð og flugi **10.00** Anastasia **11.35** Nýja vonda nornin

**12.00** Hádegisfréttir **12.15** Pétur og kötturinn Brandur 2 **13.30** Páll Óskar og Monika **14.05** Fletch **15.40** Osbournes Christmas Special (e) **16.25** I Am Sam

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**18.50 Tónleikar Garðars Thórs Cortes í Grafarvogskirkju**

▶ **19.45 Sjálfstætt fólk** (Sjálfstætt fólk 2005-2006)

**20.20 Það var lagið**

**21.15 The Girl With a Pearl Earring** (Stúlkan með perlulokkinn) Verðlaunakvikmynd um listmálarann Vermeer sem leikinn er af breska leikaranum Colin Firth en í sögunni er lögð höfuðáhersla á samband hans við eftirlætisfyrirsætu hans, leikin af Scarlett Johansson.

**22.55 Troy** (Trója) Sannkölluð stórmynd með hópi stórstjarna á borð við Brad Pitt, Orlando Bloom og Eric Bana í helstu hlutverkum hetjanna í sjálfum Hómerskviðum, sem söguþráðurinn er lauslega byggður á. Stranglega bönnuð börnum.

**1.30** Road to Perdition (Stranglega bönnuð börnum) **3.25** Sunshine State **5.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**15.35** Real World: San Diego (27:27) **16.00** Veggfóður **16.50** Summerland (4:13) **17.35** Friends 5 (17:23) (e) **18.00** Idol extra 2005/2006

**18.30 Fréttir NFS**

**18.50 Girls Next Door (8:15)** (Midsummer Night's Dream)

**19.20 Party at the Palms (5:12)**

**19.50 Ástarfleyið (10:11)**

**20.30 Laguna Beach (1:17)** Önnur serían um krakkana á Laguna Beach.

▶ **20.55 Fabulous Life of (6:20)** (Fabulous Life of: Leo & Giselle) Í þessum frábæru þáttum er farið á bak við tjöldin með þotuliðinu í Hollywood. Hver stjarnan af annarri er tekin undir smásjána og áhorfandinn fær að fylgjast með hinu hversdagslega lífi stjörnunnar.

**21.20 Fashion Television (8:34)** Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag.

**21.45 Smallville (2:22)** (Gone) Fjórða þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville.

**22.30 So You Think You Can Dance (12:12)**

**23.20** Rescue Me (12:13)

### SKJÁREINN

**12.00** Cheers – öll vikan (e) **14.00** Borgin mín (e) **14.30** Allt í drasli (e) **15.00** House (e) **16.00** Sirrý (e) **17.00** Innlit / útlit (e) **18.00** Judging Amy (e)

**19.00 Stargate SG-1 (e)** Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndri kvikmynd frá 1994. Herafli jarðarbúa finnur stjörnuhlið sem opnar aðgang að áður óþekktum plánetum og sendir út lið til að kanna nýja heima.

▶ **20.00 10th Kingdom (1/5)** Jólasería Skjás eins verður The 10th kingdom, ævintýraþættir fyrir alla fjölskylduna. Fyrsti þátturinn verður á jóladag og sá síðasti 29. desember. Öll könnumst við við Grimms-ævintýrin. Þeir Grimmsbræður ferðuðust um töfraheim 10. konungsríkisins á nítjándu öldinni og höfðu með sér til baka vitneskjuna um Mjallhvíti, Öskubusku og fleiri þekkta íbúa þessa heims.

**21.45 Queer Eye for the Straight Guy** Drengirnir í Queer Eye for the Straight Guy eru í jólaskapi og sýna fólki hvernig halda skal alvöru jól.

**22.30 Batman Forever**

**0.30** C.S.I. (e) **1.25** Sex and the City (e) **2.55** Cheers – 9. þáttaröð (e) **3.20** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**12.15** HM 2002 **14.10** Frakkland – Ísland **15.50** Top 20 FIFA World Cup Moments **16.50** Presidents cup offical film **17.50** Mastersmótið með Icelandair og Ian Rush

**18.50 NBA – Bestu leikirnir** (Chicago Bulls – Celtics 1986) Boston Celtics og Chicago Bulls mættust í úrslitakeppni Austurdeildarinnar árið 1986. Í liði Bulls var 21 árs strákur sem átti eftir að verða ein skærasta stjarnan í sögu NBA. Leikmaðurinn er auðvitað Michael Jordan en í þessum leik skoraði hann 63 stig sem var nýtt met í úrslitakeppninni.

▶ **20.30 NBA TV Daily 2005/2006** (Miami – L.A Lakers) Bein útsending frá NBA-deildinni. Án efa einn af stóru leikjum ársins en Kobe Bryant og Phil Jackson mæta sínum gamla félaga Shaquille O'Neal.

**22.50 Harlem Globetrotters: The Team** Liðið sem breytti heiminum. Harlem Globetrotters eru vægast snillingar með körfubolta.

**23.45** Maradona **0.40** NBA TV Daily 2005/2006

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.05** The Man With One Red Shoe **8.00** Legally Blonde **10.00** Liar Liar **12.00** Maid in Manhattan **14.00** The Man With One Red Shoe **16.00** Legally Blonde **18.00** Liar Liar **20.00 Seabiscuit 22.15 Analyze That** (Kæri sáli 2) Mafíuforinginn Paul Vitti hefur ekki átt sjö dagana sæla. Bönnuð börnum. **0.00** The Butterfly Effect (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Matchstick Men (Bönnuð börnum) **4.00** Analyze That (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **13.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **14.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **15.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **16.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **17.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **18.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **19.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **20.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **21.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **22.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **23.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **0.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **1.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **2.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Portsmouth – W.B.A. frá 18.12 **16.00** Arsenal – Chelsea frá 18.12 **18.00** Fulham – Blackburn frá 17.12
**20.00 West Ham – Newcastle frá 17.12** Leikur sem fór fram síðastliðinn laugardag.
**22.00 Upphitun (e)**
**22.30 Turninn í Charlton (e)**
**23.00** Spurningaþátturinn Spark (e) **23.30** Spurningaþátturinn Spark (e) **0.00** Spurningaþátturinn Spark (e) **0.30** Spurningaþátturinn Spark (e) **1.00** Dagskrárlok





HEIMASTYRJÖLD

Í ÞESSUM GLÆNÝJU OG SPRENGHLÆGILEGU ÞÁTTUM BERJAST HJÓNIN DAVE OG VICKY VIÐ AÐ HALDA HEIMILINU, BÖRNUNUM OG GEÐHEILSUNNI Í SKIKKANLEGU ÁSTANDI.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Kompás** **NFS kl. 18.50**

## *Kompás á Litla-Hrauni á jóladag*



*Jóhannes gisti í 30 klst. í fangaklefa*

Að kveldi jóladags verður sérstakur Kompásþáttur um líf fanga á Litla-Hrauni sýndur á NFS. Í þættinum er brugðið upp myndum af föngum sem sitja inni fyrir mismunandi brot og skyggnst er inn í lífið bak við fangelsismúrana. Jóhannes Kr. Kristjánsson gisti á einni af deildum fangelsisins og var lokaður inni í klefa klukkan tíu eins og aðrir fangar. Jóhannes dvaldi í fangelsinu í 30 klukkustundir, ræddi við fjölda fanga og fangavarða. Í þættinum verður brugðið upp einstökum myndum af lífinu innan fangelsisins – einstakar myndir sem ekki hafa birst áður. Er jólaandinn farinn að svífa yfir vötnum á Litla-Hrauni? Hvernig líður föngunum þar yfir jólin? Er mikið um fíkniefni á staðnum? Öllum þessum spurningum verður svarað í kvöld.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Margrætt e. **10.03** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall

**12.10** Silfur Egils **13.40** Sögur af Megasi e. **14.00** Sögur af fólki **15.03** Barnatíminn **16.00** Laugardagsmorgunn **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Barnatíminn e. **20.00** Sögur af Megasi e. **20.30** Silfur Egils e. **22.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **23.00** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar.

**0.00** Messufall e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.00** Klukknahringing **8.15** Tónlist á jóladagsmorgni **9.10** Jólakantötur Johanns Sebastians Bach **10.13** Kirkjuhöfðinginn Brynjólfur biskup **11.00** Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju

**12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Jólaleikrit: Skugga Sveinn **15.30** Í hátíðarskapi **16.08** Söngur á jóladag **17.00** Kvæðamaður **18.15** Jómfrúfæðing **19.00** Jólaóratorían eftir Johann Sebastian Bach **20.30** Útvarpið hringir inn jólin **21.20** Jólatónlist frá átjándu öld **22.15** Konsertar á jólakvöldi **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Jóla – Morguntónar **6.45** Veðurfregnir **7.00** Morguntónar **10.03** Jóladagsmorgunn

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Tónlist að hætti hússins **13.00** Jólailmur **16.05** Tónleikar með KK og Ellen

**18.00** Kvöldfréttir **18.15** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Jólatónlist **22.10** Tónleikar með KK og Ellen

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**12.25** Meinhornið

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**▶ 12.00**
*Fréttir*

ÍÞRÓTTAÞÁTTUR

## NFS

**10.00** Innlendur fréttaannáll 1994 **10.30** Erlendur fréttaannáll 1995 **11.00** Fréttaannáll 1995

▶ **12.00** Hádegisfréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar blaðanna **12.25** Hátíðarviðtal **13.00** Fréttaannáll 1996 **14.00** Fréttaannáll 1993 **15.00** Innlendur fréttaannáll 1994 (e) **15.30** Erlendur fréttaannáll 1995 (e) **16.00** Fréttaannáll 1995 (e) **17.00** Fréttaannáll 1996 (e)

**18.30 Kvöldfréttir** 18.30 Kvöldfréttir18.58 Yfirlit frétta og veðurs.
**18.50 Kompás** Í þessum sérstaklega gerða jólaþætti af Kompási heimsækir ritstjóri þáttanna Jóhannes Kr. Kristjánsson Litla-Hraun og upplifir þar 30 stundir. Hann býr þar eins og óbreyttur fangi og ræðir við fanga um aðstæður þeirra og vistina á Hrauninu og margt fleira. Virkilega fróðlegur þáttur sem vekur mann til umhugsunar.
**19.40 Sögur af fólki – með Helgu Völu**
**20.35 Hátíðarviðtal**
**21.00 Frontline** (In Search of Al Qaeda) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SEUROSPORT**

**12.30** Football: UEFA Champions League Classics **13.30** Ski Jumping: World Cup Harrachov **14.45** Ski Jumping: World Cup Engelberg **16.00** Football: Foot World Cup Season **17.30** Car Racing: the Race of Champions **19.00** All sports: WATTS **19.30** Olympic Games: Mission to Torino **20.00** Snooker: Snooker Hall of Frame **21.00** Poker: European Tour Monte Carlo Monaco **22.00**
Fight Sport: Fight Club **0.00** All sports: WATTS **0.15** Olympic Games: Olympic Torch Relay

**BBC PRIME**

**12.00** The Song of the Earth **13.00** EastEnders Omnibus **13.30** EastEnders Omnibus **14.00** EastEnders Omnibus **14.30** EastEnders Omnibus **15.00** The Queen's Christmas Message **15.10** Top of the Pops **16.00** Wildlife Specials **16.45** The Lost World **18.00** Last of the Summer Wine **18.30** Ground Force Special **19.30** The Kumars at Number 42 **20.00** The Vicar of Dibley **20.55** Grumpy Old Women at Christmas **21.55** Top of the Pops **22.55** Trouble At the Top Special **23.45** Table 12 **23.55** Table 12 **0.05** The Promised Land **1.00** Battlefield Britain **2.00** Suenos World Spanish

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Deep Jungle **13.00** Deep Jungle **14.00** Deep Jungle **15.00** Cassandra Crossing **17.30** Tarantula! **18.00** Extraterrestrial **19.00** Extraterrestrial **20.00** Megastructures **21.00** Seconds From Disaster **22.00** Air Crash Investigation **23.00** 2005 – The Earth in Review **0.00** Extraterrestrial **1.00** Extraterrestrial

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Austin Stevens – Most Dangerous **13.00** Killing for a Living **14.00** Wild India **15.00** Monkey Business **15.30** Meerkat Manor **16.00** Big Cat Diary **16.30** Predator's Prey **17.00** Crocodile Hunter **18.00** Lyndal's Lifeline Special **19.00** Temple of the Tigers **20.00** Wild India **21.00** Face to Face with the Polar Bear **22.00** Sacred Animals of the Pharaohs **23.00** Killing for a Living **0.00** Wild India **1.00** Lyndal's Lifeline Special **2.00** Temple of the Tigers

**DISCOVERY**

**12.05** Supersonic **13.00** The Road to Le Mans **13.30** The Road to Le Mans **14.00** The Road to Le Mans **14.30** The Road to Le Mans **15.00** The Road to Le Mans **15.30** The Road to Le Mans **16.00** Deadliest Catch **17.00** Blueprint for Disaster **18.00** Biker Build-Off **19.00** American Chopper **20.00** Mythbusters **21.00** Mythbusters **22.00** Mythbusters – Specials **23.00** Zero Hour **0.00** Sensing Murder – Denmark **1.00** Reel Race **2.00** Mythbusters

**MTV**

**12.00** MTV Video Music Awards **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV Goal **18.00** World Chart Express **19.00** Dance Floor Chart **20.00** Switched On MTV **21.00** Top 10 at Ten **22.00** I Want a Famous Face **22.30** The Trip **23.00** MTV Live **23.30** MTV Live **1.00** Just See MTV


BÍÓ SIRKUS
O G 5 8 E R L E N D A R S J Ó N V A R P S S T Ö Ð V A R




NÝR MYNDLYKILL SEM GEYMIR DAGSKRÁNA FYRIR ÞIG - STAFRÆNT

MEÐ NÝJUM STAFRÆNUM UPPTÖKULYKLI FRÁ DIGITAL ÍSLANDI GETUR ÞÚ...

- HORFT Á EINA SJÓNVARPSSTÖÐ OG TEKIÐ UPP AÐRA SAMTÍMIS
- ÝTT Á „PÁSU“ ÞEGAR ÞÉR HENTAR
- SPÓLAÐ TIL BAKA EF ÞÚ HEFUR MISST AF EINHVERJU
- NÝTT ÞÉR EINFALT UPPTÖKUVIÐMÓT TENGT DAGSKRÁRVÍSI
- HORFT Á UPPTÖKU FRÁ BYRJUN ÞÓ HÚN SÉ ENN Í GANGI
- VISTAÐ UPPTÖKU INN Á HARÐAN DISK

NJÓTTU ÞESS AÐ HORFA Á DAGSKRÁNA OKKAR – HVENÆR SEM ÞÉR HENTAR. ÞÚ FÆRÐ NÝJA STAFRÆNA UPPTÖKULYKILINN HJÁ VERSLUNUM OG VODAFONE OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚUM Á ÚTSENDINGASVÆÐI DIGITAL ÍSLANDS. VERÐ 7.990 KR. OG MÁNAÐARGJALD 790 KR.



digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„He's not the Messiah. He's a very naughty boy!"**

Svar:
Móðir Brians úr kvikmyndinni Life of Brian frá árinu 1979

## 26. desember, annar í jólum

# dagskrá

## Í TÆKINU CLIVE OWEN LEIKUR Í THE BOURNE IDENTITY Í SJÓVARPINU KL. 23.15

# *Litaði hárið eins og Bowie*



Clive Owen fæddist þann 3. október árið 1964 í Coventry í Englandi. Faðir hans var kántrísöngvari og yfirgaf fjölskylduna þegar Clive var aðeins þriggja ára. Clive fór í leiklistarskóla þrettán ára gamall og sótti um og fékk inni í Royal Academy of Dramatic Art þegar hann var tvítugur.

Eftir útskrift varð Clive meðlimur í Young Vic-leikhúsfélaginu og árið 1988 lék hann aðalhlutverkið í Rómeó og Júlíu. Á móti honum lék Sarah-Jane Fenton sem Clive féll fyrir en þau eru gift í dag og eiga saman tvær dætur.

Árið 1988 lék Clive í fyrstu kvikmyndinni, Vroom, og innan tveggja ára var hann orðinn sjónvarpsstjarna í þáttunum Chancer. Hann hætti þó skyndilega í þáttunum vegna truflana á einkalífi sínu og einnig þar sem hann var hræddur um að festast í karakternum.

Á næstu árum lék Clive í hlutverkum sem vöktu mismikla athygli en árið 1997 hitti hann í mark í uppfærslu á Closer. Á næsta ári lék hann í myndinni Croupier sem Englendingar voru ekki hrifnir af. Bandaríkjamenn voru hins vegar ánægðir með myndina, þar á meðal Hollywood.

Eftir það hefur Clive leikið í myndum svo sem Greenfingers, Closer, Gosford Park, The Bourne Identity og King Arthur. Ferillinn virðist einungis stefna upp á við og Clive hefur meðal annars verið orðaður við hlutverk James Bond.

Clive er mikill aðdáandi Davids Bowie og segir engan hafa haft slík áhrif á sig. Á áttunda áratugnum þegar Bowie breytti um stíl með hverri nýrri plötu, litaði Clive hárið alltaf í sama lit og Bowie.

**Þrjár bestu myndir Clive:** **Sin City** (2005) **King Arthur** (2004) **The Bourne Identity** (2002)



**21.00** *Tónlist*

EIVØR



**20.15** *Keppni*

MEISTARINN



**21.00** *Lífsstíll*

VEGGFÓÐUR



**21.45** *Raunveruleiki*

SURVIVOR GUATEMALA – REUNION



**21.00** *Fótbolti*

SAGA HM

### SJÓNVARPIÐ

**8.02** Bú! **8.14** Brummi **8.27** Matti morgunn **8.40** Bubbi byggir **8.55** Jólaævintýri Birtu og Bárðar **9.31** Latibær **10.18** Barbí og Svanavatnið **11.40** Dagbækur prinsessunnar

**13.35** Tilvalin jólagjöf **15.00** Fyrir þá sem minna mega sín **16.05** Líf fyrir listina eina **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Myndasafnið **18.01** Gurra grís (31:52) **18.06** Kóalabræður (47:52) **18.15** Fæturnir á Fanney (4:13)

**18.30** **Váboði (9:13)**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.30** **Skrímsli hf.** (Monsters Inc.) Teiknimynd um ævintýri tveggja félaga í Skrímslaborg þar sem orka er unnin úr hræðsluópum barna.
**21.00** **Eivør** Þáttur um færeysku söngkonuna Eivøru Pálsdóttur sem hefur unnið hug og hjörtu Íslendinga og var kosin Færeyingur ársins fyrir framlag sitt til útbreiðslu færeyskrar menningar.
**21.30** **Jólasveinninn II** (Santa Claus 2) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2002 um jólasvein sem lendir í hremmingum og þarf að taka á öllu sínu til að bjarga jólunum.

**23.15** Glatað minni **1.10** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Piglet's Big Movie **8.15** Emil í Kattholti **9.50** JoJo **10.20** Magic Pudding **11.35** Merry Christmas Mr. Bean

**12.00** Hádegisfréttir **12.15** The Muppet Christmas Carol **13.40** Daddy Day Care **15.15** Absolutely Fabulous Christmas Special Nr. 1 **16.00** Harry Potter and the Philopher's Stone

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**18.50** **Cat in the Hat, The** (Kötturinn með höttinn) Litrík og skemmtileg kvikmyndagerð á sígildri sögu eftir Dr. Seuss um Köttinn með höttinn.
**20.15** **Meistarinn** Hefst nú leitin að Meistaranum. Meistarinn er nýr íslenskur spurningaþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar sem reynir á þekkingu, kænsku og heppni keppenda.
**21.05** **Lord of the Rings: The Return of the King** (Hringadróttinssaga: Hilmir snýr heim) Þriðji og lokahluti þríleiksins um Hringadróttinssögu er sannkallað stórvirki. Bönnuð börnum.

**0.20** Dante's Peak **2.05** Pirates of the Caribbean: The **4.25** Beverly Hills Cop 2 (Bönnuð börnum) **6.05** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Summerland (4:13)** (Pick Nik)
**20.00** **Friends 5 (18:23)** (Vinir) (The One Where Rachel Smokes)
**20.30** **Fashion Television (9:34)**
**21.00** **Veggfóður** Hönnunar- og lífsstílsþátturinn Veggfóður sem er undir stjórn arkitektsins og sjónvarpskonunnar vinsælu Völu Matt og sjónvarpsmannsins Hálfdáns Steinþórssonar.
**22.00** **Summerland (5:13)** (Mr. & Mrs. Who?) Bandarískur myndaflokkur sem fjallar um unga konu sem þarf að kúvenda lífi sínu.
**22.45** **Smallville (2:22)** (Gone) Fjórða þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville.

**23.30** Friends 5 (18:23) (e) **23.55** The Newlyweds (16:30) **0.20** Tru Calling (16:20)

### SKJÁREINN

**11.30** Kindergarten Cop

**13.15** National Lampoon's Christmas Vacation **14.50** Liverpool – Newcastle (b) **17.20** Cheers – 9. þáttaröð **17.45** 10th Kingdom (1/5) (e)

**19.30** **Allt í drasli (e)** A
**20.00** **10th Kingdom (2/5)** Jólasería Skjás eins verður The 10th Kingdom, ævintýraþættir fyrir alla fjölskylduna.
**21.45** **Survivor Guatemala – reunion** Í ár fer keppnin fram í Guatemala og búast má við hörkuslag. Framleiðendurnir finna alltaf eitthvað nýtt til að auka á spennuna en meðal þátttakenda í þessari þáttaröð er Gary Hogeboom, sem leikið hefur með Dallas Cowboys.
**22.30** **Son of the Pink Panther** Sonur rannsóknarlögreglumannsins seinheppna er farinn að feta í fótspor föðurs síns. Með aðalhlutverk fer Roberto Benigni.

**0.00** Jay Leno **0.45** Cheers – 9. þáttaröð (e) **1.10** NÁTTHRAFNAR **1.10** Everybody loves Raymond **1.35** Da Vinci's Inquest **2.20** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**10.00** US Masters 2005

**12.50** NBA TV Daily 2005/2006 **14.50** Spænski boltinn **16.30** Saga HM **17.55** Saga HM

**19.25** **Saga HM** (1982 Spánn, með Sean Connery) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990.
**21.00** **Saga HM** (1986 Mexico) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Íþessum þætti er fylgst með keppninni í Mexíkó árið 1986. Allra augu beindust að Argentínumanninum Diego Maradona en í þessari keppni skoraði hann eitt eftirminnilegasta mark í sögu HM.
**22.25** **Saga HM** (Ítalía) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Í lokaþættinum er fylgst með keppninni á Ítalíu árið 1990.

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Loch Ness **8.00** Divine Secrets of the Ya-Ya (Bönnuð börnum) **10.00** Scooby Doo 2: Monsters Unleashed **12.00** Lost in Translation **14.00** Loch Ness **16.00** Divine Secrets of the Ya-Ya (Bönnuð börnum) **18.00** Scooby Doo 2: Monsters Unleashed **20.00** **Lost in Translation** (Rangtúlkun) **22.00** **Star Wars Episode II: The Att** (Stjörnustríð: Árás klónanna) **0.20** Veronica Guerin (Bönnuð börnum) **2.00** Independence Day (e) (Bönnuð börnum) **4.20** Road Ends (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News Weekend **14.00** 101 Craziest TV Moments **15.00** 101 Craziest TV Moments **16.00** 101 Craziest TV Moments **17.00** 101 Craziest TV Moments **18.00** E! Entertainment Specials **19.00** E! News Weekend **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Wild On Tara **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Wild On **0.00** It's Good To Be **0.30** The Soup UK **1.00** Wild On Tara **1.30** Girls of the Playboy Mansion **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**11.50** Charlton – Arsenal (b) **14.50** Liverpool – Newcastle (b) **17.00** Aston Villa – Arsenal (b)

**20.00** **Chelsea – Fulham** Leikur frá því fyrr í dag.
**22.00** **Tottenham – Birmingham** Leikur frá því fyrr í dag.

**0.00** Man. Utd – W.B.A. **2.00** Dagskrárlok





TRÚIR ÞÚ Á KARMA?

EARL ÆTLAR SÉR AÐ BÆTA UPP FYRIR ÖLL ÞESSI ÁR SEM HANN HEFUR EYTT SEM ALGER SKÍTHÆLL. EINN VINSÆLASTI GAMANÞÁTTURINN Í USA.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Meistarinn** **Stöð 2** kl. 20.15

### *Logi Bergmann spyr fólk spjörunum úr*



*Logi Bergmann kannar þekkingu fólksins*

Meistarinn er nýr alíslenskur spurningaþáttur sem hefur göngu sína á Stöð 2 annan í jólum. Þátturinn hefur þegar vakið mikið umtal í fjölmiðlum enda eiga eftir að etja þar kappi margir af helstu spurningahaukum þjóðarinnar og því verður úr skorið hver sé í raun og reynd Íslandsmeistari í spurningakeppnum, hinn eini og sanni Meistari.
Fréttaþulurinn Logi Bergmann er hreint enginn aukvisi þegar kemur að því að stýra spurningaþætti en hann var stjórnandi spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu betur við góðan orðstír í sjö ár. Meistarinn er öllum opinn. Markmiðið með þættinum var að leiða saman til spennandi einvígis skörpustu menn og konur landsins; jafnt þau sem þegar eru orðin landsmönnum að góðu kunn fyrir frækna framgöngu í spurningakeppnum, sem og aðra sem til stendur að uppgötva, laða fram á sjónarsviðið. Allir sem náð hafa 20 aldursárum áttu þess kost að taka þátt.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt **21.30** Á kassanum e **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.20** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Morgunvaktin **9.03** Lóðrétt eða lárétt **9.40** Í deiglunni **10.15** Sagan af Tristan og Ísól **11.00** Guðsþjónusta í Neskirkju

**12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Undir oki áróðurs **14.00** Sólroðin ský **15.00** Guðrún Ásmundsdóttir sjötug **16.08** Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands **18.00**

Kvöldfréttir **18.17** Þá hjala bjöllur er syngur í glösum **19.00** Jólavitinn **19.30** Óskastundin **20.20** Sagnaslóð **21.00** Líður að jólum **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Jól í Vínarborg

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **7.03** Morguntónar **9.03** Annar dagur jóla

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Piparkökur og kertaljós **16.05** Rokkland á jólum

**18.00** Kvöldfréttir **18.15** Auglýsingar **18.17** Jólatónlist **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Jólatónlist **22.00** Fréttir **22.10** Tónleikar með Bubba

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**07.00**
*Spjall*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

**NFS**

**07.00** Ísland í bítið **10.00** Fréttir **10.05** Ísland í dag – brot af besta e **11.00** Fréttaljós

**12.00** Hádegisfréttir **12.35** Hátíðarviðtal **13.00** Innlendur fréttaannáll 1997 **14.00** Fréttir **14.05** Fréttaannáll 1998 **15.00** Fréttaannáll 1999 **16.00** Fréttir **16.05** Fréttaannáll 2000 **17.00** Fréttaannáll 2001

**18.00** Kvöldfréttir
**19.10** **Kompás** Í þessum sérstaklega gerða jólaþætti af Kompási heimsækir ritstjóri þáttanna Jóhannes Kr. Kristjánsson Litla-Hraun og upplifir þar 30 stundir. Hann býr þar eins og óbreyttur fangi og ræðir við fanga um aðstæður þeirra og vistina á Hrauninu og margt fleira. Virkilega fróðlegur þáttur sem vekur mann til umhugsunar.
**20.00** **Sri Lanka – ári eftir ósköpin**
**20.25** **Fréttaannáll 2002** Í fréttaannálnum er fjallað á lifandi og skemmtilegan hátt um helstu atburði ársins bæði hér heima og erlendis.
**21.25** **Fréttaannáll 2003**
**22.20** **Fréttaannáll 2004**

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Football: UEFA Champions League Classics **13.30** All sports: WATTS **14.30** Football: FIFA Confederations Cup Germany **16.00** Ski Jumping: World Cup Kuusamo **17.15** Ski Jumping: World Cup Trondheim **18.30** Football: UEFA Champions League **20.00** Fight Sport: Fight Club **23.00** Xtreme Sports: LG Action Sports **0.00** Olympic Games: Mission to Torino

**BBC PRIME**

**12.15** Porridge **13.00** Popcorn **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Intergalactic Kitchen **16.00** Ready Steady Cook **16.45** The Lost World **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Born to Be Wild **20.00** The Lost Prince **21.30** Two Pints of Lager & a Packet of Crisps **22.00** The Office **22.30** The Office **23.00** The Office **23.30** The Office **0.00** Journey of Life **1.00** Meet the Ancestors **2.00** The Lapedo Child

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Most Amazing Moments **13.00** Most Amazing Moments **14.00** 2005 – The Earth in Review **15.00** Thailand Tsunami **15.30** Sri Lanka Tsunami **16.00** Tsunami – The Day the Wave Struck **17.00** Tsunami Line **18.00** Ultimate Survivor **20.00** Unlocking da Vinci's Code **21.00** The Mafia **22.00** The Mafia **23.00** Seconds From Disaster **0.00** Seconds From Disaster **1.00** Seconds From Disaster

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Living with Wolves **15.00** Living with Wolves **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Predators **19.30** Big Cat Diary **20.00** Living with Wolves **21.00** Living with Wolves **22.00** Predators **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Growing Up... **2.00** The Snake Buster

**DISCOVERY**

**12.05** Pompeii of the East **13.00** Pompeii **14.00** Surviving Extreme Weather **15.00** Surviving Extreme Weather **16.00** Surviving Extreme Weather **17.00** Surviving Extreme Weather **18.00** Krakatoa **20.00** Tsunami **21.00** Tsunami **22.00** Body Works **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Pompeii of the East

**VH1**

**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** VH1 Weekly Album Chart **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** VH1 All Access **21.00** Hogan Knows Best **21.30** I Want a Famous Face **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** The Fabulous Life of... **0.30** VH1 Hits


BÍÓ NFS SIRKUS



GAMLA LOFTNETIÐ HEFUR ÖÐLAST NÝTT LÍF

NÚ ÞARFT ÞÚ EKKI LENGUR ÖRBYLGJULOFTNET TIL AÐ NÁ 7 ÍSLENSKUM SJÓNVARPSSTÖÐVUM Í STAFRÆNUM GÆÐUM. MEÐ TILKOMU NÝRRAR TÆKNI GETUR GAMLA GÓÐA UHF LOFTNETIÐ NÚ FÆRT ÞÉR ÞÆR STÖÐVAR SEM ÞÚ HEFUR EKKI ÁÐUR NÁÐ.

FÁÐU ÞÉR NÝJAN DIGITAL MYNDLYKIL OG BYRJAÐU AÐ HORFA Á STAFRÆNT SJÓNVARP, ÞAÐ HEFUR ALDREI VERIÐ AUÐVELDARA.



digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS



## HRÓSIÐ...

*...fær Steinunn Þóra Árnadóttir fyrir að skipuleggja, ásamt öðrum, hina árlegu friðargöngu sem farin var í 26. sinn í gær.*

## NÚNA / BÚIÐ



**Snjór** Gerðu það herra veðurguð, gefðu okkur snjó þó það væri ekki bara á aðfangadagskvöld.



**Sérrí** Ef þú drekkur ekki serrí allt árið, hafðu það sætt og sparilegt á aðfangadagskvöld.



**Jólagjafainnkaup.** Leiðinlegt, hundleiðinlegt að versla fyrir aðra en mann sjálfan.



**Blúndusokkabuxur.** Núna áttu bara að vera með einn fallegan saum fyrir miðjum og föngulegum legg.



**Jólasveinar** Víst eru þeir til. Þeir eru bara ósýnilegir, og allir hinir eru leikarar.



**Föndur.** Guði sé lof að þetta er búið.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Á fimmtudagskvöldið var mikil stemning í miðbæ Reykjavíkur og fólk brá fyrir sér betri fæti eftir jólainnkaupin. Á b5 var fullt út úr dyrum og mátti þar sjá Popplandsmanninn Ágúst Bogason og **Sigtrygg Magnason** á Íslensku auglýsingastofunni. Þeir **Hallgrímur Helgason** og Eiríkur Bergmann ráku nefið inn á Ölstofuna en hlutskipti þeirra meðal bókmenntarýna hefur verið nokkuð ólíkt þessi jólin. Þá mátti sjá aðra öndvegismenn ögn neðar á Vegamótastig en í hurðinni á Vegamótum stóðu þeir Ásgeir Friðgeirsson og Jón Ólafsson í miklum hrókasamræðum. Miðbærinn iðaði af mannlífi alla nóttina og var greinilegt að jólin þetta árið lögðust nokkuð vel í menn þrátt fyrir lítið frí.





Þeir feðgar Egill Ólafsson og Ólafur Egilsson litu aðeins við á Ölstofunni eftir stífar æfingar á Túskildingsóperunni en hún verður frumsýnd á annan í jólum. Þeir voru þó það uppgefnir að þeir stoppuðu stutt við og var Ólafur meira að segja með málninguna í andlitinu á sér. Ofar í 101 var listaparið Daníel Ágúst og Gabríella Friðriksdóttir í góðu stuði á Sirkus en tónlistarframleiðandinn Biggi Bix var í góðu stuði á Kaffibarnum en þar mátti einng sjá glitta í **Huldar Breiðfjörð**, skáldið góðkunna. Magnús Ármann stórfjárfestir, **Kári Stefánsson** og Helgi Björns ásamt Vilborgu konu sinni sátu í góðu tómi á 101. Straumur frægа fólksins lá þó niður í Iðu þar sem stórpopparinn Jakob Frímann hélt veislu fyrir vini og vandamenn.



## JESÚS OG MARÍA: HALDA ÍSLENSK JÓL

# Er bara kennari en ekki kraftaverkamaður

Samkvæmt þjóðskránni er aðeins einn sem ber nafnið Jesús sem fyrsta eiginnafn. Hann á heima í Reykjavík og heitir fullu nafni Jesús Sigfús H. Potenciano. Hann ætti reyndar að vera mörgum Íslendingum að góðu kunnur en hann starfaði um árabil sem leiðsögumaður hjá Útsýn og einnig hjá Úrval Útsýn eftir sameiningu. Undanfarna áratugi hefur hann hins vegar verið að kenna spænsku í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og við Háskóla Íslands. „Nafnið er mjög algengt í spænskumælandi og kaþólskum löndum en þar er þetta eins og hvert annað nafn," útskýrir Jesús sem var árisull þennan Þorláksmessumorgun. Hann hafði verið í hangikjötsveislu kvöldið áður og var því vel mettur af reyktu kjöti. „Þegar ég kom fyrst til Íslands fyrir þrjátíu árum voru margir sem ráku upp stóru augu og voru forvitnir," segir hann. „Jesús er enda mjög ofarlega í huga hjá Íslendingum og flestir tengja nafnið við frelsarann. Ég er hins vegar bara kennari en ekki kraftaverkamaður," segir hann og hlær.

Það var ástin sem dró Jesús hingað til lands. Hann er giftur Maríu Önnu en þau kynntust á Malaga fyrir rúmlega þrjátíu árum. „Hún kom þangað með foreldrum sínum í sumarfrí og við urðum strax hrifin hvort af öðru," útskýrir hann en parið byrjaði að búa á Spáni. „Síðan vildum við athuga hvort ég myndi ekki verða hrifinn af Íslandi," segir hann. Fyrst kom hann reyndar bara í heimsóknir sem síðan stóðu yfir í alltaf lengri og lengri tíma.

Jólin eru með íslenskum hætti hjá Jesús og Maríu enda segir hann íslensk jól vera alveg prýðileg. „Ég og sonur minn, Kristján Jesús, setjum alltaf litla jötu með Jesúbarninu fyrir framan innganginn hjá okkur og svo býð ég gestum upp á spænskt sælgæti," útskýrir hann en fjölskyldan eyðir aðfangadagskvöldinu heima hjá tengdaforeldrum hans. Þau hlusta á messuna klukkan sex og borða síðan jólamatinn. „Það er alltaf hamborgarhryggur hjá tengdó," bætir hann við.

Jesús heldur jólin yfirleitt hér á landi enda finnst honum vera jólalegt á Íslandi. Þótt hann haldi íslenskum hefðum hátt á lofti þá lét hann skötuna hins vegar alveg vera í gær. „Ég læt mér bara nægja ilminn úr eldhúsi nágrannakonunnar."

freygigja@frettabladid.is



**KRISTJÁN, MARÍA OG JESÚS** Jólafjölskyldan í Espigerði var að vonum glöð enda jólahátíðin við það að ganga í garð. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Á heimasíðu kvikmyndatímaritsins Land og synir er minnst á kjaftasögu sem fer eins og eldur í sinu um leiklistarheiminn þessa dagana. Leikarinn **Benedikt Erlingsson** er hugsanlega búinn að landa hlutverki í nýjustu kvikmynd danska leikstjórans Lars von Trier en þetta kemur fram á síðunni. Myndin hefur hlotið vinnuheitið Direktoren for det hele og á Benedikt að leika íslenskan túlk. Samkvæmt síðunni hafa margir þekktir danskir leikarar verið ráðnir og á heimasíðunni www.imdb.com er nafn Jens Albinus kunnuglegt en hann hefur heillað íslensku þjóðina upp úr skónum sem Hallgrímur Örn í sakamálaþættinum Örninn. Hins vegar hafa engar fregnir borist af því að Benedikt hafi leitað ráða hjá Björk Guðmundsdóttur en eins og frægt er orðið þá gekk á ýmsu í samskiptum söngkonunnar og leikstjórans þegar þau gerðu kvikmyndina Dancer in the Dark.

Um jólin fer í loftið nýr spurningaþáttur en þá mun Logi Bergmann Eiðsson stýra Meistaranum á Stöð 2. Miklar vonir eru bundnar við þáttinn og hafa margir af helstu ofurheilum landsins verið fengnir til að reyna sig við margvíslegar þrautir sem reyna ekki síður á kænsku en gáfnafar. Nægir þar að nefna Mörð Árnason alþingismann og Stefán Pálsson auk Ólínu Þorvarðardóttur en tvö síðastnefndu hafa bæði verið Gettu betur-dómarar. Svo virðist sem **Logi Bergmann** hafi sterkar taugar til Gettu betur en hann stjórnaði þættinum í sjö ár. Auk Stefáns og Ólínu eru nefnilega nokkrar fyrrverandi stjörnur úr þessari sívinsælu spurningakeppni framhaldsskólanna en í fyrsta þættinum mun stjarna Gettu betur-liðs MH, Inga Þóra Ingvadóttir, etja kappi við Viltu vinna miljón kappann Þorvald Þorvaldsson.




STÓR HUMAR
HÖRPUSKEL
RISARÆKJUR

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686


# Kiefer Sutherland trekkir að

„Kiefer trekkti náttúrulega að sína aðdáendur, en er að reyna að láta sig hverfa bak við hljómsveitina," segir Lára Martin, sem ber ábyrgð á komu Kiefers Sutherland og félaga hans Roccos Deluca til landsins. Kiefer er, auk þess að vera leikari, einn eigandi Ironworks tónlistarútgáfunnar sem gefur Rocco út. Fyrri tónleikarnir voru haldnir á NASA á fimmtudag og voru vel sóttir, þó Kiefer hafi ekki stigið sjálfur á svið.

„Íslendingar eru orðnir svo sjóaðir áhorfendur að þeir fara ekki lengur á hvað sem er, en fólk var mjög ánægt þetta kvöld. Mammút byrjaði og er hljómsveit sem á eftir að ná langt, Ghostigital setti fólk í shamanískan trans og tónlistarkonan Bethia Beadman frá Bath í Bretlandi kom fram ein með gítarinn, en vanalega spilar hún með hljómsveit. Svo loksins steig Rocco á svið. Kiefer skemmti fólki baksviðs með vinalegheitum, og hefur mjög gaman af að skrafa."

Seinni tónleikarnir verða haldnir á Grand Rokk, þar sem Rocco mun spila ásamt Mr. Silla, Ég, Reykjavík og Pétri Ben. Þeir félagar halda svo til Írlands á jóladag, og heldur tónleikaferðin áfram þaðan um meginlandið. Þetta er önnur ferð þeirra til Íslands.

„Rocco hafði áhuga á að koma hingað eftir að hann heyrði í Sigur Rós. Stoppin hafa alltaf verið stutt en hann vonast til að vera lengur næst."

Fyrsta plata Roccos nefnist I Trust You to Kill Me, og er einnig verið að gera heimildarmynd um hann með sama nafni, og voru tónleikarnir hérlendis teknir upp í því skyni. En hvernig kynntist Lára strákunum?

„Ég stundaði kvikmyndagerðarnám í Los Angeles og vann þar og bjó í níu ár. Ég kynntist Kiefer í gegnum sameiginlega vinkonu og þá kom þessi hugmynd upp."

Lára er nú flutt til Íslands, og er að leggja lokahönd á kvikmyndahandrit. „Þetta er búkollusaga í nýjum búningi, súrrealísk gamanmynd, töfraraunsæi og pólitískur tryllir." - vg



**KIEFER OG ROCCO** Félagarnir saman og nýkomnir til Íslands.

# TYPPATAL MEÐ AUDDA

LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS



*Hæ hó, guð minn almáttugur: salurinn lá, hlátursgusurnar voru ómældar og menn svöruðu glaðir spurningum um ákveðið líffæri. Er ekki í lagi með þessa þjóð?*
*Elísabet Brekkan, DV.*

*Einstaklega fyndið!*
*Fréttablaðið.*

*„... bæði fræðandi og bráðfyndin.“*
*Svarthöfði, DV.*

*„Samband Auðuns við salinn var gott, það er kraftur og snerpa í flutningnum.“*
*Þorgeir Tryggvason, Morgunblaðið*

*Milli jóla – og nýárs!*

## SÝNINGAR

| | |
|---|---|
| Annan í jólum<br>Sýning hefst kl. 24:00 | Miðnætursýning á NASA<br>- Örfá sæti laus |
| Þriðjudaginn 27. des.<br>Sýning hefst kl. 20:30 | Kaffi Krókur Sauðárkróki |
| Fimmtudaginn 28. des.<br>Sýning hefst kl. 20:30 | NASA við Austurvöll<br>- Örfá sæti laus |
| Föstudaginn 29. des.<br>Sýning hefst kl. 20:30 | NASA við Austurvöll<br>- Örfá sæti laus |

Miðasala í verslunum SKÍFUNNAR og á midi.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**







**BAKÞANKAR**

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## Gleðileg jól

Nú skal segja. Nú skal segja. Í mínum huga hafa jólin á sér eilítinn súrrealískan blæ sem fær mig alltaf til að brosa í kampinn. Auðvitað snúast þau um kærleika, trú og svoleiðis, svo ég tali í hálfkæringi, en jólin snúast líka um það að ganga yfir sjó og land og hitta einn gamlan mann, segja svo og spyrja svo hvar hann eigi heima. Þetta er fyndið. Hvers vegna að ganga alla þessa leið til að spyrja svo einfaldrar spurningar? Og maðurinn svarar út og suður. Segist eiga heima í Klapplandi eða Stapplandi eða Grátlandi eða Hlælandi. Jafnvel á Íslandi. Er maðurinn að ganga af göflunum? Hvað amar að? Nú skal segja.

**JÓLIN** snúast um jólasveininn sem situr við gluggann í kofanum í skóginum og lítið héraskinn sem kemur þar að og segir að veiðimaður ætli að skjóta það. Héraskinn? Hverjum datt það í hug? Á meðan stendur Adam á akrinum, átti syni sjö, og hann sáir. Hann sáir. Engu líkara en Guðni Ágústsson hafi samið þennan texta með tilheyrandi raddáherslum. Kannski sáði Adam í tvöfaldri merkingu? Jólin eru frjósamur tími. Varð ekki einhver vitni að mömmu kyssa jólasvein? Gamli refurinn. Jólagjöfin mín í ár ekki metin er til fjár. Jólagjöfin er ég. Pökkuð/pakkaður inn í sellófón kannski? Erótísk jól.

**NÚ** skal segja. Uppi á stól stendur mín kanna. Níu nóttum fyrir jól kem ég til manna. Hvert er samhengið í þessu? Einhverjir vilja syngja frekar „Uppi á hól stend ég og kanna“, en rannsóknir á gömlum handritum sýna að hið fyrra er rétt. Kvæðið er bara svona skrítið og ekkert meira með það. Jólasveinarnir ganga virkilega um með gylltan staf, en ekki gildan, og hafa könnu sína uppi á stól en ekki á borði einsog tíðkast. Svona eru jólin. Súrrealísk.

**ÞANNIG** vil ég meina að vísurnar sem Íslendingar hafa sungið áratugum og jafnvel öldum saman á jólunum séu til þess fallnar að sýna okkur að jólin eru ekki bara tími hátíðleika, ljóss og friðar heldur líka tími léttleika, æðruleysis og jafnvel grallaraskapar. Eða hver er annars pælingin með því að setja tré inn í stofu til sín, ganga svo í kringum það og herma eftir gömlum körlum að taka í nefið?

**OG** hver tekur í nefið, ef út í það er farið, og snýr sér svo í hring? Enginn svo ég viti til. En svona er þetta líka með Adam. Hann sáir, en svo fer hann allt í einu að dansa eins og John Travolta. Klappar saman höndunum, stappar niður fótunum og ruggar sér í lendunum. Þetta má. Svona er andi jólanna víðsýnn. Allir fá þá eitthvað fallegt, í það minnsta kerti og spil og er þá ekki átt við jeppavarahluti, eða hvað? Ég segi bara góða ferð yfir sjó og land, lesendur góðir, og gangi ykkur vel að fá svör frá gamla manninum um það hvar hann eigi heima. Hann mun svara út í hött, sem er bara fyndið og skemmtilegt, því jólin eru jú um fram allt, og hvernig sem á það er litið, gleðileg.

